**allt**

**JÓN PÉTURSSON:**

*Alsæll með pallbílinn*

• bílar • ferðir

Í MIÐJU BLAÐSINS ▶



**SJÚKLEG ÚTLITSÁRÁTTA**

*Fegurðin hefur alltaf verið eftirsóknarverð*

ÞEIR SEM REYNA MEST UPPSKERA MINNST

LÍFSSTÍLL ▶ 34-35






# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

23. júlí 2005 - 197. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

## LAUGARDAGUR



### Upp úr flatneskjunni

Á dögunum kynnti Skipulagsráð Reykjavíkur hugmyndir um nýtt skipulag á gamla Slippsvæðinu við Mýrargötu. Hrafni Gunnlaugssyni leist ekki á þá framtíðarsýn sem þar birtist og hefur aðrar hugmyndir að skipulagi svæðisins. Hann vill þjappa þremur húsum saman í eitt svo útsýni myndist til hafs ofan úr hverfinu.

SKIPULAGSMÁL 24

### Stefnir í draumaúrslitaleik

Tvö efstu lið Landsbankadeildarinnar drógust ekki saman í undanúrslitunum VISA-bikars karla og því stefnir í draumaúrslitaleik á milli FH og Vals í september.



ÍÞRÓTTIR 36

### Næsti útvarpsstjóri?

Samstarfsmenn Páls Magnússonar hafa yfirleitt látið vel af honum. Sagt hann þægilegan en kröfuharðan yfirmann, glöggan og vel tengdan.



MAÐUR VIKUNNAR 44

## VEÐRIÐ Í DAG




**BONGÓBLÍÐA** Bjartviðri víða um land en skýjað og sumstaðar þokuloft á annesjum fyrir norðan og austan. Hiti 12-22 stig, hlýjast til landsins sunnan og vestan til.

VEÐUR 4

LANDIÐ ALLT

**Lestur á laugardögum 20–40 ára***




*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í júní 2005. Lestur á laugardögum.



**EFTIRLÝSTIR** Lögregla birti í gær þessar myndir úr eftirlitsmyndavélum af mönnunum fjórum sem grunaðir eru um tilræðin á fimmtudag.

# Lögregla í London skýtur mann til bana

**Lundúnalögreglan handtók í gær mann í tengslum við rannsókn tilræðanna á fimmtudag og skaut annan sem sýndi grunsamlega hegðun.**

**BRETLAND, AP** Lögregla í Lundúnum handtók í gærkvöld mann í Stockwell í suðurhluta borgarinnar í tengslum við rannsóknina á hinum misheppnuðu sprengjutilræðum í jarðlestum og strætisvagni á fimmtudag.

Óljóst var af fyrstu fréttum af handtökunni hvort hún tengdist atviki sem varð á Stockwell-jarðlestarstöðinni í gærmorgun, en þá eltu óeinkennisklæddir lögreglumenn mann í gegnum stöðina, sneru hann niður inni í lestarvagni og skutu til bana fyrir augunum á agndofa vegfarendum. Lögreglan staðfesti hins vegar að aðgerðirnar væru í beinum tengslum við rannsóknina á sprengjutilræðunum í almenningssamgöngukerfi borgarinnar.

Vitni sögðu manninn, sem hljóp upp í lest á Stockwell-stöðinni í suðurhluta Lundúna rétt eftir klukkan níu í gærmorgun að staðartíma, hafa litið út fyrir að vera af suðurasískum uppruna. Eitt vitnið sagðist hafa séð víra standa út úr mittisbeltinu sem maðurinn bar. Lögreglumennirnir sem króuðu hann af skutu hann tvisvar í höfuðið og þrisvar í brjóstið, að sögn vitna.

Sir Ian Blair, lögreglustjóri Lundúna, sagði aðgerðina „í beinum tengslum við hryðjuverkavarnaaðgerðina sem stendur yfir og fer vaxandi“. Hann sagðist verða að taka skýrt fram að öll dauðsföll bæri að harma, en maðurinn hefði neitað að hlýða fyrirmælum lögreglu.

Blair lét fjölmiðlum enn fremur í té myndir úr eftirlitsmyndavélum af fjórum mönnum sem taldir eru hafa staðið að hinum misheppnuðu sprengjutilræðum sem framin voru í þremur jarðlestum og einum strætisvagni í fyrradag.

Talsmenn lögregluyfirvalda greindu annars frá því í gær að sprengjurnar sem notaðar voru í tilræðum fimmtudagsins hefðu verið gerðar úr heimatilbúnu sprengiefni, en þær hefðu aðeins sprungið að hluta. Blair lögreglustjóri sagði tilræðunum „svipa til“ tilræðanna 7. júlí, sem kostuðu 52 menn lífið auk sjálfsmorðssprengjumannanna fjögurra.

audunn@frettabladid.is

Starfslokasamningur Sameinaða lífeyrissjóðsins:

# Fjármálaeftirlitið gerir athugasemdir

**SAMEINAÐI LÍFEYRISSJÓÐURINN** Fjármálaeftirlitið gerir alvarlega athugasemd við að stjórn Sameinaða Lífeyrissjóðsins hafi ekki verið kunnugt um starfslokakjör Jóhannesar Siggeirssonar fyrrum framkvæmdastjóra og fellst ekki á þá skoðun stjórnarinnar að formaður og varaformaður hafi haft umboð til að gera viðauka við samninginn. Segir fjármálaeftirlitið það vera skýrt í lögum um starfsemi lífeyrissjóða að það sé stjórn sjóðsins sem ákveði kjör framkvæmdastjóra. Ekki verður þó gripið til aðgerða þar sem fyrningarfrestur er liðinn.



**JÓHANNES SIGGEIRSSON** Fékk ríflegan starfslokasamning án þess að stjórn lífeyrissjóðsins hefði verið með í ráðum.

„Við erum búin að gera það sem við þurfum að gera,“ segir Þorgeir Jósefsson stjórnarformaður Sameinaða Lífeyrissjóðsins. Hann segir að starfslokasamningurinn við Jóhannes verði efndur, en samkvæmt honum fær hann full laun í þrjátíu mánuði eftir starfslok, en hann hætti störfum í febrúar á þessu ári. „Við höfum samþykkt nýjar og skýrar verklagsreglur um allt sem lýtur að ráðningu framkvæmdastjóra sem koma í veg fyrir að mál af þessu tagi endurtaki sig.“

- grs

Lífslíkur karla og kvenna:

# Íslenskir karlar lifa lengst

**JAPAN, AP** Íslenskir karlmenn lifa lengst karlmanna í heiminum, en lífslíkur þeirra eru 78,8 ár. Japanskir karlmenn eru í öðru sæti með 78,64 ár.

Japanskar konur hafa slegið nýtt heimsmet í lífslíkum fólks því þær geta átt von á því að lifa í 85,59 ár. Japanskar konur hafa átt metið í tuttugu ár. Lengi vel voru lífslíkur íslenskra kvenna hæstar á veraldarvísu en eru nú í sjötta sæti. Talið er að mikil neysla fisks og fitusnautt mataræði séu lykillinn að langlífi. ■

Hert gæsla í Danmörk:

# Handtekinn vegna brandara

**DANMÖRK, AP** Danskur maður gæti átt fangelsisdóm yfir höfði sér eftir að hafa sagt í gríni við starfsmann á Kastrup-flugvelli í Kaupmannahöfn að hann væri með sprengju í fórum sínum. Hluti af flugstöðinni var rýmd í stuttan tíma þegar maðurinn, sem var að fara í gegnum öryggiseftirlit, sagði að það væri sprengja í handfarangri hans.

„Þetta er slæmur tími til að grínast svona þegar viðbúnaðurinn [vegna árásanna í London] er svona mikill,“ sagði Carsten Holder yfirlögreglustjóri. Maðurinn gæti hlotið kæru fyrir hótanir og sætt fangelsi í allt að tvö ár. ■

Slys á vegleysu:

# Féll í hver

**SLYS** Erlendur ferðamaður slasaðist illa á fótum þegar hann féll í hver um klukkan þrjú í gær í Reykjadal sem er fyrir ofan Hveragerði.

Slysstaðurinn er á vegleysu og því tók það björgunarsveitamenn Árborgar tæpa klukkustund að komast á vettvang. Ekki var annað að gera en að kalla til þyrlu varnarliðsins því þyrla Landhelgisgæslunnar var í annarri björgunaraðgerð þegar þetta slys varð. Að sögn Jóns Gunnarssonar framkvæmdastjóra Landsbjargar tókst björgunin afar vel.

-jse





## SPURNING DAGSINS

*Björn, þola bæjarbúar illa við á þurru landi?*

Það leikur allt í höndum þeirra og líka fótum.

Óvenju margir íbúar Djúpavogs hafa sótt köfunarnámskeið að undanförnu. Björn Hafþór Guðmundsson er sveitarstjóri á Djúpavogi.

Smáhveli strandaði í tvígang á Siglufirði en losnaði af sjálfsdáðum:

# Virtist vankað og synti í hringi

**SMÁHVELI** Um tveggja metra langur blettahnýðir, smáhveli af höfrungaætt, strandaði í tvígang á Siglufirði síðastliðinn miðvikudag. Í bæði skiptin losnaði hann af sjálfsdáðum en virtist vankaður eftir síðara strandið; synti í hringi og hvarf loks sjónum Siglfirðinga.

Símon Helgason sá fyrstur manna höfrunginn en þá var hann í fjöruborðinu við steypustöðina og vélaleiguna Bás. „Ég náði mér í langa spýtu og ætlaði að hjálpa honum að komast úr fjörunni en áður en til þess kom náði hann að synda út aftur. Höfrungurinn var svo nærri landi að ég hefði getað klappað honum ef ég hefði verið á stígvélum,“ segir Símon.

Eftir að höfrungurinn losnaði úr fjöruborðinu synti hann austur yfir fjörðinn og strandaði á ný á grynningum. Þar bægslaðist hann um hríð svo sjórinn í kring varð moldarlitaður á stóru svæði. Þegar hann losnaði virtist hann ekki ná áttum strax og synti í hringi áður en hann hvarf. **- kk**



FRÉTTABLAÐIÐ/SK

**FASTUR Í FJÖRUBORÐINU** Blettahnýðir kemur að Íslandsströndum á vorin en syndir suður á bóginn þegar hausta tekur.

Smyglaði fólki:

## Fjögurra mánaða fangelsi

**DÓMSMÁL** Bandarískur karlmaður var í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær dæmdur í fjögurra mánaða óskilorðsbundið fangelsi fyrir að flytja fólk ólöglega til Íslands.

Maðurinn var handtekinn í Leifsstöð í byrjun mánaðarins ásamt kínversku pari sem hafði verið búsett í Þýskalandi síðustu ár, en dómurinn tekur einnig til Kínverja sem hann flutti gegnum Ísland í maí. Maðurinn var samvinnufús við lögreglu og var það metið til refsilækkunar.

Kínverska parið fékk 45 daga fangelsi fyrir að framvísa röngum vegabréfum. **- grs**

Alda innbrota:

## Sextán ára handtekinn

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan í Reykjavík handtók í gær sextán ára pilt sem áður hefur komið við sögu lögreglu. Hann er fjórði maðurinn sem er handtekinn vegna rannsóknar lögreglu á innbrotum í Reykjavík undanfarna daga.

Pilturinn var strax eftir handtökuna úrskurðaður í gæsluvarðhald og verður í síbrotagæslu fram til 2. september. Unglingar virðast mikið hafa komið við sögu í innbrotunum og hefur lögregla átt í samstarfi við barnaverndaryfirvöld við rannsókn þeirra. **-grs**

## BLAÐAMANNAFÉLAGIÐ

**NÝR FORMAÐUR** Arna Schram, blaðamaður á Morgunblaðinu, tók við formennsku í Blaðamannafélagi Íslands á stjórnarfundi í gær. Róbert Marshall sagði af sér formennsku í félaginu vegna nýs starfs sem hann hefur tekið við hjá 365 miðlum. Arna Schram hefur verið varaformaður félagsins síðastliðin rúm tvö ár.

# Burðarás hagnaðist um tæpan milljarð á viku

**Hagnaður Burðaráss var 24,5 milljarðar á fyrstu sex mánuðum ársins en félagið hagnaðist um tæpa 20 milljarða á öðrum ársfjórðungi. Aldrei fyrr hefur félag í Kauphöllinni hagnast um jafn mikið á þremur mánuðum.**

**VIÐSKIPTI** Hagnaður Burðaráss fyrstu sex mánuði ársins nam 24,5 milljörðum króna og þar af var hagnaður félagsins á öðrum ársfjórðungi tæpir 20 milljarðar króna. Aldrei áður hefur fyrirtæki skilað svo miklum hagnaði á einum ársfjórðungi.



**FRIÐRIK JÓHANNSSON** forstjóri Burðaráss.

Helmingur hagnaðarins er tilkominn vegna sölu Eimskips en hagnaður af annari fjárfestingastarfsemi nemur rúmum 12 milljörðum króna. Innlendur hlutabréfamarkaður hefur hækkað á árinu en einnig hafa erlendar fjárfestingar skilað félaginu góðum hagnaði.

Þrátt fyrir að hagnaður Burðaráss hafi verið yfir væntingum lækkaði gengi félagins um rúmt eitt prósent í gær. Talið er að lækkunin stafi af því að margir séu að innleysa hagnað sinn af bréfum í félaginu.

Heildareignir Burðaráss eru 117 milljarðar króna. Verðmætustu eignir félagsins eru í fjármálafyrirtækjum og verðmætasta eign félagsins í Íslandsbanka fyrir 15 milljarða. Þar á eftir kemur hlutur í Skandia fyrir um 13 milljarða og hlutur í Carnegie upp á 10,5 milljarða.

Burðarás á skráðar eignir fyrir 85 milljarða króna og óskráðar eignir fyrir rúma 19 milljarða króna. Stærsta óskráða eignin er hlutur í Avion Group sem félagið fékk að hluta til í skiptum fyrir Eimskip.

Á tímabilinu fjárfesti Burðarás í Novator, sem er fjárfestingarfélag í eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar, fyrir um fjóra milljarða króna. Novator leggur höfuðáherslu á fjárfestingar í fjarskiptafyrirtækjum.

Friðrik Jóhannsson, forstjóri Burðaráss, sagði Novator góðan kost fyrir Burðarás og að til greina kæmi að fjárfesta með félaginu í einstökum verkefnum.

Eigið fé Burðaráss er um 65 milljarðar króna og eiginfjárhlutfallið 56 prósent. Svo hátt eiginfjárhlutfall leiðir til þess að félagið hefur mikið bolmagn til að ráðast í fjárfestingar á næstunni. Eins og áður hefur komið fram hyggst Burðarás taka þátt í útboði á Símanum nú í næstu viku.

**dogg@frettabladid.is**



**BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON STJÓRNARFORMAÐUR BURÐARÁSS** Burðarás á skráðar eignir fyrir 85 milljarða króna og óskráðar eignir fyrir 19 milljarða.

**AFKOMA BURÐARÁSS Á ÖÐRUM ÁRSFJÓRÐUNGI**
– í milljónum króna

| | |
|---|---|
| Hagnaður | 19.881 |
| Spá Íslandsbanka | 18.433 |
| Spá KB banka | 18.778 |
| Spá Landsbankans | 18.555 |



**ÓVÆNT TIL BEIRÚT** Rice heilsar nýjum forsætisráðherra Líbanons, Fuad Saniora, í Beirút í gær.

Rice í Líbanon:

## Styður nýja ríkisstjórn

**LÍBANON, AP** Utanríkisráðherra Bandaríkjanna, Condoleeza Rice, fór í óvænta heimsókn til Líbanons í gær. Hún lýsti yfir stuðningi við nýja ríkistjórn landsins sem er sú fyrsta eftir að Sýrlendingar drógu setulið sitt frá landinu í vor.

„Þetta er gott tækifæri til að óska líbönsku þjóðinni til hamingju með ótrúlega lýðræðisþrá,“ sagði Rice. Í nýju stjórninni á sæti fulltrúi úr Hezbollah-samtökunum sem Bandaríkjastjórn flokkar sem hryðuverkasamtök. Rice hvatti til afvopnunar Hezbollah. Hún gagnrýndi einnig Sýrlendinga fyrir að loka landamærunum að Líbanon, en undanfarnar vikur hefur eftirlit við landamærin verið hert mjög. ■

Próflaus á ofsahraða:

## Hafði aldrei tekið bílpróf

**LÖGREGLUMÁL** Tvítugur ökuréttindalaus piltur, ók bifreið á 176 kílómetra hraða á Reykjanesbraut við Smáralind í nótt. Lögreglan í Reykjavík var látin vita og mældi hraða bifreiðarinnar skömmu síðar á Sæbraut.

Eftirför var þó ekki hafin þegar ökumaðurinn missti stjórn á bifreiðinni og ók utan í kyrrstæðan bíl við Héðinsgötu. Pilturinn meiddist ekki við áreksturinn en í ljós kom að hann var ofurölvi og ekki viðræðuhæfur. Má hann búast við hárri sekt fyrir athæfið. **- grs**


mazda




FRUMSÝNING Á ÍSLANDI
Nýr fjölnota 7 manna fjölskyldubíll

Eigum til afhendingar strax nokkra bíla á afar hagstæðu verði!
Ríkulega útbúnir MAZDA MPV árg. 2005

Komdu sjáðu og prófaðu...

Malarhöfða 2 - 110 Reykjavík - Sími: 565 2500

X4 ehf.

2ja ára verksmiðjuábyrgð - Þjónustuaðili: Ræsir hf.

www.x4.is


Orkuveita Reykjavíkur kaupir Orkuveitu Stykkishólms:

# Verð á heitu vatni lækkar um 35 prósent

**ORKUMÁL** Orkuveita Reykjavíkur hefur samið við Stykkishólmsbæ um kaup á vatns- og hitaveitu bæjarins og hefur samningurinn í för með sér 35 prósenta verðlækkun á heitu vatni í bænum. Samningurinn var undirritaður í gær en Orkuveita Stykkishólms er metin á 615 milljónir króna.

„Við fáum lægra orkuverð, verð á vatni til húshitunar lækkar úr 101,5 krónum á rúmmetrann í 65 krónur,“ segir Óli Jón Gunnarsson, bæjarstjóri í Stykkishólmi. „Síðan stóðum við frammi fyrir miklum framkvæmdum til að auka orkuöflun og við töldum hagstæðara að vera í samvinnu við aðila sem eru vanir því.“.

Að meðtöldum skuldum Orkuveitu Stykkishólms og lækkun á gjaldskrá fær sveitarfélagið 50 milljóna króna greiðslu við söluna. Orkuveitan tekur við rekstri hitaveitunnar 1. september 2005 en vatnsveitu bæjarins 1. janúar 2006. **- rsg**



**STYKKISHÓLMUR** Verðlækkunin á heita vatninu er metin um 200 milljóna króna virði fyrir íbúa Stykkishólms.


AFMÆLISHÁTÍÐ
Fjölsylduskemmtun í Laugum
Laugardaginn 23. júlí frá kl. 14:00 - 17:00
Opið hús í Laugum. Fjölsylduskemmtun í Lauga garðinum með
fjölbreyttum leiktækjum m.a. Ferrari rafmagnsbíla í boði Og Vodafone
Boðið er upp á pylsur frá SS, íspinna frá Emmess,
drykki frá Egils og Nói Síríus gefur sælgæti
Frítt í sund
Birta & Bárður koma fram Jónsi tekur lagið
Danssýning frá dansstúdíói World Class
Opinn danstími hjá Dansstúdíói World Class fyrir
alla 14:30 – 15:30
Taktu þátt í spennandi getraunaleik og þú
getur unnið árskort í heilsurækt
POPP
GOS
Skautahöllin
23:00 - 03:00
Risaball
með Sálinni
í boði Worldclass.
18 ára aldurstakmark.
World Class ICELAND
20 ára
Allir eru að hlusta!
LAUGAR
NÓI SÍRÍUS
Kristall
og vodafone

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 22.07.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 64,24 | 64,54 |
| Sterlingspund | GBP | 112,52 | 113,06 |
| Evra | EUR | 78,06 | 78,5 |
| Dönsk króna | DKK | 10,46 | 10,522 |
| Norsk króna | NOK | 9,795 | 9,853 |
| Sænsk króna | SEK | 8,252 | 8,3 |
| Japanskt jen | JPY | 0,5789 | 0,5823 |
| SDR | XDR | 93,51 | 94,07 |

*Gengisvísitala krónunnar*
**109,1079**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ódrukkinn en óvenju æstur maður:

# Hætta þegar maður ók inn Vallarstræti

**LÖGREGLAN** Karlmaður á fimmtugsaldri ók heldur óvenjulega leið um miðbæ Reykjavíkur á fimmtudagskvöldið, en þá fór hann frá Ingólfstorgi inn á Austurvöll eftir göngugötunni. Veitingastaðirnir Thorvaldsen bar og Cafe París voru enn að afgreiða fólk utandyra og skapaðist hætta því fólk sat við flest borðin. Bíllinn staðnæmdist að lokum fyrir utan Cafe París þar sem lögregla hafði afskipti af manninum.

Engar skemmdir urðu á veitingahúsunum, en maðurinn mun þó hafa ekið utan í staura á leið sinni og einnig urðu einhverjar skemmdir á bílnum.

Eitthvað virðast nærstaddir hafa verið ósáttir við háttarlag mannsins og einn þeirra gerði sér ferð upp á húdd bílsins og sparkaði í framrúðu hans þannig að hún brotnaði.

Lögreglan segir að maðurinn hafi ekki verið undir áhrifum áfengis, en að hann hafi verið æstur í skapi. **- grs**



FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL

**BÍLLINN VIÐ CAFE PARIS** Eins og sjá má var leiðin þröng og mikið af fólki á svæðinu.

Borgaryfirvöld:

## Fundur með gæslukonum

**KJARAMÁL** Starfsmenn gæsluvalla héldu fund með borgaryfirvöldum á miðvikudag og voru málefni þeirra til umræðu á fundi borgarráðs í fyrradag. Tuttugu af tuttugu og tveimur starfsmönnum gæsluvalla mættu til fundarins. Þar var farið yfir réttarstöðu starfsmanna og rætt um þau störf sem starfsmönnunum stendur til boða. Ákveðið var að halda annan fund með starfsmönnum gæsluvalla 15. ágúst næstkomandi. Starfsmönnum gæsluvalla hefur verið sagt upp störfum frá 1. september næstkomandi. **-hb**



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

**ÞÓRÐUR SVERRISSON, FORSTJÓRI NÝHERJA** Þjónustutekjur félagsins aukast um rúmlega 50 prósent.

Nýherji:

## Hagnaður eykst

**VIÐSKIPTI** Hagnaður Nýherja á öðrum ársfjórðungi var 21 milljón króna samanborið við 12 milljóna króna hagnað á sama tíma í fyrra. Tekjur félagsins jukust um 271 milljón króna á öðrum ársfjórðungi eða um 25 prósent frá fyrra ári. Tekjur félagsins á fyrstu sex mánuðum ársins jukust um 20 prósent milli ára.

Mesta breytingin í rekstri félagsins er að þjónustutekjur eru að aukast um 54 prósent á milli fjórðunga.

Í tilkynningu frá félaginu segir að ágætar horfur séu um afkomu félagsins og áframhaldandi vöxt. **-dh**



FRÉTTABLAÐIÐ/KK

**SLASAÐUR FJALLGÖNGUMAÐUR** Maðurinn var fluttur með þyrlu til Akureyrar en þaðan með sjúkraflugi til Reykjavíkur síðdegis í gær. Læknir á slysstað segir hann illa lemstraðan en ekki fengust frekari fregnir af líðan hans hjá Landspítalanum.

# Maður hrapaði niður 150 metra í skriðum

**Um fjörutíu björgunarsveitarmenn tóku þátt í björguninni. Þyrla Landhelgisgæslunnar flutti manninn illa lemstraðan til Akureyrar en þaðan var hann fluttur með sjúkraflugi til Reykjavíkur. Ekki fengust frekari fregnir um líðan hans.**

**SLYS** Fertugur maður slasaðist þegar hann féll um það bil 150 metra niður skriðu um miðjan dag í gær við Hvalvatnsfjörð sem er á nesinu milli Skjálfanda og Eyjafjarðar.

Maðurinn var á göngu í Bjarnarfjalli ásamt fleira fólki þegar slysið varð og tillkynnti ferðafélagi Neyðarlínunni um slysið. Björgunarsveitarmenn frá Húsavík ásamt lækni komu með björgunarbáti fyrst að manninum um klukkan hálf fjögur þar sem hann lá í flæðarmálinu og veittu þeir honum aðhlynningu. Flytja varð manninn til svæðis þar sem þyrla gæti nálgast og að því loknu var hann hífður upp í þyrlu Landhelgisgæslunnar sem kom á slysstað klukkan rúmlega fjögur og flutti manninn til Akureyrarflugvallar. Þaðan var síðan maðurinn fluttur með sjúkraflugi til Reykjavíkur.

Ekki fengust frekari fregnir af líðan mannsins á Landspítala-háskólasjúkrahúsi en að sögn manna frá Landsbjörgu var maðurinn talsvert lemstraður þegar komið var að honum.

Um fjörutíu björgunarsveitarmenn frá Húsavík, Grenivík og Akureyri tóku þátt í björguninni. **-jse**



**BIRGITTA HAUKDAL** Birgitta fékk fyrsta persónugerða debetkortið en það var afhent í gær.

Nýjung á Íslandi:

## Persónugerð debetkort

**ÞJÓNUSTA** Persónugerð debetkort munu standa viðskiptavinum Landsbankans og Íslandsbanka til boða á næstunni. Hægt verður að setja mynd úr eigin safni eða úr myndabanka framan á debetkortin.

Fyrsta persónugerða debetkortið var afhent Birgittu Haukdal söngkonu í útibúi Íslandsbanka í gær en fyrst í stað geta einungis félagar í XY-klúbbi bankans, sem ætlaður er unglingum á aldrinum 12 til 15 ára, nýtt sér nýjungina. Þjónustan hjá Landsbankanum verður í boði fyrir alla viðskiptavini bankans án endurgjalds en hún hefur ekki verið tekin í gagnið. **- rsg**

## NOREGUR

**KYNFRÆÐSLA Í LEIKSKÓLANA** Forsvarsmenn heilsugæslustöðvar í Osló sem hefur forvarnarstarf í kynferðismálum á sinni könnu hefur lagt til að kynfræðsla hefjist strax í leikskólum, þegar börnin eru fimm ára gömul. Siv Gamnes, formælandi stöðvarinnar, segir mikilvægt að upplýsa börnin strax um þessi mál svo þau vaxi ekki úr grasi með ranghugmyndir í kollinum.




## VEÐRIÐ

**UPP MEÐ SÓLARVÖRNINA**
Það er ekki hægt að segja annað en að sólin leiki við hvern sinn fingur þessa dagana, okkur sólarþyrstum til yndis og ánægju. Búast má við að tjaldsvæðin víða um land verði verulega þétt setin um helgina enda er víða að finna afbragðsgóð tjaldsvæði með frábærri aðstöðu og þjónustu fyrir tjaldbúa. Í uppsveitum sunnan- og vestanlands gæti hitinn stigið upp fyrir 20 gráðurnar, sem er auðvitað algert æði eins og margir segja. Minni á sólarvörnina!!




**Á morgun**




Hægviðri eða hafgola.

**Mánudagur**




Hæg breytileg átt eða hafgola.



Kveðja, Sigurður Ragnarsson, veðurfræðingur

### Veðurhorfur í borgum í dag

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 18°C skúrir | París | 21°C hálfskýjað | Alicante | 31°C heiðskírt |
| Ósló | 18°C skúrir | Berlín | 28°C hálfskýjað | Milano | 28°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 18°C skúrir | Frankfurt | 19°C hálfskýjað | New York | 29°C hálfskýjað |
| Helsinki | 18°C hálfskýjað | Madrid | 39°C heiðskírt | San Francisco | 22°C heiðskírt |
| London | 21°C heiðskírt | Barcelona | 29°C heiðskírt | Orlando/Florida | 32°C heiðskírt |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# Vaxtalaus verðsprengja

## í Hagkaupum Smáralind og á markaði Hagkaupa Óseyri 1 Akureyri

## *Hágæða örþunn sjónvarpstæki*

### United 42" Plasma Breiðtjaldssjónvarp

- 42" HD plasma skjár
- Upplausn 852x480 (VGA, SVGA, XGA) með skerpu 3000:1
- Birta: 640 cd/m2
- Progressive scan
- 2x10w nicam stereó hljóðkerfi með 2 hátölurum
- Sjónsvið: 160°
- 2 scart tengi, DVI og PC tölvutengi
- Mynd í mynd (2 tunerar)
- Textavarp
- Fjarstýring
- Stærð (bxhxd): 124,5x64,5x8,5 (með hát.)
- Stærð (bxhxd): 104,5x64,5x8,5 (án hát.)




**Vaxtalaus verðsprengja!**
aðeins **8.999**kr*
á mán. í 20 mánuði
**Verð nú 179.980,-**
**Verð áður 249.990,-**

### United 30" LCD Breiðtjaldssjónvarp

- 30" 16:9 LCD skjár
- Upplausn 1280x768 (VGA, SVGA, XGA)
- 600:1 skerpa og comb filter
- Sjónsvið: 170°
- 10w nicam stereó hljóðkerfi með 2 hátölurum
- 6 breiðtjaldsstillingar: 4:3, zoom 14:9, zoom 16:9, zoom texti, super zoom og widescreen
- 2 scart, SVHS og heyrnartólstengi
- 124 síðna textavarp
- Fjarstýring
- Borðstandur fylgir
- Mál í cm (bxhxd): 87,5x50x10,5




**Vaxtalaus verðsprengja!**
aðeins **6.499**kr*
á mán. í 20 mánuði
**Verð nú 129.980,-**
**Verð áður 199.990,-**

### United 20" LCD Sjónvarp með móttakara

- 20" 4:3 LCD skjár
- Upplausn: 800x600 punktar
- Skerpa: 500:1
- Sjónsvið: 160°
- 12 og 220V
- Textavarp og stereó hljóðkerfi
- Inngangar: 2 scart með RGB, AV og SVHS
- Útgangar: 2 scart, og heyrnartóls-tengi
- PC-Inngangur
- Fjölkerfa móttaka
- Fjarstýring
- Borðstandur fylgir
- Mál í cm (bxhxd): 61,6x39,5x7,5




**Vaxtalaus verðsprengja!**
aðeins **4.999**kr*
á mán. í 12 mánuði
**Verð nú 59.988,-**
**Verð áður 89.990,-**




**Vaxtalaus verðsprengja!**
aðeins **9.999**kr*
á mán. í 20 mánuði
**Verð 199.980,-**




**Vaxtalaus verðsprengja!**
aðeins **8.332**kr*
á mán. í 12 mánuði
**Verð nú 99.984,-**
**Verð áður 139.990,-**

### Philips 32" LCD Breiðtjaldssjónvarp

• 32" HD LCD skjár • Upplausn 1366x768 (VGA, SVGA, XGA, WXGA) • Digital crystal clear og contrast plus • Ljósskynjari og active control til að minnka glampa • Skerpa: 500:1 og svartími: 18ms • Sjónsvið (H/V): 176/176° og birtustig: 450 cd/m2 • 2 x 30w nicam stereó hljóðkerfi með virtual dolby surround • 2 scart tengi (með RGB) og PC tengi (VGA) • Stereo inn og út • Heyrnartóls, SVHS og AV tengi • Textavarp • Smart picture og smart sound • Fjarstýring • Borðstandur fylgir • Mál (bxhxd): 92,4x55x22,2 cm (með standi) og þyngd: 18,2kg

### United 27" LCD Breiðtjaldssjónvarp

• 27" LCD skjár • Upplausn 1280x768 (VGA, SVGA, XGA, WXGA) með progressive scan • Skerpa:600:1 • Birta: 500 cd/m2 • Sjónsvið: 170° • 2x7w SRS surround hljóðkerfi með 2 hátölurum • 2 scart tengi, component (YPbPr) og DVI tengi • Tölvutengi • AV og heyrnartólstengi að framan • Mynd í mynd (2 tunerar) • Textavarp • Fjarstýring • Mál (bxhxd): 81x44,5x11

Gildir á meðan birgðir endast.

*Stimpil- , seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*



## KJÖRKASSINN

*Ertu sátt(ur) við veðrið í sumar?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 52% |
| Nei | 48% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefurðu farið á tónleika í sumar?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

Færri holugeitungar en í venjulegu árferði:

# Trjágeitungur heldur sínu striki

**SKORDÝR** „Við höfum ekki ennþá orðið mikið vör við samdrátt í útköllum vegna geitungabúa," segir Ólafur Sigurðsson geitungabani. Ólafur segir álíka mikið af trjágeitungum og síðasta sumar. Hins vegar sé ljóst að stofn holugeitunga sé mun minni en síðustu ár.

„Útköll vegna holugeitunga koma fyrst og fremst með haustinu," segir Ólafur. „Hins vegar er meira að gera við að fjarlægja holugeitungabú fyrri part sumars, þannig að við finnum ekki ennþá fyrir því að minna sé að gera."

Holugeitungar byggja sér bú í jörðu og fóru illa síðasta sumar. Ólafur hefur þó fjarlægt nokkur holugeitungabú á háaloftum og inni í húsum sem virðast hafa sloppið meðan óhagstæðar aðstæður gröndurðu búum í jörðinni. „Það er samt greinilegt að minna er um holugeitunga en í venjulegu árferði," segir Ólafur. - ht



**TRJÁGEITUNGABÚ** Geitungabanar hafa í nógu að snúast við að granda trjágeitungabúum. Holugeitungar eiga hins vegar erfitt uppdráttar en fólk verður yfirleitt ekki vart við bú þeirra fyrr en síðla sumars.

Flórída í Bandaríkjunum:

## Sextug hjón grafin lifandi

**JACKSONVILLE, AP** Eldri hjón sem fundust látin í grunnri gröf á laugardaginn virðast hafa verið grafin lifandi. Lögregla í Flórída staðfesti þetta í gær.

„Dánarorsök Carol og James Sumner var köfnun. Það þýðir með öðrum orðum að þau voru grafin lifandi," sagði Ken Jefferson, talsmaður lögreglunnar í Jacksonville.

Tekið var að óttast um hjónin 10. júlí. Fyrir nokkrum dögum var svo nágranni þeirra handtekinn, 23 ára gömul stúlka, og tveir vinir hennar. Þau voru með greiðslukort Sumner-hjónanna í sínum fórum. ■

Háskólinn á Bifröst:

## Jón Ólafsson ráðinn prófessor

**HÁSKÓLAR** Dr. Jón Ólafsson heimspekingur hefur verið ráðinn prófessor í heimspeki við nýja félagsvísinda- og hagfræðideild Viðskiptaháskólans á Bifröst. Jón hefur áður kennt við Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík og Listaháskóla Íslands auk þess að sinna stundakennslu á Bifröst.

Jón leiðir heimspekilegan hluta náms í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði sem hefst í haust og hefur umsjón með námskeiðum meðal annars í stjórnmálaheimspeki. - ht



**PÓLSKU VERKAMENNIRNIR ÁSAMT FRAMKVÆMDASTJÓRA** Pólsku verkamennirnir eru sagðir una hag sínum vel hjá fyrirtækinu og heilbrigðisyfirvöld höfðu ekkert út á húsakost þeirra að setja. Það kemur svo í ljós hvort sýslumaður hefur eitthvað út á samninga þeirra við Sputnikbáta að setja.

# Segir aðför verkalýðsfélagsins hlægilega

**Einn eigenda Spútnikbáta sem sætir kæru vegna pólskra verkamanna sem starfa hjá fyrirtækinu segir aðför verkalýðsfélagsins vera hlægilega. Heilbrigðisyfirvöld hafa viðurkennt athugasemdarlaust húsakynni pólsku verkamannanna fimm.**

**VERKALÝÐSMÁL** Heilbrigðiseftirlitið á Akranesi kannaði í gær húsakynni fimm pólskra verkamanna sem starfa hjá fyrirtækinu Sputnikbátum og samþykkti það án athugasemda að sögn Gunnars Leifs Stefánssonar framkvæmdastjóra fyrirtækisins. „Enda er þetta fyrirtaks húsakostur," segir hann.

Vilhjálmur Birgisson, formaður verkalýðsfélagsins, sagði í morgunþætti Talstöðvarinnar í fyrradag að hann hefði ekki séð húsakynnin nema að utan og hafi þá ekki litist á.

Verkalýðsfélagið á staðnum hefur kært Sputnikbáta til sýslumanns fyrir að standa ólöglega að málum gangvart Pólverjunum fimm og hefjast yfirheyrslur hjá sýslumanni á mánudaginn og verða Pólverjarnir kallaðir til en einungis sem vitni.

Ingólfur Árnason, einn af eigendum fyrirtækisins, segir að aðför Verkalýðsfélagsins að fyrirtækinu sé í raun hlægileg.

„Við hefðum aldrei getað fundið þessa góðu verkamenn nema í gegnum starfsmannaleigu af þessu tagi," segir Ingólfur. Hann segir að fyrirtækið muni ráða mennina enda hafi þeir sýnt fram á ágæti sitt og að þeir uni hag sínum vel og því sé framganga Verkalýðsfélagsins ekki þessum verkamönnum í hag.

Vilhjálmur segir að fyrirtækið hafi ekki látið á það reyna hvort hægt væri að finna slíka verkamenn hér á landi, allavega hefðu þeir ekki leitað til Verkalýðsfélagsins í þeim tilgangi.

Gunnar Leifur segir það ekki rétt sem Vilhjálmur hafi haldið fram að fyrirtækið greiði 2,1 milljón króna fyrir verkamennina fimm heldur sé rétt upphæð 3,5 milljónir.

Í gær var sjósettur fimmtán tonna fiskibátur sem fyrirtækið hefur framleitt og fögnuðu starfsmenn og yfirmenn við það tækifæri. Báturinn er útbúinn til línuveiða og hefur verið seldur til fyrirtækisins Eyrarberg í Grindavík.

jse@frettabladid.is

Ríkið semur við símafyrirtæki:

## Sparar 150 til 200 milljónir

**VIÐSKIPTI** Ríkiskaup hafa gert samning við Og Vodafone og Símann um almenna talsíma- og internetþjónustu sem getur tryggt ríkisstofnunum allt að 15 til 30 prósenta verðlækkun á þessari þjónustu. Sparnaður á að geta numið um 150 til 200 milljónum króna á ári að mati Ríkiskaupa.

Samningurinn felur í sér að um 230 fyrirtækjum og stofnunum hins opinbera eru tryggð ákveðin kjör á fjarskiptaþjónustu næstu tvö árin frá 1. september næstkomandi að telja. -hb



**SILFUR HAFSINS** Jón Gunnar Sigurjónsson, verkstjóri hjá Síldarvinnslunni í Neskaupstað með norsk-íslenska síld sem veidd var innan íslensku lögsögunnar í júní síðastliðnum.

Norsk-íslenska síldin:

## Metveiði í júní

**SÍLDVEIÐAR** Alls veiddu íslensk skip ríflega 36 þúsund tonn af norsk-íslenskri síld í júní síðastliðnum en þar af veiddust tæplega 25 þúsund tonn, um 70 prósent, innan íslensku efnahagslögsögunnar. Er það mesta magn sem Íslendingar hafa veitt af norsk-íslenskri síld innan lögsögunnar í júnímánuði frá því 1998 en þá veiddu íslensk skip rúm 25 þúsund tonn.

Í farvatninu eru viðræður um skiptingu veiðiheimilda á stofninum á milli Íslendinga, Norðmanna, Færeyinga, Rússa og Evrópusambandsins en ekki hefur verið boðað til samningafundar. - kk

Suðausturland:

## Þúsund fuglar merktir

**FUGLALÍF** Starfsmenn Fuglaathugunarstöðvar Suðausturlands á Hornafirði hafa merkt eitt þúsund fugla frá því stöðin hóf starfsemi 14. mars síðastliðinn. Langmest hefur verið merkt af skógarþröstum eða á áttunda hundrað en einnig hafa verið merktir nokkrir tugir kría og hrossagauka.

Hlutverk Fuglaathugunarstöðvar Suðausturlands er að annast almennar rannsóknir á fuglalífi á Suðausturlandi með aðal áherslu á merkingar og vöktun ákveðinna svæða. - kk



**ÞÚSUNDASTI FUGLINN** Tveir starfsmenn eru í hlutastarfi hjá Fuglaathugunarstöð Suðausturlands en stöðin er rekin með fjárstyrkjum frá umhverfisráðuneytinu og Sveitarfélaginu Hornafirði.





Eigum til afhendingar strax nokkra bíla á afar hagstæðu verði!
Ríkulega útbúnir fjórhjóladrifnir MAZDA TRIBUTE árg. 2005 verð frá **kr. 2.550.000.-**
2ja ára verksmiðjuábyrgð

X4 ehf.

Malarhöfða 2 - 110 Reykjavík - Sími: 565 2500 - Netfang: x4@x4.is - **www.x4.is**


Ökumaður mældur á 228 km hraða á Reykjanesbrautinni:

# Bifhjólamaður stakk lögregluna af

**LÖGREGLUMAÐUR** Ökumaður mótorhjóls var mældur á 228 kílómetra hraða á Reykjanesbrautinni stuttu fyrir miðnætti í fyrradag og tókst lögreglunni ekki að hafa hendur í hári mannsins. Fátítt er að ökutæki mælist á svo miklum hraða og er málið litið alvarlegum augum.

„Flest okkar eru ekki hrifin af þessu," segir Eva Dögg Þórsdóttir, fjölmiðlafulltrúi Sniglanna um hraðaksturinn. „Það eru um þrjú þúsund bifhjólamenn á Íslandi og flestir þeirra eru til fyrirmyndar. En það eru svartir sauðir alls staðar." Eva segir akstur af þessum toga undantekningu, þrátt fyrir að fjölmörg bifhjól á landinu komist yfir 300 kílómetra hraða.

Eva segir að verið sé að leita að styrktaraðilum til að fjármagna braut fyrir akstursíþróttir, en hún telur líklegt að áhugi á kappakstri spili inn í hraðakstur af þessu tagi. „Ef við fengjum akstursbraut á Íslandi myndu menn miklu frekar leita þangað til að stunda sitt áhugamál," segir Eva. - grs



**LÖGREGLAN VIÐ EFTIRLIT** Lögreglan hefur stóreflt eftirlit á vegum landsins.

# fantastiske tilbud i Nettó

## *gaman að versla í Nettó*




**nýtt!**

**1.999** kr.kg.

Borgarnes innralærisvöðvi
í grískri marineringu




**þú sparar 899** kr.kg.

**1.999** kr.kg.

SS lambafille Grand Orange




**159** kr.pk.

Myllu hvítlauksbrauð fín og gróf




**50%** afsl.

Goða Ostapylsur




**349** kr.kg.

Matfugl BBQ kjúklingaleggir/læri



**humar-sprengja**

**aldrei ódýrari!**

**499** kr.pk.

Nýveiddur blandaður humar

Auglýsingastofa Víkurfrétta • www.vf.is

## allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda frá 21. til 24. júlí (nema annað sé tekið fram) eða meðan birgðir endast

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

**nettó**



## VEISTU SVARIÐ?

1 *Með hvaða körfuboltaliði leikur Jón Arnór Stefánsson næsta vetur?*

2 *Hvað heitir stjórnarformaður Sparisjóðs Hafnarfjarðar?*

3 *Við hvers konar krabbameini hefur lyfið Herceptin reynst vel?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 46

Enn er ráðist að erlendum diplótmötum í Írak:

# Sendiráðsstarfsmönnum rænt

**BAGDAD, AP** Tveimur alsírskum sendiráðsstarfsmönnum í Írak var rænt í Bagdad í fyrradag.

Alsírsku diplómatarnir voru á leiðinni úr sendiherrabústaðnum í sendiráðið þegar byssumenn stöðvuðu bíl þeirra. Tvímenningarnir voru dregnir ásamt bílstjóranum út úr bifreið sinni og síðan var ekið á brott með þá.

Fyrir tveimur vikum var þremur sendiráðsstarfsmönnum rænt í Bagdad, meðal annars sendiherra Egyptalands. Hann fannst myrtur nokkrum dögum síðar. Bersýnilega vakir fyrir mannræningjunum að hræða önnur arabaríki frá því að eiga í stjórnmálasambandi við ríkisstjórnina í Bagdad.

Súnníar neita enn að halda áfram þátttöku í stjórnarskrárnefnd Íraks eftir að félagi þeirra var ráðinn af dögum í vikunni, þar sem þeir telja að öryggi sitt sé ekki lengur tryggt. Ákvörðun súnníanna setur samningu stjórnarskrárinnar í uppnám en henni á að ljúka 15. ágúst næstkomandi. Afar mikilvægt er að súnníar beri ekki skarðan hlut frá borði í plagginu þar sem þeir eru þegar mjög ósáttir við sitt hlutskipti. ■



**SAMNING STJÓRNARSKRÁR Í UPPNÁMI** Ibrahim al-Jaafari forsætisráðherra skoraði á súnnía að taka sæti sín á ný í stjórnarskrárnefnd Íraks í gær.

Álversbryggjan á Reyðarfirði:

## Skemmdir óverulegar

**ÓHAPP** Tjónið sem varð á nýju álversbryggjunni í Reyðarfirði þegar skutur Skaftafells, leiguskips Samskipa, rakst á bryggjuna síðastliðinn þriðjudag er talið óverulegt. Sveinn Þórarinsson, hjá Verkfræðistofu Austurlands sem hefur eftirlit með framkvæmdum við álvershöfnina, segir að tjónið hlaupi á hundruðum þúsunda króna en ekki milljónum.

Skemmdirnar á Skaftafelli verða metnar í Reykjavík en þangað kom skipið í fyrrakvöld.

-kk



**EMILÍANA TORRINI** Líkt og Kjarval varði Emilíana hluta af sinni æsku á Borgarfirði eystra.

Borgarfjörður eystri:

## Tónleikahald í fiskverkunarhúsi

**SKEMMTUN** Emilíana Torrini heldur tónleika ásamt hljómsveit sinni í Bræðslunni, gömlu fiskverkunarhúsi á Borgarfirði eystri, í dag en húsið hefur ekki áður verið nýtt til tónleikahalds. Tónleikarnir eru liður í menningarhátíðinni Þakka þér fyrir að ég kom sem Kjarvalsstofa á Borgararfirði stendur fyrir á morgun.

Á meðal þess sem í boði verður á hátíðinni, auk tónleikanna, er gönguferð um slóðir Kjarvals, sýningin Vættir í verkum Kjarvals og málþing um meistarann.

-kk

### GEORGÍA

**VARPAÐI HANDSPRENGJU** Maður sem var handtekinn í Georgíu þegar George W. Bush var í heimsókn í landinu í maí síðastliðnum hefur viðurkennt að hafa hent handsprengju að forsetanum þar sem hann ávarpaði útifund í höfuðborginni Tbilisi. Sprengjan sprakk reyndar ekki enda hefði tilræðið þá eflaust vakið nokkru meiri athygli.

# Minkastofninn á Íslandi allt að sjötíu þúsund dýr

**Fjöldi minka á Íslandi gæti verið hvar sem er á bilinu 7.000 til 70.000. Kostnaður við minkaveiðar hefur aukist jafnt og þétt síðustu ár án þess að nokkur vitneskja liggi fyrir um árangur af veiðunum.**

**VEIÐAR** Þrátt fyrir stöðuga aukningu minkaveiða hér á landi hefur stofnstærð minks aldrei verið metin. „Það skiptir öllu máli að vita hve stór stofninn er ef við eigum að halda honum niðri," segir Áki Ármann Jónsson, forstöðumaður veiðistjórnunarsviðs Umhverfisstofnunar. Kostnaður við veiðarnar hefur síðustu ár verið um fjörutíu milljónir á ári og farið vaxandi. Árleg veiði hefur verið rúmlega sjö þúsund dýr og þykir aukin veiði benda sterklega til þess að stofninn fari sístækkandi.

Öðru gegnir um tófur, en þar er vitað að stofnstærð að vori er nálægt fjögur þúsund dýrum.

Náttúrustofnun Vesturlands hefur síðustu ár stundað rannsóknir á minkum. „Við erum að reyna að koma stofnstærðinni á hreint. Vonandi gefur það okkur einhverja betri hugmynd," segir Menja von Schmalensee sviðsstjóri. „Við vitum að minkar deyja af mörgum öðrum orsökum en veiði og stofninn gæti því verið stór."



**MINKUR Í BÚRI** Enn er nokkuð um að minkar sleppi úr búum og bætist við stofn villtra minka.

Síðustu árin hefur stofnunin unnið að því að handsama minka á Snæfellsnesi, merkja þá og sleppa þeim síðan aftur. Minkaveiðimenn skila síðan öllum veiddum minkum, merktum sem ómerktum, til stofnunarinnar til frekari rannsókna.

Menja vill koma því á framfæri að rannsóknir Náttúrustofnunarinnar bitni alls ekki á veiðum á mink. „Við erum ekki að taka peninga frá veiðimönnum." Hún segir fé stofnunarinnar vera algerlega aðskilið því fé sem fer til veiða á minkum, nema auðvitað að því leyti að um ríkisfé sé að ræða. Það komi bæði sjálfstætt af fjárlögum og einnig úr vísindasjóðum sem styrki rannsóknir. „Aðalmarkmið okkar með rannsóknunum er að fá niðurstöður sem nýtast við stjórnun veiða. Það hljóta allir að vilja að peningarnir sem fara í veiðar séu nýttir á sem skilvirkastan hátt."

Eftir nokkrar vikur er búist við því að stofnstærðin á Nesinu liggi fyrir og að á grundvelli hennar verði í kjölfarið unnt að reikna út stofnstærð minks um allt land.

-grs


Hvernig fer hún að þessu?

3 vikur á toppnum




"Hröð, fyndin og átakanleg"
- *The New York Times Book Review*

"Ótrúlegt sýn, bæði grátleg og fyndin, á líf súpermömmunar."
- *The New York Times*

"Ímyndið ykkur Kate Reddy sem Bridget Jones, eldri, þroskaðri, gift, útivinnandi móðir tveggja stúlkna ... bráðskemmtilegt."
- *Entertainment Weekly*

**Bók sem allar mæður í hjáverkum verða að lesa!**

1. sæti
Allar bækur
Penninn Eymundsson og Bókabúðir MM
13. júlí–19. júlí.

VAKA-HELGAFELL

edda.is




FRÉTTABLAÐIÐ/HELGI

**ÓFULLNÆGJANDI GEYMSLA OLÍU** Þrjár ríkisstofnanir vara við geymslu á dísilolíu í og við heimili og við aðrar ófullnægjandi aðstæður tæpum mánuði eftir að ljóst er að hundruð hömstruðu mikið magn áður en breytingar urðu á olíugjaldinu um síðustu mánaðamót.

Olíufélögin eru tilbúin að kaupa olíu til baka:

## Fólk er varað við að geyma olíu

**LÖGREGLUMÁL** Almenningur er varaður við þeirri hættu sem af því getur skapast að geyma birgðir af dísilolíu í og við íbúðarhús segir í tilkynningu frá Ríkislögreglustjóra, Brunamálastofnun og Umhverfisstofnun.

Kemur tilkynningin tæpum mánuði eftir að ljóst er að fjölmargir hömstruðu olíu áður en ný olíulög tóku gildi 1. júlí. Var það fyrirséð þar sem verðið hækkaði um helming á einni nóttu og vöruðu meðal annars olíufélögin sjálf við því að þetta gæti átt sér stað löngu áður en breytingin tók gildi.

Er í tilkynningunni bent á að ólöglegt sé að geyma birgðir af þessu tagi við ófullnægjandi aðstæður og öll slík meðferð í rauninni ólögleg. Segir að olíufélögin séu reiðubúin að kaupa olíu til baka sé hún í sama ástandi og þegar hún var keypt en hjá olíufélögunum fengust þær upplýsingar að þá yrði boðið innkaupsverð eins og það var fyrir mánaðamót.

-aöe


HVAÐ ÞARF TIL AÐ STOPPA ÞIG?
AKTU ALDREI UNDIR ÁHRIFUM!
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA
UMFERÐARSTOFA
VÍNBÚÐ




Tískusýningin Iceland Fashion Week:

# Hönnuðir hættu við þátttöku vegna vanefnda

**ÍSLENSK HÖNNUN** Þrír íslenskir hönnuðir hættu við með skömmum fyrirvara að sýna verk sín á tískusýningunni Iceland Fashion Week sem haldin var um síðustu helgi. Hönnuðirnir drógu sig út úr sýningunni vegna skipulagsleysis og mikils kostnaðar.

Í febrúar var haldin undankeppni fyrir tískuvikuna og báru hönnuðurnir Sunna Ásgeirsdóttir, Harpa Einarsdóttir og Jón Sæmundur sigur úr býtum og stóðu þau í þeirri trú að styrkur frá Útflutningsráði fylgdi sigrinum í febrúar.

„Eins og ég og fleiri skildum Kolbrúnu þá áttu þeir sem voru valdir áfram á Iceland Fashion Week að fá 200 þúsund króna styrk hver frá Útflutningsráði," segir Sunna, en þrímenningarnir hafa ekkert heyrt í skipuleggjanda beggja hátíða, Kolbrúnu Aðalsteinsdóttur, um efndir vegna styrksins.

Hermann Ottósson, forstöðumaður Útflutningsráðs og staðgengill Jóns Ásbergssonar sem er í leyfi, segir að stofnunin veiti einstaklingum ekki styrki. „Það er andstætt öllum okkar verklagsreglum. Það er það eina sem kemur til greina í málinu að viðburðurinn hafi fengið einhverja aðstoð, en ég kannast ekki við það," segir Hermann. Ekki náðist í Kolbrúnu Aðalsteinsdóttur. -rsg



**TÍSKUSÝNING** Eini íslenski aðilinn á sýningunni var Spakmannsspjarir.



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

**HRINGTORG Í VALLAHVERFI** Eins og sjá má er hringtorg við nær hver gatnamót í Vallahverfi í Hafnarfirði. Þeir sem búa vestast í hverfinu geta þurft að þræða níu til ellefu slík til að komast úr hverfinu.

# Ellefu ný hringtorg eru í Vallahverfi

**Fjöldi nýrra hringtorga eru í hinu nýja Vallahverfi í Hafnarfirði. Einn íbúanna segist verða hálfringlaður þegar hann ekur um hverfið.**

**SKIPULAGSMÁL** Sennilega geta fá hverfi á landinu státað af jafn mörgum hringtorgum og Vallahverfið í Hafnarfirði en í og við hverfið eru ein ellefu hringtorg.

Dýrleif Ólafsdóttir, sem býr á Blómvöllum, segist þurfa að fara um sex hringtorg þegar hún aki börnum sínum á æfingavöllinn, sem þó er stutt frá. „Maðurinn minn hafði orð á því að hann hefði orðið ringlaður um daginn þegar hann þurfti að fara þessa leið sex sinnum sama dag en það eru 36 hringtorgsferðir," segir Dýrleif.

Helga Stefánsdóttir, verkfræðingur á umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðarbæjar, segir hringtorgin góða lausn út frá umferðaröryggi og eins þyki flestum þau betri en bið við umferðarljós. Hún segir að nú þegar hverfið sé í uppbyggingu geti þetta litið skringilega út en verði það varla þegar hverfið verði fullbyggt.

Hún segir að á næsta ári verði Krísuvíkurbraut framlengd að Reykjanesbraut, ef allt gangi eftir, og þá geti íbúar Vallahverfis sparað sér ófáar hringtorgsbunur á leið sinni út úr hverfinu. – jse

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**OFSAAKSTUR Í LITLU SKYGGNI** Lögreglan á Akureyri stöðvaði í fyrrinótt tvö bíla á of miklum hraða í Öxnadal. Þoka var í dalnum og skyggni ekki nema um fimmtíu metrar. Voru bílarnir á 118 og 134 kílómetra hraða.

**AFTANÁKEYRSLA Á REYKJANESBRAUT** Fjórir voru fluttir á sjúkrahús með minniháttar meiðsl eftir aftanákeyrslu á Reykjanesbraut í gærmorgun. Fólksbíll sem ekið var aftan á fór út af veginum og á skilti. Báðir bílarnir voru dregnir burtu.



**MJÓLKURVÖRUR** Sala á mjólkurvörum jókst um tvö prósent síðastliðið ár, en neysla á smjöri hefur meðal annars verið að sækja í sig veðrið eftir margra ára samdrátt í neyslu.

Sala mjólkurafurða eykst:

# Meira smjör eftir mögur ár

**LANDBÚNAÐUR** Neysla á smjöri hefur aukist jafnt og þétt á síðustu mánuðum eftir að hafa verið á undanhaldi árin á undan. Neysla á drykkjarskyri, rjóma og feitum ostum hefur einnig aukist, en alls hefur selst tveimur prósentum meira af mjólkurvörum en árið þar á undan.

„Aukning smjörneyslu hefur verið nokkuð stöðug eftir samdrátt sem verið hafði til langs tíma," segir Snorri Sigurðarson, framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda. Hann telur skýringuna meðal annars þá að gæði smjörs hafi aukist og veitingahús noti það meira í matseld en áður. - ht

Skipulagsstofnun gefur grænt ljós á verksmiðju við Mývatn:

# Ekki skylt að meta umhverfisáhrif

**ATVINNUMÁL** Skipulagsstofnun telur að framleiðsla á vörubrettum úr úrgangspappír hafi ekki umtalsverð áhrif á umhverfið. Hvorki er gert ráð fyrir frárennsli né loftmengun og hefur stofnunin því úrskurðað að slík framleiðsla í Mývatnssveit skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Fyrirtækið Grænar lausnir hyggst nýta húsakynni og búnað Kísiliðjunnar við Mývatn til framleiðslunnar. Í gögnum sem það lagði fram hjá Skipulagsstofnun kemur fram að ætlunin sé að grófhreinsa pappírsmassa og framleiða úr honum vörubretti með þekktum en orkufrekum aðferðum.

Ráðgert er að framleiða allt að fimm milljónir bretta úr tólf þúsund tonnum af úrgangspappír á ári sem fenginn verður að verulegu leyti af höfuðborgarsvæðinu. Aðstandendur verkefnisins ráðgera að flytja daglega tvo gáma af hráefni að verksmiðjunni en átta gáma af vörubrettum frá henni, en áætlað er að framleiðslan fari að mestum hluta á erlenda markaði.

Áætlaður stofnkostnaður er um 1,8 milljarðar króna og hefur iðnaðarráðuneytið gefið Nýsköpunarsjóði heimild til fjárfestinga í fyrirhugaðri verksmiðju. - jh



**KÍSILIÐJAN Í MÝVATNSSVEIT** Kísiliðjan hætti starfsemi síðastliðinn vetur en verður hugsanlega nýtt fyrir framleiðslu á vörubrettum úr pappír.

# Tíðari ferðir og betri þjónusta!

Í dag hefst akstur Strætó eftir hinu nýja leiðakerfi. Það er mun einfaldara en hið eldra. Meðal kosta þess eru tíðari ferðir á álagstímum og nýjar leiðir sem spara tíma.

## Við bjóðum þér í strætó!

Um helgina bjóðum við þér og þínum í strætó í tilefni breytinganna. Upplagt að nota tækifærið og kynna sér málið. Góða ferð!




## Farðu alla leið með Strætó!

Hringdu í gjaldfrjálst símanúmer 800 1199 eða farðu inn á strætó.is og fáðu nákvæmar leiðbeiningar um bestu leiðina fyrir þig. Þar getur þú einnig pantað leiðabók.

ARGUS / 05-0361

# skoðun

SJÓNARMIÐ
SIGURJÓN MAGNÚS EGILSSON

Framsóknarflokkurinn er í vanda þegar innan við ár er til sveitarstjórnakosninga.

## Frá væntingum til vonleysis

Það er ekki við Alfreð Þorsteinsson borgarfulltrúa að sakast að Framsóknarflokkurinn er í vanda í Reykjavík. Þess síður er við Önnu Kristinsdóttur, hinn borgarfulltrúa flokksins, að sakast hvernig komið er, fylgið er nánast ekkert og fátt bendir til að það lagist áður en kosið verður til sveitarstjórna og enn ólíklegra er að nokkuð jákvætt gerist hjá Framsókn áður en sætaskipti verða ákveðin innan R-listans, verði að framboði hans á annað borð.

Miklar væntingar framsóknarmanna um betri tíð með formanninn sem forsætisráðherra hafa ekki ræst. Þær hafa orðið að hinu öndverða. Flokkurinn er í vanda staddur og ef fer sem horfir mun flokkurinn gjalda þess næsta vor, þegar kosið verður í sveitarstjórnarkosningum. Vandinn er ekki bara í Reykjavík, hann er um allt land. Hann er hins vegar sýnilegastur í Reykjavík. Í nýju kjördæmi forsætisráðherra mælist fylgið minna en dugar til að fá einn borgarfulltrúa.

Á meðan borgarfulltrúar hinna tveggja R-listaflokkanna sperra stélin fara framsóknarmenn með veggjum. Þeir segjast meira að segja vera tilbúnir til að gefa eftir stjórnarformennsku í Orkuveitunni verði það til að tryggja áframhaldandi líf R-listans, en framboðið er líftaug Framsóknar til að eiga fulltrúa í borgarstjórn. Í sérframboði er hætt við að flokkurinn fái engan kjörinn. Þessi er staða Framsóknarflokksins þegar vonir allra flokksmanna stóðu til þess að sókn með forsætisráðherra í stafni yrði flokknum til ómælds framdráttar.

Kjarkinn vantar ekki í aðra. Árni Þór Sigurðsson, leiðtogi Vinstri grænna í Reykjavík, sem er nýkominn heim eftir að hafa dvalist á borgarinnar kostnað í Brussel í langan tíma, segir athugasemdir Össurar Skarphéðinssonar, alþingismanns og fyrrum formanns Samfylkingarinnar, heimskulegar. Össur benti á að Samfylkingin þurfi ekki Vinstri græna eða Framsókn til að bjóða fram R-listann. Óháðir dugi. Þetta hljómar heimskulegt í eyrum Árna, en ekki í allra eyrum. Stefán Jón Hafstein er heldur ekki hrifinn af Össuri. Hann kvartar og segir erfitt að þagga niður í honum, en með aðkomu sinni að framboðsmálum í Reykjavík hefur Össur heldur betur hrist upp í vonum og væntingum frambjóðendanna, það er þeirra sem eiga eitthvað undir sér. Framsókn situr hjá og bíður þess sem verða vill.

Skyndikannanir eru gerðar hér og þar og Össur, sem segist ekki hafa hugleitt að sækjast eftir embætti borgarstjóra, fær meira fylgi þar en þeir sem sannanlega ganga með borgarstjórann í maganum. Það er ekki síst af þeim sökum sem aðkoma Össurar er sögð óþægileg og að erfitt sé að þagga niður í honum. Þetta segja þeir sem halda að framhald R-listans snúist um frambjóðendurna og það hver verði hvar.

Hitt má ekki gleymast að fæst bendir til að vandi Framsóknar leysist með aðild að R-listanum. Þar er mikill ágreiningur og oft takmarkaður áhugi á áframhaldi. Þess vegna eru spennandi tímar framundan; verði R-listinn til áfram er það ekki vegna ófrofa stuðnings baklandanna í flokkunum. Vinstri grænir og Samfylking þurfa að gefa mikið eftir til að endurnýja samstarfið en Framsókn gott betur, hún er tilbúin að gefa allt til að fá að vera með. ■

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Vandast málið

Tvær grímur eru runnar á þá sem voru orðnir sannfærðir um að Páll Magnússon hefði bak við tjöldin tryggt sér embætti útvarpsstjóra ríkisins áður en hann sagði upp sem sjónvarpsstjóri Stöðvar tvö. Á lista yfir umsækjendur, sem birtur var síðdegis á fimmtudag, er nefnilega nafn sómakonunnar Elínar Hirst, fréttastjóra Sjónvarpsins. Hana prýða ekki færri kostir en Pál, hún þykir fagmaður fram í fingurgóma, en svo hefur hún það sér til ágætis að vera kona á



tímum þegar mikil eftirspurn er eftir kvenkyninu til forystustarfa í þjóðfélaginu. Enginn gæti af neinni sanngirni gagnrýnt Þorgerði Katrínu ef hún veldi hana.

### Vel tengd

Ekki þykir svo spilla fyrir Elínu Hirst gagnvart veitingarvaldinu að hún mun vera í ágætu talsambandi við þá menn í Sjálfstæðisflokknum sem eru krónískt önugir út í Ríkisútvarpið, og draga víglínuna í þjóðfélaginu gjarnan við þann ágæta en svolitið rauðleita útvarpsþátt, Spegilinn. Þessir sömu menn munu ekki vera með öllu áhrifalausir þegar spurt er hvað sé þóknanlegt Flokknum. Svo eru hagkvæmnisrök Elínu í hag: Maður hennar, Friðrik Friðriksson, sem lengi var forstöðumaður breiðbandsþjónustu Símans, mun nú kominn til starfa hjá hinni ríkissjónvarpsstöðinni, Skjá einum. Samstarfs- og sameiningarviðræður gætu þá farið fram heima í eldhúsi þeirra hjóna.

### Ekki afskrifa

Ekki er þó ástæða til að afskrifa Pál Magnússon með öllu. Allra síst eftir að fréttist að hann hefði á dögunum verið að veiðum í Svartá með sjálfum utanríkisráðherranum, fráfarandi formanni Sjálfstæðisflokksins, Davíð Oddssyni. Sameiginlegur góðvinur þeirra er Kári Stefánsson sem ætla verður að leggi sínum gamla blaðafulltrúa inn gott orð auk vísindalegra sannana fyrir góðum genum.

gm@frettabladid.is

## Hin ljúfsára vesöld

Í DAG
SKRIFAR UM SKRÍTNAR HUGMYNDIR FJÖLMIÐLAMANNA UM FJÖLMIÐLA



GUNNAR SMÁRI EGILSSON

Eins mikið og ég vil trúa því að opinber umræða muni geta af sér opið, fjölbreytt og lýðræðislegt samfélag þá verð ég að viðurkenna að oft er erfitt að halda trúnni. Hvað hefur til dæmis verið mikið rætt um fjölmiðla á Íslandi undanfarin tvö ár eða svo? Og hver er mælieiningin? Þúsund tonn? Milljón metrar? Billjón bull eða trilljón tuð? Þrátt fyrir allan þennan pappír, allan þennan útsendingartíma, allt þetta tal og allt þetta erfiði – öll þessi mannár í tjáningu og mannaldir í lestur og hlustun – þá sé ég ekki að umræðan hafi þokast neitt áfram. Við erum á eilífum byrjunarreit. Og snúum auk þess vitlaust.

En þetta er svo sem ekki skrítið. Fjölmiðlar á Íslandi eru sérdeilis skakkir, saga þeirra sérstök og allt umhverfi þeirra undarlegt. Það er leiðinlegt að vera sífellt að minna fólk á hversu vanþróað samfélag okkar er; en það er engu að síður nauðsynlegt. Það eru innan við 19 ár síðan einkaaðilar fengu að opna útvarpsstöð eða reka sjónvarp. Þótt það séu bráðum 30 ár síðan dagblað án tengsla við stjórnmálaflokka hóf göngu sína eru aðeins rúm fjögur ár síðan annað slíkt blað leit dagsins ljós. Við þurfum að minna okkur á þetta í hvert sinn sem við metum íslenska fjölmiðla. Við verðum að vara okkur á sögunni. Ef við miðum aðeins við það sem við erum vön – eða það sem við ólumst upp við – erum við í raun að kalla eftir fjölmiðlum sem valdatæki eða framlengingu annars valds, en ekki sem veitendum sjálfsagðrar þjónustu. Og fjölmiðlar eru lítið annað en einmitt þetta; veitendur þeirrar þjónustu að safna saman og afhenda okkur helstu fréttir dagsins og dágóðan skammt af skemmtan og fróðleik. Ef við hefðum ekki fjölmiðlana þyrfum við sjálf að leggjast í símann að afla frétta. Svipað og ef enginn væri kaupmaðurinn og enginn bóndinn og við þyrftum að elta uppi kýr að mjólka. Samskipti okkar við fjölmiðlana eru á engan hátt ólík viðskiptum okkar við kaupmanninn og bóndann; ef mjólkin er súr leitum við annað.

Þegar horft er til eldri miðla verður þessi þjónustuhugmynd næstum byltingarkennd. Er Ríkisútvarpið ekki líkara kirkju en kaupmanninum á horninu? Og er Mogginn ekki frekar kaupfélagsstjóri en bóndi? Auðvitað líða þessir gömlu miðlar fyrir að hafa verið stórveldi á hinum eldri tímum þegar fjölmiðlum var stýrt af stjórnmálaflokkum og voru hluti af valdabatteríi þeirra. En þótt ýmsum virðist hægt ganga munu bæði Moggi og RÚV ná áttum og koma sterkari út úr tímabærri og hollri sjálfsmyndarkreppu.

En þótt sjá megi batamerki á miðlunum er umræðan alltaf jafn vitlaus. Í gusu vikunnar af fjölmiðlatali mátti greina nokkur viðtekin rangindi undanfarinna missera. Einna mest áberandi var heit sannfæring fyrir því að fjölmiðlarekstur væri varasamur bisness – nánast garanteraður taprekstur. Þetta er dálítið skrítin skoðun. Ég man að þegar við á Fréttablaðinu vorum að hefja samkeppni við Moggann var talað um Árvakur af heldur meiri virðingu en ríkissjóð. Ef einhver þessara erlendu lánshæfnisfyrirtækja hefðu vitað að Árvakur væri til er ég viss um að þau hefðu skellt á Moggann þreföldu A-i og bætt við öllum þeim plúsum sem þau eiga. Eins er það í útlöndum; þar eru æði mörg stöndug fjölmiðlafyrirtæki sem óþarfi er að vorkenna.

Auðvitað er það svo að mörgum fjölmiðlafyrirtækjum gengur illa á Íslandi. Ríkisútvarpið nær til dæmis aldrei endum saman þrátt fyrir veglega meðgjöf frá almenningi og nokkur einkafyrirtæki eru í bölvuðu basli. En það sama má segja um verktakabransann, kaupmennina og útgerðina. En við höfum fyrir löngu lært að afskrifa ekki verktöku, verslun og útgerð þótt sumir í þessum greinum standi í stappi. Samkvæmt áætlunum sem 365 hafa lagt fram í Kauphöllinni ætlar það fyrirtæki að skila afgangi af rekstri sem nemur 2 til 2,5 milljónum króna á dag á þessu ári. Samkvæmt uppgjöri fyrstu þrjá mánuði þessa árs var afgangurinn í efri mörkum þessa markmiðs. Fyrirtækið mun opinbera uppgjör næstu þriggja mánaða í byrjun ágúst og síðan koll af kolli á þriggja mánaða fresti á meðan fyrirtækið er skráð í Kauphöllinni. Það skiptir því litlu hvernig menn helst vildu hafa hlutina eða hverju þeir vilja trúa; það er mjög auðvelt að afla sér upplýsinga um hvort – og þá hvernig – hægt er að reka fjölmiðla sem eðlilegan og arðbæran bisness.

En ef til vill hentar þessi staða ekki öllum – ekki þeim sem vilja hafa fjölmiðlana veika og vesæla; þurfalinga á ríkissjóði og háða vernd og velvilja stjórnmálaflokkanna. Einu sinni var útgerðin í þessari stöðu, verslunin og verktakarnir, og stjórnmálahöfðingjarnir höfðu öll ráð í hendi sér, gátu gefið einum líf og drepið annan. Við sem munum átökin við að losa aðrar atvinnugreinar undan pilsfaldi ríkisvaldsins látum hitann í umræðunni um fjölmiðlana ekki koma okkur á óvart. Það sem er hins vegar skrítnara er að sumir fjölmiðlamenn virðast sakna hins gamla tíma og þrástagast á vesöld fjölmiðla og volæði eins og það sé órjúfanlegur hluti sjálfsmyndar þeirra að eiga allt sitt undir hlýlegu augnatilliti ráðamanns og traustvekjandi klappi á öxlina. ■




LAUGARDAGSMORGUNN
Í umsjón Eiríks Jónssonar.
Á Talstöðinni alla laugardaga kl. 10.

GOTT FÓLK McCANN




LESTU GREININA Á VISIR.IS
OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA

vísir

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

# Sýnum strætó þolinmæði

UMRÆÐAN
NÝTT LEIÐAKERFI STRÆTÓ



ÁSGEIR EIRÍKSSON

*Við biðjum því farþega okkar að sýna vagnstjórum þolinmæði og skilning, og leita frekar til upplýsingaþjónustunnar en vagnstjóranna eftir svörum. Þeir hafa nóg með að aka vagninum, halda áætlun og setja sig inn í akstur eftir nýja leiðakerfinu.*

Í dag hefjum við hjá Strætó akstur eftir nýju leiðakerfi. Kerfið er talsvert frábrugðið gamla leiðakerfinu og breytingarnar umtalsverðar. Þegar breytingar eru gerðar á leiðakerfi strætisvagna hefur það áhrif á notendur þjónustunnar. Þeir þurfa að endurskipuleggja ferðir sínar, læra á nýtt leiðakerfi og laga sig þannig að breyttum aðstæðum. Við hjá Strætó erum þess fullviss að hjá meginþorra fólks batni þjónustan, ferðatími styttist og skiptingum fækkar. Það sýnist reyndar sitt hverjum um ágæti nýja leiðakerfisins. Margir hafa haft samband við upplýsingaþjónustu Strætó vegna nýja leiðakerfisins og fengið útskýringar og aðstoð við að átta sig á breyttum leiðum. Oftast kemur á daginn að áhyggjur þess efnis að nýja leiðakerfið væri afturför frá því gamla eru á misskilningi byggðar. Við hvetjum alla til að kynna sér leiðakerfið, nýta sér þjónustuna í gjaldfrjálsa upplýsingasímanum 800 1199 og strætóvefinn straeto.is

Mikið mæðir á vagnstjórum hjá Strætó næstu daga og vikur. Þeir, eins og aðrir, þurfa tíma og tækifæri til að læra vel á nýja leiðakerfið, aðlaga sig breyttum akstursleiðum og tímatöflum. Þrátt fyrir að staðið hafi verið vel að öllum undirbúningi meðal annars með æfingaakstri eftir nýju leiðunum, má alltaf búast við að einhverjir hnökrar komi í ljós. Við biðjum því farþega okkar að sýna vagnstjórum þolinmæði og skilning, og leita frekar til upplýsingaþjónustunnar en vagnstjóranna eftir svörum. Þeir hafa nóg með að aka vagninum, halda áætlun og setja sig inn í akstur eftir nýja leiðakerfinu. Þá biðjum við einnig ökumenn á höfuðborgarsvæðinu að sýna strætó tillitssemi og þolinmæði. Við hvetjum ökumenn til að leggja sitt af mörkum svo vagnarnir komist greiðlega leiðar sinnar, gefa þeim tækifæri til að komast út í umferðina frá biðstöðvum og að öðru leyti að liðka fyrir vögnunum í umferðinni eins og frekast er kostur.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Strætó bs.*

!
Talstöðin
FM 90,9
ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX
Talstöðin færir þér fréttir oftar á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.

## AF NETINU

### Ungfrú Skyr.is

Í fréttum Ríkisútvarpsins „...“ var greint frá því að ung íslensk kona hefði verið handtekin á flugvelli í Tel Aviv. „...“ Það sem ekki kemur fram í frétt RÚV er að að Arna Ösp Magnúsardóttir, er sama manneskjan og gárungarnir þekkja undir nafnin Ungfrú skyr.is eftir að hún ásamt öðrum réðist á gesti á ráðstefnu um álframleiðslu á Nordica hótel fyrr í sumar. Nú er margt skynsamt sem óskynsamt fólk ósammála um rætur vandans fyrir botni Miðausturlanda og lausn hans. Vefþjóðviljinn hefur þó ekki heyrt um neinn enn þá sem telur skort á fólki sem aflar skoðunum sínum fylgis með ofbeldi þar um slóðir. Það vekur líka athygli hversu greiðan aðgang þeir sem berjast gegn Ísraelstjórn hafa að Ríkisútvarpinu. Skyldi það vera mat fréttamanns að um mannúðarsamtök sé að ræða? Vekur það virkilega ekki upp spurningar ef að sú sem skilgreinir samtök sem mannúðarsamtök, bíði dóms á Íslandi fyrir að beita ofbeldi? Þar sem minnst er á Ungfrú skyr.is má geta að á sama tíma og fyrrgreindir atburðir urðu í Ísrael var Herra skyr.is, Ólafur Páll Sigurðsson, önnum kafinn á Kárahnjúkum þar sem mótmælendur ollu tjóni með því að hindra lögleg störf manna með því meðal annars að hlekkja sig við vinnuvélar.

**Vefþjóðviljinn á andriki.is**

### Sprengt í London og Bagdad

Nokkrum dögum eftir að íslamistarnir sprengdu í Lundúnum drápu aðrir íslamistar helmingi fleira fólk í Bagdad. Frá því var auðvitað líka sagt í öllum fréttum. En hvort sem blaðamönnum er ljúft eða leitt að viðurkenna það (því að þeir þykjast margir vera svo hlutlægir og alþjóðasinnaðir) er fréttaflutningurinn gjörólíkur, vegna þess að „fréttamatið“ er þannig að endurtekin morð hætta að vera frétt ef þau eru langt í burtu – og þrátt fyrir allar utanlandsferðirnar eru blaðamenn og fréttamenn þjóðhverfir og Vesturlandahverfir og geta ekki annað. Allra síst ef þeir vilja ekki einu sinni horfast í augu við það. Það þarf engum að koma á óvart að sprengingar í nágrannalöndum valdi hér írafári og leggi undir sig fjölmiðla. Hér á Múrnum reyna menn hins vegar eins og venjulega að segja ekki sömu sögu og allir hinir heldur bæta dráttum í heimsmynd lesenda sinna með því að benda á það sem aðrir fjölmiðlar eru ekki fullir af „...“ Hér á Múrnum hefur það viðhorf verið ráðandi að þetta fólk eigi heimtingu á okkar samúð líka.

**Ármann Jakobsson á murinn.is**

### Öryggi flutt út

Útrás er uppáhaldsorð íslendinga um þessar mundir. Það er útrás í viðskiptalífinu, það er útrás í listalífinu, það eru allir sem vettlingi geta valdið í útrás. Útrásin er svo mikil að menn hljóta að fara að hafa áhyggjur af því að það verði einhver eftir. Einn þeirra sem ætlar sko ekki að sitja eftir er utanríkisráðherrann okkar, herra Davíð Oddsson. Davíð horfði í fyrstu með öfundaraugum á Jón og Björgólf og Bakkabræður og Icelandexpress og KB banka og alla hina. En svo áttaði hann sig á því að ef hann ætti ekki að gleymast þá yrði hann að taka þátt í leiknum. Og það eina sem Davíð gat flutt út var öryggi. Hann hugsaði líklega með sér að þar sem Íslandi dygðu 4 óvopnaðar flugvélar til þess að verja landið þá hlytum við að hafa fullt af ónýttu öryggi til þess að flytja út. Ísland skyldi reyna að komast að í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Röksemdafærslan er líklega sú að fyrst við gátum farið í stríð án þess að hafa her þá getum við farið í Öryggisráðið án þess að geta boðið upp á neitt öryggi, nema þá náttúrulega til útflutnings.

**Þorleifur Örn Arnarson á politik.is**

útsala
íþróttaskór sundföt sportfatnaður barnafatnaður
20 prósent viðbótar-afsláttur um helgina
Reiknast við kassa,
til viðbótar áður auglýstum 30-70% afslætti
ÚTILÍF
SMÁRALIND SÍMI 545 1550 GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 KRINGLUNNI SÍMI 545 1580
ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS UTI 29042 07/2005







**Björn Þór**
Grafískur hönnuður




Farðu inn á **landsbanki.is** og búðu til þitt eigið kort






MAÐUR VIKUNNAR

# Fréttamaður með forystugen

**PÁLL MAGNÚSSON**
FYRRVERANDI SJÓNVARPSSTJÓRI STÖÐVAR 2

Þegar Páll Magnússon gekk út úr höfuðstöðvum 365 miðla á miðvikudaginn vegna ágreinings við forstjóra og stjórn fyrirtækisins veltu margir því fyrir sér hve langt yrði að bíða þess að hann sneri aftur. Því það er með hann eins og Gunnar á Hlíðarenda, sem fósturjörðin togaði svo sterkt í forðum daga, að hann virðist ekki lengi geta verið án Stöðvar tvö. Páll er búinn að gera margar tilraunir til að hætta en hefur alltaf komið aftur. Síðast hætti hann fyrir tæpum fimm árum til að verða blaðafulltrúi Kára Stefánssonar í deCode (titillinn var að vísu fínni: „framkvæmdastjóri samskiptasviðs“ eða eitthvað í þá veru). Eftir þriggja ára vist hjá Kára var hann aftur kominn á skjáinn á sínum gamla vinnustað.

Verði Páll ráðinn útvarpsstjóri, eins og ýmsir trúa, er þó ólíklegt að hann sjáist aftur á Stöð 2. Þá er hann æviráðinn í góðu djobbi og getur farið að spá í lífeyrisréttindi, sumarleyfisferðir, golf og laxveiðitúrana í Svartá með Kára og uppáhaldsstjórnmálamanni sínum, Davíð Oddssyni. Páll sagði nefnilega í viðtali við Fréttablaðið í fyrra að engan stjórnmálamann hefði hann í meiri hávegum en Davíð; ekki vegna þess að hann væri alltaf sammála honum, heldur vegna þess að hann væri svo skemmtilegur, skarpur og snjall. Þessi ummæli þóttu sýna vel einn kost sem Páli er talinn til tekna: fyrirhyggju.

Páll Magnússon er rúmlega fimmtugur. Hann á sama afmælisdag og Jón forseti og stjörnuspekingar segja að það merki að hann sé með forystugen í sér. Þau á hann raunar ekki langt að sækja því faðir hans, Magnús Magnússon, var í eina tíð alþingismaður og ráðherra fyrir Alþýðuflokkinn. Hann er fæddur í Vestmannaeyjum, þar sem hann þótti liðtækur knattspyrnumaður á yngri árum. Páll lauk stúdentsprófi frá Kennaraskólanum 1975 og prófi í stjórnmálasögu og hagsögu frá Háskólanum í Lundi í Svíþjóð fjórum árum seinna. Fyrst eftir heimkomuna kenndi hann, en réði sig sem blaðamann á Vísi árið 1980. Hófst þá fjölmiðlaferill hans sem staðið hefur með hléum síðan. Hann var fréttastjóri á Tímanum í eitt ár, síðan aðstoðarritstjóri við Iceland Review, þá fréttamaður á Sjónvarpinu 1982 til 1986, þar af aðstoðarfréttastjóri við hlið Ingva Hrafns Jónssonar síðasta árið. Hann var ráðinn fréttastjóri Stöðvar 2 árið 1986, varð einn af framkvæmdastjórunum 1990 til 1991 og síðan forstjóri frá 1991 til 1994. Frá 1995 til 1996 var hann sjónvarpsstjóri Sýnar. Kom svo aftur til að verða fréttastjóri Stöðvar 2 og Bylgjunnar þar til hann réðst til Íslenskrar erfðagreiningar haustið 2000.

Samstarfsmenn Páls í gegnum tíðina hafa yfirleitt látið vel af honum, sagt hann þægilegan en kröfuharðan yfirmann, glöggan og vel tengdan. Almenningur þekkir hann fyrst og fremst sem fréttaþul og á því sviði þykir hann hafa staðið sig vel; verið traustvekjandi og fumlaus. Sem útvarpsstjóri ríkisins læsi hann tæplega fréttir en líklega sæju menn hann þó oftar á skjánum en á gamlárskvöldum. Þó að Páll hafi svo að segja alla tíð lifað og hrærst í heimi fjölmiðlanna er hann að eigin sögn gagnrýninn á þá. Í fyrrnefndu Fréttablaðsviðtali sagði hann að fólk sem hefði árum saman starfað við fjölmiðla hefði tilhneigingu til að líta á þá sem eins konar nafla þjóðlífsins. Hann sagðist hafa uppgötvað á árunum hjá deCode að svo væri ekki. Þeir væru ekki nema að litlu leyti hreyfiafl samfélagsins, heldur fyrst og fremst speglar þess. Og speglar væru auðvitað mikilvægir. ■



TEIKNING: HELGI SIGURÐSSON – HUGVERKA.IS

# Efla þarf sanngjörn viðskipti

**UMRÆÐAN**
ALÞJÓÐAVIÐSKIPTI



**ÞURÍÐUR HELGA KRISTJÁNSDÓTTIR**

Upp á síðkastið hefur hugtakið sanngjörn viðskipti heyrst æ oftar en það er íslensk þýðing á hugtakinu „fair trade“. Sanngjörn viðskipti sjá til þess að bændur og verkafólk fái sanngjarnt verð fyrir þær vörur sem það framleiðir. Einnig er þess gætt að verðið fyrir uppskeru til dæmis banana, tes og kaffis fari aldrei niður fyrir ákveðið lágmark. Þannig er hægt að koma í veg fyrir að miklar sveiflur á markaði hafi stórfelld áhrif á lífsviðurværi framleiðanda. Vörurnar eru oftast sérmerktar, til dæmis með stimpli frá Max Havelaar, Oxfam eða FairTrade. Þessir stimplar tryggja að varan sé ekki framleidd með þrælkunarvinnu og að framleiðslan stuðli að sjálfbærri þróun.

Reglur í alþjóðaviðskiptum eru settar af World Trade Organisation (WTO), Alþjóðabankanum (World Bank), og International Monetary Fund (IMF). Þessi samtök eiga að sjá til þess að þjóðir heims keppi á jöfnum markaði, en það gera þau ekki. Samtökunum er stjórnað af ríkustu löndum heims og þau setja reglur til að verja sína hagsmuni og hagsmuni alþjóðlegra fyrirtækja. Alþjóðaviðskipti geta dregið úr fátækt og stuðlað að efnahagsvexti fátækra ríkja. Reglurnar eru þeim ríkari í hag og stuðla að því að fátæku ríkin verða fátækari og þau ríku ríkari. Það verður því að breyta reglunum. Ef Afríka, Suðaustur-Asía og Suður-Ameríka gætu aukið útflutning sinn um 1% yrði það til þess að 128 milljónir manna færu upp fyrir fátæktarmörk. Útflutningur Afríku myndi aukast um 70 milljarða sem er fimm sinnum meira en þeir fá nú í þróunaraðstoð. Þrátt fyrir að þjóðarframleiðsla fátækra ríkja sé mikil gera reglur alþjóðaviðskipta það að verkum að þjóðirnar njóta ekki góðs af því, bændur fá nánast ekkert greitt fyrir vörur sínar og verkafólk vinnur myrkranna á milli fyrir lítið sem ekkert kaup. Ríkar þjóðir verja um einum milljarði á ári til styrktar eigin landbúnaði en hindra að fátækar þjóðir styrki sína eigin innviði: landbúnað og smáfyrirtæki. Þegar þróunarlöndin flytja inn vörur til Vesturlanda eru settar á þær gríðarlegir tollar sem kosta þróunarlöndin um 100 milljarða króna á ári sem er tvisvar sinnum hærra en þau fá í þróunaraðstoð. Á meðan Vesturlönd loka sínum mörkuðum fyrir þeirra vörum þrýstir Alþjóðabankinn og IMF á þróunarlöndin að opna sína markaði fyrir vestrænum fyrirtækjum. Einnig er þrýst á þjóðirnar að einkavæða opinber fyrirtæki eins og rafmagns- og vatnsveitur þrátt fyrir að það sé ekki almenningi í hag. Þetta er gert í nafni frjálsra viðskipta og þess að lögmál markaðsins skuli ráða.

Alþjóðaviðskipti í dag stuðla að fátækt í heiminum þegar hægt er að útrýma fátækt með sanngjörnum viðskiptaháttum. Á Íslandi er enn lítið úrval til af „sanngjörnum“ vörum en með aukinni eftirspurn eykst framboðið. Leitið því eftir merkjum um FAIR TRADE þegar þið verslið. ■


Loksins á Íslandi
Einn vinsælasti ávaxtasafi í heimi!
Engu vatni, sykri eða rotvarnarefnum er bætt í safann!
Florida's Natural
PREMIUM
NOT FROM CONCENTRATE
Not from Concentrate
100% PURE
APPLE JUICE
PASTEURIZED
NO PULP
ORIGINAL
Squeezed From OUR FRESH Oranges
IT'S AS CLOSE TO THE GROVE
Þennan verður þú að prófa!



**ULYSSES S. GRANT**
(1822-1885) lést þennan dag.

*„Sá tími kemur í hverjum bardaga að báðir aðilar telja sig sigraða. Þeir sem halda árásinni áfram vinna.“*

***Ulysses S. Grant var átjándi forseti Bandaríkjanna og áður hershöfðingi í bandarísku borgarastyrjöldinni.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

# *Konunglegt brúðkaup*

Andrés prins af Bretlandi gekk að eiga Söru Ferguson þennan dag árið 1986. Athöfnin fór fram í Westminster Abbey og flykktust þúsundir á götur Lundúna auk þess sem um 500 milljónir fylgdust með hjónavígslunni í gegnum sjónvarp.
Sara mætti til kirkju í hestvagni úr gleri ásamt föður sínum Sir Ronald. Tvö þúsund gestir voru í kirkjunni og fylgdust með því þegar brúðurin gekk inn kirkjugólfið með fimm metra slóða. Þegar parið hafði farið með eiðinn heyrðust fagnaðaróp frá mannmergðinni fyrir utan kirkjuna. Meðal gesta í kirkjunni voru sautján meðlimir erlendra konungsfjölskyldna, Nancy Reagan eiginkona Bandaríkjaforseta og forsætisráðherra Breta, Margrét Thatcher. Játvarður prins var svaramaður en athöfninni stýrði erkibiskupinn af Kantaraborg.
Andrés og Sara hlutu titlana hertogi og hertogaynja af York og eignuðust tvær dætur, Beatrice og Eugenie. Þau skildu árið 1996 en bjuggu saman ári síðar til að hlífa börnunum.
Til að losna við langan skuldahala hefur Sara Ferugson gefið út barnabók og komið fram í bandarískum og breskum sjónvarpsþáttum. Árið 2001 viðurkenndi hún í bandarísku tímariti að brestir hefðu komið í hjónabandið innan við viku frá giftingunni og hefðu skyldur Andrésar við sjóherinn haft mest að segja.



**23. JÚLÍ 1986**

## MERKISATBURÐIR

**1183** Ættfaðir Sturlunga, hinn ágjarni og slægvitri Sturla Þórðarson, andast.
**1951** Frímúrarareglan á Íslandi er stofnuð. Fimmtíu árum síðar eru þrjú þúsund reglubræður í þrettán stúkum.
**1974** Herforingjastjórnin í Grikklandi fellur og lýðræði er komið á á ný.
**1984** Fyrsta svarta fegurðardrottning Bandaríkjanna, Vanessa Williams, afsalar sér titlinum vegna gamalla nektarmynda.
**1995** Bretar senda herlið til Sarajevo.
**2001** Örn Arnarson lendir í öðru sæti í 100 metra baksundi á heimsmeistaramótinu í Fukuoka í Japan. Þetta voru fyrstu verðlaun Íslendings á heimsmeistaramóti í sundi.

## ANDLÁT

**Elsa Sigurðardóttir**, Bólstaðarhlíð 45, Reykjavík, lést á Landspítalanum Fossvogi mánudaginn 18. júlí.

**Jóna Sveinbjarnardóttir** fyrrum húsfreyja á Hamrafelli, Mosfellsbæ, lést á hjúkrunarheimilinu Eir mánudaginn 18. júlí.

**Kristján Rafn Hjartarson** fyrrum símaverkstjóri, Vesturgötu 7, Reykjavík, lést mánudaginn 18. júlí

**Guðrún Sigurjónsdóttir**, Efstahjalla 5, áður á Víghólastíg 12, Kópavogi, lést á Landspítalanum Hringbraut þriðjudaginn 19. júlí.

**Svan Magnússon** málarameistari, Fridhemsvagen 29D, Finspang, Svíþjóð, andaðist þriðjudaginn 19. júlí.

## JARÐARFARIR

13.30 **Gestur Bjarnason** frá Fremri-Hvestu í Arnarfirði, verður jarðsunginn frá Bíldudalskirkju.

13.30 **Halldór Jónsson** frá Sunnutúni, Eyrarbakka, Baugstjörn 6, Selfossi, verður jarðsunginn frá Eyrarbakkakirkju.

14.00 **Jóhann Júlíusson** útgerðarmaður, Ísafirði, verður jarðsunginn frá Ísafjarðarkirkju.

14.00 **Sigurbjörg Helgadóttir**, Hornbrekku, Ólafsfirði, verður jarðsungin frá Ólafsfjarðarkirkju.

LÍKAMSRÆKTARSTÖÐIN WORLD CLASS Á AFMÆLI:

# Tekið á því í tuttugu ár

„Við ætlum að fagna með pompi og prakt,“ segir Björn Leifsson, eigandi World Class-líkamsræktarstöðvanna, sem eiga tuttugu ára afmæli um þessar mundir. „Það verður opið hús í Laugum milli 14.00 og 16.00 og margvísleg skemmtun fyrir alla fjölskylduna, og auðvitað frítt í laugina.“

Björn opnaði fyrstu World Class-stöðina í Skeifunni í júlí árið 1985. „Þetta byrjaði þegar ég var að æfa í Borgartúni,“ rifjar hann upp. „Mér fannst aðbúnaði stöðvanna hér á landi ábótavant og ákvað að reyna að gera þetta almennilega sjálfur.“ Björn er vélstjóri að mennt en vann á þessum tíma á dekkjaverkstæði og hafði lítið komið nálægt viðskiptum. „Þetta var vissulega bjartsýni, en engin geggjun. Að minnsta kosti sló karl faðir minn til og fór í þetta með mér,“ segir hann.

Þeir feðgar veðjuðu á réttan hest. Tveimur árum eftir að þeir opnuðu fyrstu World Class-stöðina var ljóst að þeir þyrftu að stækka við sig. Ári síðar fluttu þeir í stærra húsnæði í Skeifunni 19. „Þar vorum við í sjö ár þangað til við fluttum í Fellsmúlann árið 1994,“ segir Björn og minnist þess að hann var við það að gefast upp á þessum tíma. „Það var lítil hreyfing á markaðnum í sex ár og þetta var annað hvort spurning um að pakka saman eða taka áhættu og flytja í Fellsmúlann.“

Björn sér ekki eftir því að hafa tekið slaginn. Í dag rekur hann þrjár World Class-stöðvar, þar á meðal í Laugum, sem er langstærsta heilsuræktarstöð landsins. Þangað flutti Björn í fyrra, en Fellsmúlinn var löngu orðinn of lítill. Laugar eru rúmlega sjö þúsund fermetrar að stærð og að jafnaði mæta þangað um tvö þúsund manns á dag. Því hefur mikið vatn runnið til sjávar síðan 1985 og má gera því skóna að fyrsta World Class-stöðin myndi rúmast í anddyrinu í Laugum.

Þó að Björn hafi verið bjartsýnn á sínum tíma sá hann þessa velgengni ekki fyrir. „Þetta var bara hobbí og ég var fyrst og fremst að búa til almennilega aðstöðu til að æfa sjálfur. Mig óraði aldrei fyrir að þetta ætti eftir að verða svona stórt. Og Laugar eiga bara eftir að stækka.“ ■




**BJÖSSI OG DÍSA** Hjónin hafa svitnað saman í ræktinni í mörg ár og sjá fram á að eyða ellinni með lóðin í lúkunum.



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Kristmundar Jóhannessonar**
bónda að Giljalandi, Haukadal, Dalasýslu,

**Sigríður Bjarnadóttir**
**Sigurbjörg Kristmundsdóttir** **Pétur Guðsteinsson**
**Bjarni Kristmundsson** **Áshildur Eygló Björnsdóttir**
**Hallur Kristmundsson** **Aðalheiður Hanna Björnsdóttir**
**Jóhanna Gísladóttir** **Fernand Lupion**
**afabörn og langafabarn**



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs sonar, bróður, mágs og frænda,*

**Sveins Ómars Elíassonar**
Miðtúni 48, Reykjavík.

**Alda Ármanna Sveinsdóttir**
**Jón Júlíus Elíasson** **Kristín Þóra Harðardóttir**
**Margrét Elíasdóttir** **Ólafur Sigtryggsson**
**Sigurður Þór Elíasson**
**og frændsystkini.**



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og tengdadóttir,*

**Kolbrún Kristinsdóttir**
Sunnuvegi 4, Hafnarfirði,

verður jarðsungin frá Víðistaðakirkju í Hafnarfirði mánudaginn 25. júlí kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á heimahlynningu Krabbameinsfélagsins.

**Engilbert Ó. H. Snorrason**
**Jóhann Engilbertsson** **María Kristjánsdóttir**
**Helgi Karl Engilbertsson** **Þóra Helgadóttir**
**Snorri Engilbertsson**
**Perla Kolbrún Jóhannsdóttir**
**Baldur Kári Helgason**
**Snorri Jónsson** **Olga Hafberg**
**og aðrir aðstandendur.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Jóna Sveinbjarnardóttir**
fyrrum húsfreyja á Hamrafelli, Mosfellsbæ,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir mánudaginn 18. júlí.
Útförin fer fram frá Lágafellskirkju mánudaginn 25. júlí kl. 13.00.

**Sigríður Birna Ólafsdóttir** **Ingimar Hjálmarsson**
**Guðný Margrét Ólafsdóttir** **Elías Ingvarsson**
**Finnur Ingimarsson** **Kolbrún Guðjónsdóttir**
**Ólafur Ingimarsson** **María Pálsdóttir**
**Hjálmar Ingimarsson** **Elísa Hörn Ásgeirsdóttir**
**Ólöf Jóna Elíasdóttir**
**Sigríður Birna Elíasdóttir** **Daníel Helgi Reynisson**
**Sigmar Jósep, Katrín Rós, Ingibjörg Sólveig**
**Úlfur og Svanhildur Sól.**

## AFMÆLI

**Guðlaugur Arason**
rithöfundur er 55 ára.





**Kristján Arason**
handboltahetja er 44 ára.

**Sindri Freysson**
rithöfundur er 35 ára.



LEGSTEINAR
S.HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is




## Dæmi um húsgögn á tilboði

| | Verð áður | Verð nú |
|---|---|---|
| **Sarabanda sófasett**, leður, 3+1+1 | ~~238.000~~ | 169.000 |
| **Chesterfield sófi**, leður, 3ja sæta | ~~142.000~~ | 85.000 |
| **Lind sófi**, leður, S946 | ~~69.000~~ | 49.000 |
| **Borðstofuskápur**, beyki, cs/591 (90x166x40) | ~~76.000~~ | 39.000 |
| **Skenkur**, beyki, cs/592L (130x85x40 cm) | ~~62.000~~ | 34.000 |
| **Borðstofuborð**, kirsub./gler, cs/416 (85x160(240)) | ~~97.000~~ | 64.000 |

Allar vörur sem ekki eru á tilboði fást með **10% afslætti** af staðgreiðsluverði.

**OPIÐ**

Mán. - fös. 10.00 - 18.00 • Laugard. 11.00 - 16.00

**TM - HÚSGÖGN**

Síðumúla 30 - Sími 568 6822

- *ævintýri líkust*





# 25%

## afsláttur af öllum tjöldum

**Tjöldin fást einungis í Intersport Bíldshöfða**

**1.990**

**CREW NECK**
Mjúkur og hlýr undirfatnaður úr fjlótþornadi og teygjanlegu efni. Dömu- og herrastærðir.
kr. **1.990.** Verð áður kr. ~~2.490.~~

**2.590**

**FLÍSPEYSUR**
25% afsláttur af öllum flíspeysum.
kr. **2.590.** Verð áður kr. ~~3.490.~~



**2.990**

**PRÍMUS KÖK CLASSIC**
Nettur primus í útileguna, stillanlegur logi og vörn gengn vindi.
kr. **2.990.** Verð áður kr. ~~3.990.~~



**7.990**

**YUNGAS NEW DUNE**
Vandaðir vatnsheldir gönguskór úr leðri. Litur: Brúnir. Stærðir: 36-46.
kr. **7.990.** Verð áður kr. ~~12.990.~~



**1.490**

McKINLEY **LAMPA CAMPING**
Góður lampi fyrir útileguna. Rafhlöður fylgja með.
kr. **1.490.** Verð áður kr. ~~1.990.~~



**Frá 990**

McKINLEY **STALTERMOS**
Vandaður hitabrúsi
Verð frá kr. **990.**




**7.990**

**HAGLOFS ZLEEP 12**
Vandaður svefnpoki. Þægindahitastig frá +2°C til -3°C, kuldaþol allt að -19°C. Þyngd 1930 g með hlífðarpoka.
kr. **7.990.** Verð áður kr. ~~9.990.~~



**990**

**LIGGUNDERL 10MM**
Góð dýna fyrir útileguna.
Þykkt: 10 mm
kr. **990.** Verð áður kr. ~~1.470.~~



**2.490**

McKINLEY **CAMPER AIR 180**
Vindsæng sem fyllist lofti sjálfkrafa.
kr. **2.490.** Verð áður kr. ~~3.490.~~

**100% ÖRYGGI**
við lofum þér lægra verði!

## CLUB - LEIKUR INTERSPORT OG ICELAND EXPRESS

**FERÐ TIL KØBEN FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA**

Iceland Express

Allir Club INTERSPORT meðlimir sem verslað hafa í Intersport á árinu fara sjálfkrafa í pott og eiga möguleika á að vinna ferð í Tívolíið í Köben fyrir alla fjölskylduna með Iceland Express. Þrjár heppnar 4 manna fjölskyldur munu fara í fjölskylduferð, og fá flug, gistingu og miða í tívolí, dregið verður úr pottinum 20. júní, 18. júlí og 22. ágúst.






# 2.490

**ACT WALKING LOW**
Léttir gönguskór úr leðri.
Litur: Svartir. Stærðir: 36-46.
kr. 2.490. Verð áður kr. ~~3.990.~~



# 1.990

**PUMA BAKPOKI**
Litir: Orange, svartur, grár. kr. 1.990.
Verð áður kr. ~~3.490.~~

# 5.990

**DYN CHALLANGER**
Vind- og regnheld herraúlpa með
lausri hettu. Litir: Beige, gul.
Stærðir: S-XL. kr. 5.990. Verð áður kr. ~~7.990.~~

# 6.490

**ALT CLOUDY**
Vönduð dömuúlpa. Vind- og vatnsheld með
teipuðum saumum og mjög góðum öndunareiginleikum,
ca. 5000-6000 ml. á 24 klst. Litir: Rauð, svört.
Stærðir: 36-4 0 kr. 6.490. Verð áður kr. ~~8.490.~~

Opi
alla daga

INTERSPORT®

*Póstverslun*
**VIÐ SENDUM HVERT Á LAND SEM ER**

*Club Intersport, sjá nánar á www.intersport.is*

. - föstud.11 - 19 • Laugardaga 11 - 18 • Sunnudaga 13 - 18 • **Intersport Selfossi** SÍMI 480 7009 • Mán. - föstud. 09 - 21 • Laugardaga 10 - 21 • Sunnudaga 10 - 21

# Dagarnir sem Hollywood mun aldrei gleyma

**Roman Polanski** er flóttamaður undan réttvísinni, á því leikur enginn vafi. *Freyr Gígja Gunnarsson* rifjaði upp tvö mál sem enn á ný voru dregin fram í dagsljósið vegna meiðyrðamáls sem Polanski vann á dögunum.

Málaferlunum er nýlokið en þau hófust vegna greinar sem birt var í Vanity Fair árið 2002. Í bakgrunni voru morð Manson-fjölskyldunnar þar sem hin ólétta eiginkona Polanskis, leikkonan Sharon Tate, var meðal fórnarlamba. Polanski er í greininni sakaður um að hafa gripið um mitti leikkonu á leið sinni til jarðarfararinnar og sagt: „Ég geri þig að næstu Sharon Tate“. Þessi ummæli hafa nú verið dæmd dauð og ómerk. Enn og aftur hefur sjónum verið beint að þeirri staðreynd að Polanski er flóttamaður undan réttvísinni þó svo að téðir tveir dagar í Kaliforníu árið 1969 gleymist raunar aldrei.

### Látum Helter Skelter hefjast

Sumarnótt, 9. ágúst 1969, í Kaliforníu. Sharon Tate hafði boðið fjórum vinum sínum í heimsókn til sín enda var Polanski staddur í Evrópu við upptökur á nýrri mynd. Hún var komin átta og hálfan mánuð á leið og vildi ekki vera ein. Þau sátu öll saman að tedrykkju þegar meðlimir Manson-fjölskyldunnar ruddust inn á heimilið. Afleiðingarnar voru slátrun sem kostaði sjö manns lífið.

Hún var ógeðfelld aðkoman þegar húshjálp Polanski-hjónanna kom að. Það var búið að drepa alla, þar á meðal hina ófrísku Tate, og blóðslettur var að finna úti um allt. Nærri heimili Polanski-hjónanna fundust hjónin Leno og Rosemary LaBianca myrt. Á bæði heimilunum var búið að rita með blóði „Helter Skelter“ og „Death to the Pigs“ á veggi.

Það var Charles Manson, trúarleiðtogi hóps sem kallaði sig Manson-fjölskylduna, sem fyrirskipaði þessi morð. Fylgismenn Mansons trúðu því að hann væri Jesú Kristur endurborinn. Hann væri fimmti engillinn, hinir fjórir væru Bítlarnir. Hann predikaði kynþáttastríð milli svartra og hvítra sem hann kallaði Helter Skelter, eftir lagi Liverpool-drengjanna. Þetta kynþáttastríð átti að hefjast í kringum sjöunda áratuginn en þegar sá spádómur rættist ekki fyrirskipaði Manson morðin. Hann taldi svarta kynstofninn óhæfan til að hefja nokkuð án þess að sá hvíti hefði kennt honum það. Morðin áttu að leiða til Armageddon, heimsendis, þar sem eingöngu meðlimir í Manson-fjölskyldunni lifðu af auk svartra þræla sem þeir gætu notað.

### Susan játar allt

Í fyrstu var lögreglan í Los Angeles ráðþrota og hafði ekki hugmynd um hverjir gætu staðið að slíkum ódæðisverkum. Málið skýrðist ekki fyrr en Susan Atkins, sem hafði verið handtekin grunuð um morð, sagði samfanga sínum frá þessum slátrunum. Hún sagði enn fremur frá áætlunum um að drepa Elizabeth Taylor með því að brenna Helter Skelter yfir allt andlit hennar. Það hefði verið á stefnuskránni að vana Richard Burton og senda lim hans í pósti ásamt augum Taylor til Eddie Fisher. Þá átti að flá Frank Sinatra lifandi á meðan hann hlustaði á sjálfan sig.

Með þessum vitnisburði komst lögreglan á spor Manson-fjölskyldunnar og náði að klófesta trúarleiðtogann. Réttarhöldin yfir honum breyttust í sirkus þar sem enginn úr Manson-fjölskyldunni vildi viðurkenna að Charles Manson væri höfuðpaurinn. Þegar minnst var á nafn hans lét Charles í sér heyra með margvíslegum hætti og allt ætlaði um koll að keyra þegar Manson-meðlimirnir fóru með kvæði á latínu í hvert skipti sem nafn hans var nefnt. Manson sjálfur mætti í réttahöldin með rautt X á enninu.

Eftir 22 vikur krafðist dómarinn þess að lokavörnin yrði flutt. Verjandi Manson-fjölskyldunar, Ronald Hughes, stóð þá upp og sagði: „Hr. dómari. Ég legg mál mitt í dóm“. Þetta reyndust hans síðustu orð, því nokkrum dögum síðar fannst hann myrtur. Hughes varð þó síðasta fórnarlamb sértrúarhópsins því það tók kviðdómendur níu daga að dæma Manson og fylgismenn hans seka.



**CHARLES MANSON** Hann taldi meðlimum sértrúarhóps síns trú um að hann væri fimmti engillinn. Hinir fjórir væru Bítlarnir.

Charles Manson fékk þyngstu refsinguna. Hann varð þar af leiðandi fyrsti fjöldamorðinginn sem dæmdur var í fangelsi án þess að hafa nokkru sinni drepið mann. Manson er í dag einn vinsælasti fangi Bandaríkjanna og hafa lög hans, textar og margt annað tengt honum ratað á heimasíður.

### Polanski handtekinn

Næstu ár reyndust Polanski mjög erfið þar sem hann hafði ekki einungis misst konu sína heldur einnig ófætt barn. Meðferðin á líkunum var hræðileg og lík Tate mjög illa farið.

Polanski eyddi næstu árum sínum í sorg og sagði meðal annars í réttarhöldunum á dögunum að hann hefði notað kynlíf til þess að sefa sársaukann. Árið 1974 virtist Polanski hafa náð sér og leikstýrði Jack Nicholson, Fay Dunaway og hinum aldna John Huston í Chinatown. Hún sló umsvifalaust í gegn og Polanski komst aftur í sviðsljósið. Hann og Nicholson lifðu hinu góða lífi sem fylgir velgengni í borg kvikmyndanna.

Árið 1977 var það þó Polanski sjálfur sem komst í kast við lögin þegar hann var kærður fyrir að hafa gefið þrettán ára gamalli stúlku áfengi og eiturlyf og í kjölfarið haft mök við hana. Þetta atvik átti sér stað inni á baðherbergi Nicholsons.

Polanski flúði land og settist að í París, þar sem hann hefur búið síðan. Hann má ekki stíga niður fæti í þeim löndum sem hafa gert framsalssamning við Bandaríkin. ■



**ROMAN POLANSKI** Leikstjórinn pólski var fundinn sekur um að hafa gefið þrettán ára gamalli stúlku eiturlyf og áfengi og haft síðan mök við hana. Hann flúði land og býr nú í París.



**SHARON TATE** Þessi mynd var tekin af Sharon Tate aðeins nokkrum dögum áður en Manson-fjölskyldan réðst að henni og vinum hennar og myrti á grimmilegan hátt.






**MEL GIBSON**
Kappinn er að byrja á nýrri mynd sem mun fylgja eftir hinni gríðarvinsælu The Passion of Christ.

## Gibson leikstýrir Apocalypto

Leikarinn Mel Gibson ætlar næst að leikstýra kvikmyndinni Apocalypto. Eins og oft áður er Gibson fastur í gamla tímanum í þessari mynd, sem gerist fyrir 3000 árum.

Talið er að myndin sé byggð á sögu gyðinga um hóp sem gerði uppreisn gegn spilltum konungi. Hátíð gyðinga, Hanukah, er einmitt byggð á þessari sögu. Gibson mun ekki fara með aðalhlutverk í myndinni en það gerði hann ekki heldur í síðustu mynd sinni, The Passion of Christ. ■





**ÚTFÆRSLA HRAFNS** Á þessari mynd hef ég lyft húsunum þremur hvert upp á annað, og gert þau öll að einu húsi. Þannig myndaðist pláss fyrir þann opna fiskmarkað sem Reykjavík vantar, rými yrði fyrir dráttarbraut við sjóinn þar sem draga mætti upp skip sem gæti þjónað sem leikskóli og kaffistofa. Og hvað myndi gerast meira; útsýni myndaðist til hafs ofan úr hverfinu. Og kæmi nýja húsið til með að skyggja á einhvern – yrði það ekki meira en það sem hvort eð er yrði byggt, því þegar komið er yfir fjórar hæðir á þessum stað er komið upp fyrir alla aðra byggð.

# Upp úr flatneskjunni

Skipulagsráð Reykjavíkur kynnti á dögunum hugmyndir um nýtt skipulag á gamla slippsvæðinu við Mýrargötu. *Hrafni Gunnlaugssyni* leist ekki á þá framtíðarsýn sem þar birtist og hefur aðrar hugmyndir að skipulagi svæðisins.

Ég rak augun í tölvugerða ljósmynd í Fréttablaðinu um daginn, sem á að sýna framtíðarútlit við strönd Slippsins í Reykjavík. Ég fór að velta þessari mynd fyrir mér og prófaði að lyfta húsunum þremur upp hvert á annað og byggja á hæðina til að skapa pláss við sjóinn. Hér fylgja tvær snöggsoðnar útfærslur (þar sem notast er við skipulagsmyndina). Ég vona að þessar útfærslur verði til þess að menn fari að velta því fyrir sér hvort ekki megi gera eitthvað miklu betra og skemmtilegra við svæðið en nú er áætlað.

Með því að byggja á hæðina væri jafnframt hægt að leyfa litlu skrítnu húsunum eins og hamborgarabúllunni hans Tomma að standa. Þannig mætti tvinna saman það sem er sérstakt á staðnum og skapa um leið íbúðabyggð þar sem margir gætu búið, ný íbúðahús sem féllu að hverfinu og yrðu byggð á hæðina en eyddu ekki öllu plássi á jörðu niðri.

Og alskemmtilegast væri ef ein af dráttarbrautunum yrði gerð þannig úr garði að þar yrði dregið upp skip. Það myndi gera heimsókn á þetta svæði enn forvitnilegri fyrir ungviðið.

**Að byggja ofan í jörðina**

Japanskur vinur minn spurði einu sinni: Hvers vegna er Reykjavík öll byggð á hlið?

Ég hváði, og skildi ekki strax hvað hann átti við.

Jú, svaraði hann: Það eru öll hús svo breið og löng og flöt og lág að þau eru eins og múrveggir sem eru beinlínis reistir til að girða fyrir allt útsýni frá götunum. Þegar maður fer um borgina sér maður nær aldrei í gegnum húsastöppuna niður að sjó, og öll eru þessi hús upp á fáeinar hæðir.

> **„Glæsileg hús á hæðina á þessum stað í borginni, myndu lyfta upp flatneskjunni og kompónera yndislega á móti Hallgrímskirkju og Sjómannaskólanum“**

Borgin er eins og lokaðar vinnubúðir reistar til bráðabirgða sem á að flytja fljótlega burt! Og það skrítnasta af öllu: Þar sem nýbyggingar virðast eiga að rísa í Reykjavík eru teknir svo djúpir grunnar að stór hluti húsa er horfinn neðan jarðar. Það er beinlínis verið að byggja ofan í jörðina. Til hvers og hvað kostar svona jarðvinna?

Er þetta ekki einfaldlega það sem er að gerast enn eina ferðina á Mýrargötu og slippsvæðinu?

Það er einfalt að fara á netið og skoða í heild rammaskipulag Mýrargötu og slippsvæðisins (http://www.myrarg.is/). Og hvað blasir við? Á þessu svæði á að byggja lágreistar húsalengjur upp á fáeinar hæðir. Þessar húsalengjur mynda órofna múrveggi, hvern ofan í öðrum og minna helst á verkamannabústaðina gömlu við Hringbraut. Þá gernýta þeir svo allt land á jörðu niðri að varla verður þar auður blettur, auk þess að girða af nær alla sýn til hafs.

Er þetta það sem fólk vill? Ég sá að ungur ofurhugi var að réttlæta þessa hugmynd í *Fréttablaðinu* og sagði: „Slippurinn verður menningarsvæði.“

Ég spyr: menningar hvað? Hvernig verður eitt hverfi menningarsvæði?

Er þetta menningarsvæði? Hvað býr á bak við þessa orðnotkun? Á að jaska orðinu menning á þetta til að afsaka flatneskjuna. Ég á bágt með að trúa því, að „menningunni“ sé gerður greiði með þessu.

**Húsalengju upp á endann**

En hvað er þá til ráða, ef tilgangurinn er að skapa góða íbúðabyggð á svæðinu? Hvernig má halda áætluðum íbúafjölda og jafnvel auka hann?

Ein leið er að reisa húslengjurnar upp á endann. Eða að lyfta húsunum upp á hvert annað eins og ég hef gert á myndunum. Og ekki bara þeim húsum, heldur nær öllu hverfinu. Gera eins og krakkar í kubbaleik, setja einn kubb ofan á annan. Hvað myndi þá gerast? Plássið á jörðu niðri myndi aukast um helming. Og enn meir ef við bættum fleiri kubbum ofan á hina tvo.

Eins og bent er á í texta með myndunum skyggðu hærri hús ekki á útsýni fyrir nokkrum manni því eftir að komið er upp yfir fjórar hæðir er komið upp yfir öll önnur mannvirki sem eru nú þegar á svæðinu fyrir aftan fyrirhugað byggingarsvæði, og ekkert til sem hægt er að skyggja á. Annað er að útsýnið úr húsunum sjálfum yrði dýrlegt, út yfir sundin og höfnina, en ekki bara kaldur múrveggurinn beint á móti.

**Hefur þjóðin ekki uppgötvað lyftuna?**

Hvað er það sem veldur því að fyrirbæri eins og skipulag Mýrargötu og slippsvæðisins kemur fram? Ég hef heyrt þá kenningu að svo stutt sé síðan þjóðin bjó í torfhúsum upp á eina eða tvær hæðir að hún hafi ekki enn náð að tileinka sér þá uppfinningu sem lyftan er. Hvort þessi kenning er tómt grín, er ekki gott að segja, en óneitanlega væri hægt að heimfæra hana upp á þetta skipulag, þar sem flatneskjan ræður ríkjum.

Hægt væri að gerbreyta svæðinu með því að byggja það á hæðina í stað þess að læsa það inni í múrveggjum. Gera það opið og gera hluta af slippnum að sjálfu umhverfinu eins og Danir hafa gert í Köben með sín gömlu hafnarmannvirki.

Glæsileg hús á hæðina á þessum stað í borginni, myndu lyfta upp flatneskjunni og kompónera yndislega á móti Hallgrímskirkju og Sjómannaskólanum. Borgin myndi rísa upp við dogg og vakna.

Hvar er að finna þá sýn sem frelsar okkur frá flatneskjunni?

*Hrafn Gunnlaugsson er kvikmyndaleikstjóri og áhugamaður um skipulag Reykjavíkur. Meðal mynda hans er Reykjavík í nýju ljósi þar sem hann setti fram ýmsar hugmyndir um framtíðarskipulag höfuðborgarsvæðisins.*



**TILLAGA SKIPULAGSYFIRVALDA** Á þessari mynd frá skipulagsyfirvöldum sést ströndin við Slippinn eins og gert er ráð fyrir að hún verði byggð: þrjú lágreist hús sem loka aðgengi að hafi og gyrða fyrir ströndina.



**ÚTFÆRSLA HRAFNS** Hér hef ég hækkað tvö af húsunum til að þrefalda íbúafjölda þeirra og lyfta byggðinni upp úr flatneskjunni. Á milli húsanna yrði stórt autt svæði sem nýta mætti á svipaðan hátt og gert er ráð fyrir á fyrri myndinni.

Sólarupprás Hádegi Sólarlag

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | 4.05 | 13.34 | 23.00 |
| AKUREYRI | 3.27 | 13.19 | 23.07 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

FRÉTTABLAÐIÐ

# allt

## bílar o.fl.

Porsche 911 4S Cabrio reynsluekið

BLS. 2



SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000 OG Á visir.is

*Góðan dag!*

**Í dag er laugardagur 23. júlí, 204. dagur ársins 2005.**

KRÍLIN




**Smáauglýsingar**

*byrja í dag á bls. 6*

**Flokkar**

- Bílar & farartæki
- Keypt & selt
- Þjónusta
- Heilsa
- Skólar & námskeið
- Heimilið
- Tómstundir & ferðir
- Húsnæði
- Atvinna
- Tilkynningar

**ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is**

vísir



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Jón er alsæll með pallbílinn sem er af gerðinni Ford F 250 Harley Davidson. Jón heldur á syni sínum Enok Vatnari.

# Risar sameinast í hönnun

***Pallbílar verða æ vinsælli á Íslandi en þeir eru ekki allir jafn flottir og 100 ára afmælisútgáfan af Ford F 250 Harley Davidson.***

Jón Pétursson bílamálari féll kylliflatur fyrir bílnum. “Það er allt alveg æðislegt við þennan bíl, hvort sem það er útlitið eða notagildið. Þetta er sérstök 100 ára afmælisútgáfa af Ford og Harley Davidson, en það er auðvitað bara von á góðu þegar risarnir leggjast á eitt við að hanna bíl.“

Þrátt fyrir að bíllinn sé bara eins árs er Jón búinn að dunda ýmislegt við hann, meðal annars sprauta hann, bæta við „spoilerum“ og tjúna. „Nú er hann kominn úr 350 hestöflum í 480.“ segir Jón.

Aðspurður um hvað sé flottast við bílinn segir hann alla hönnunina flotta. „Hann er klæddur handsaumuðu leðri að innan, og er bara óstjórnlega töff. Svo nýtist hann mér vel, ég nota hann til dæmis til að flytja mótorhjólið mitt á milli og svo er ég að byggja í Hafnarfirði og þar hefur hann komið að góðum notum.“

Jón hefur verið með bíladellu í áraraðir og á hvorki meira né minna en sex bíla. „Corvettan er í uppáhaldi, svona dæmigerður bíladellubíll og ég er búinn að vera að gera hann upp síðastliðin átta ár. Ég ætla að eiga Corvettuna þegar hún er tilbúin en annars er ég alltaf að kaupa og selja bíla.“

*edda@frettabladid.is*

## LIGGUR Í LOFTINU *í bilum*

**Volkswagen**-framleiðandinn, sem selur meðal annars Volkswagen, Audi, Skoda og Bentley-bifreiðar, hefur aldrei selt jafn marga bíla og í júní á þessu ári. Um 489 þúsund bifreiðar voru afhentar kaupendum, sem er rúmlega tíu prósenta aukning. Mest var söluaukningin í Suður-Afríku.



**Kim Woo-choong**, fyrrum formaður Daewoo, hefur verið ákærður fyrir að falsa reikninga Daewoo og draga sér milljarða dollara. Kim hefur verið á flótta í Evrópu síðastliðin sex ár en sneri aftur til Suður-Kóreu á dögunum.

**Lúxusbílarnir** Audi A6 2005 og Infiniti M35 2006 fengu hæstu einkunn í árekstrarprófun í Bandaríkjunum fyrir skömmu. Mæld voru áhrif árekstrar á hlið og framan á bifreiðina. Audi stóð sig mjög vel í hliðarprófununum og þykir vernda höfuðið sérlega vel. Infiniti kom mjög vel út í heildina og hefur afar lága slysatíðni.

*bilar@frettabladid.is*

Himinn og haf - 9040379

# Hagstæð sumarhúsalán



60% veðsetningarhlutfall

Ertu að byggja, kaupa eða breyta sumarbústað? Þú getur auðveldlega samið um hagstætt sumarhúsalán hjá Frjálsa fjárfestingarbankanum. Lánið getur numið allt að 60% af verðmæti eignar. Til framkvæmda er lánað allt að 75% af byggingarkostnaði.

Ráðgjafar Frjálsa fjárfestingarbankans veita allar nánari upplýsingar. Þú getur komið við í Ármúla 13a, hringt í síma 540 5000 eða sent tölvupóst á **frjalsi@frjalsi.is**.

Dæmi um mán. greiðslubyrði af 1.000.000 kr.*

| Vextir % | 4,95% | 5,50% | 6,50% | 7,00% |
|---|---|---|---|---|
| 5 ár | 18.850 | 19.100 | 19.560 | 19.800 |
| 10 ár | 10.580 | 10.850 | 11.350 | 11.610 |
| 15 ár | 7.880 | 8.170 | 8.710 | 8.990 |

* Lán með jafngreiðsluaðferð án verðbóta

FRJÁLSI FJÁRFESTINGARBANKINN
www.frjalsi.is

**Í eftirdragi** Margt þarf að hafa í huga þegar ekið er með tjaldvagn eða fellihýsi. Áður en lagt er af stað í ferðalagið er skynsamlegt að kynna sér þær reglur sem gilda um akstur með tengivagna. Slíkar upplýsingar má meðal annars nálgast á heimasíðu FÍB: www.fib.is






Það er vart ánægjulegri ferðamáti en að líða um þjóðveginn á kraftmiklum blæjubíl í sumarblíðunni.

# Fjórhjóladrif fyrir ferskloftsfíkla

***Það nýjasta frá Porsche er fjórhjóladrifsútfærsla af nýrri kynslóð 911-blæjubílsins.***

Það árar vel hjá þýzka sportbílaframleiðanum Porsche. Á sama tíma og stóru alþjóðlegu bílasmiðjusamsteypurnar eiga í basli með að láta enda ná saman, setur Porsche hvert sölu- og hagnaðarmetið á fætur öðru.

Það fór ekki hjá því að alþjóðlegi blaðamannahópurinn, sem Porsche-verksmiðjurnar buðu á dögunum til að fræðast um og reynsluaka nýjustu afurðinni – fjórhjóladrifinni blæjuútfærslu af nýjustu kynslóð 911- sportbílsins sígilda, yrði var við þessa velgengni fyrirtækisins, enda fór kynningin fram á einu fínasta hóteli Þýzkalands sem er innréttað í átjándu aldar höll á hæðinni Bensberg austan við Köln.

Í maí í vor kynntu verksmiðjurnar fastþaksútgáfu 911-fjórhjóladrifsbílsins, en báðir bílarnir komu samtímis á markað í haust.

Annar hver nýr Porsche er nú búinn fjórhjóladrifi. Þetta hlutfall er enn hærra meðal þeirra Porsche sem seljast á Íslandi, enda eru þeir flestir Cayenne-jeppar. Frá því Bílabúð Benna tók við umboðinu fyrir sex árum hafa á annað hundrað nýir Porsche selst hér.

**Sprettharka og einstakt veggrip**

Bíllinn sem blaðamaður Fréttablaðsins tók til kostanna í nágrenni Bensberg-hallar fæst í tveimur miskraftmiklum útfærslum. Carrera 4- bíllinn er með 325 hestafla 3,6 lítra boxer-sexu aftan við afturhjólin, en í Carrera 4S er rúmtak vélarinnar 3,8 lítrar og hún skilar 355 hestöflum. Eins og gefur að skilja á hvor vélarútfærslan meira en auðvelt með að skila þessum eins og hálfs tonns þunga bíl áfram. Upptakið í kraftminni bílnum er gefið upp 5,3 sekúndur úr núlli í 100 km hraða, 4,9 sekúndur í kraftmeiri S-bílnum. Hámarkshraði er sagður 280 og 288 km/klst, en svo hraðskreiðir blæjubílar eru mjög fáir á markaði.

Það sem skiptir þó þá sem á annað borð festa kaup á svona blæjubíl meira máli en fræðilegur hámarkshraði er að hægt er að fella og reisa þakið á tuttugu sekúndum með því að þrýsta á einn takka. Þetta er hægt að gera á allt að 50 km hraða. Það hversu lítið vindhljóð heyrist í bílnum þótt ekið sé á yfir 200 km hraða (fullkomlega löglega á þýzkri hraðbraut) er bezta sönnun þess hve vönduð smíði þetta blæjuþak er. Það vegur aðeins 42 kíló sem gerir það mun léttara en fellanleg málmþök sem nú eru annars í tízku á opnum bílum. Fyrir vetrarakstur er einnig hægt að setja „harðtopp“ á bílinn.

Fjórhjóladrifskerfið er eins og í fyrri kynslóðum Carrera 4 frekar til þess gert að betrumbæta sportbíls-aksturseiginleikana en að auka veggripið í vetrarhálku. Að jafnaði fer aðeins 5% vélaraflsins til framhjólanna en séu 30 cm breið afturdekkin við það að missa grip getur kerfið sent allt að 40% aflsins til framhjólanna. Fjórhjóladrifið – ásamt hjólbörðunum ofurbreiðu – gerir veggripið á þurru malbiki svo mikið að freistandi er að grípa til klisjunnar að bíllinn sé sem límdur við veginn þótt hratt sé farið í jafnvel kröppustu beygjur.

**Harði sportkjarninn heldur sér**

Í samræmi við hröðunargetu þessa bíls er hann búinn hemlum sem stöðva hann á jafnskilvirkan hátt. Og þótt staðalbúnaðarbremsurnar séu yfir drifið nógu öflugar geta þeir sem vilja pantað blæjubílinn sinn með keramik-kappakstursbremsum (PCCB) sem kosta frá verksmiðju litlar 7.800 evrur aukalega eða um 610.000 krónur.

Það segir sig annars nánast sjálft að bíll í þessum gæða- og verðflokki er búinn öllum nýjasta öryggis- og þægindaaukabúnaði. Sem betur fer spillir búnaðurinn þó ekki hinum hráa sportbílskjarna sem hefur verið aðalsmerki allra Porsche-bíla frá upphafi og gert þá að draumafarkostum heilla kynslóða akstursáhugamanna.

Verð á götuna frá umboði hér á landi er 10.491.000 kr. á Carrera 4 Cabrio og 11.900.000 kr. á Carrera 4S Cabrio, með fyrirvara um gengisbreytingar. *audunn@frettabladid.is*

**PORSCHE 911 CARRERA 4 CABRIO**
**Vél:** Vatnskæld 6 str. boxer, rúmtak 3,6 l
**Afl:** 325 hö/239 kW v. 6800 sn./mín.
**Tog:** 370 Nm v. 4250 sn./mín.
**Hröðun:** 5,3 sek. 0-100 km/klst
**Hámarkshr.:** 280 km/klst
**Þyngd:** 1.535 kg
**Verð:** 10.491.000 kr.*

**911 CARRERA 4S CABRIO**
**Vél:** rúmtak 3,8 l
**Afl:** 355 hö/261 kW v. 6600 sn./mín.
**Tog:** 400 Nm v. 4600 sn./mín.
**Hröðun:** 4,9 sek. 0-100 km/klst
**Hámarkshr.:** 288 km/klst
**Þyngd:** 1.560 kg
**Verð:** 11.900.000 kr.*
**Umboð:** Bílabúð Benna
*m. fyrirvara um gengisbreytingar




Hægt er að fella og reisa blæjuna á tuttugu sekúndum á allt að 50 km hraða.




Fjórhjóladrifna útfærslan er 44 mm breiðari. Kraftmeiri S-týpan þekkist á fjórföldu pústi.
















Gabriel höggdeyfar, ASCO kúplingssett, Tridon spindilkúlur, stýrisendar, gormar. Drifliðir, drifliðshlífar, ballansstangir. Tímareimar, ökuljós, stefnuljós o.fl. Sætaáklæði, sætahlífar á stóla – vatnsheldar fyrir veiðimenn, hestamenn o.fl. Kerruljós, kerrubretti og nefhjól.
GS varahlutir
Sími 567 6744 • Bíldshöfða 14 • 110 Reykjavík





KIA Picanto 1.1. LX er léttur og góður smábíll. Nú hefur könnun ADAC leitt í ljós að hann er hagkvæmasti smábíllinn á markaðnum.

# Hagkvæmasti smábíllinn

**Könnun ADAC staðfestir að KIA Picanto1.1 LX er hagkvæmasti bíllinn í Þýskalandi.**

Samtökin ADAC stóðu nýlega fyrir reglubundinni könnun á kostnaði við rekstur bíla. Í könnuninni var reiknaður út samanlagður rekstrarkostnaður yfir fjögurra ára tímabil miðað við 15.000 kílómetra akstur á ári. Við útreikninga var tekið tillit til innkaupsverðs, afskrifta, endursöluverðs, fastrar þjónustu og viðhalds, eldsneytis, dekkja, hemla, trygginga, skatta og virðisaukaskatts.
Könnunin sýndi að fimm dyra KIA Picanto 1.1 LX er hagkvæmasti fjögurra sæta bíll Þýskalands í A-flokki smábíla. Heildarkostnaður við rekstur bílsins er 353.000 krónur eða aðeins 23 krónur á kílómetra.
Auk hagkvæmninnar er Picanto skemmtilegur smábíll í alla staði. Hann er lipur í akstri, rúmgóður að innan og ekki skemmir fyrir að hann er ákaflega umhverfisvænn. Framleiðendur KIA Picanto stefna að því að selja um 330 þúsund bíla á árinu 2005 í Evrópu og eflaust á könnun ADAC eftir að hafa einhver áhrif á söluna.

**KÖNNUN ADAC Á REKSTRARKOSTNAÐI BÍLA**

1. Kia Picanto 1.1 LX fimm dyra
2. Daihatsu Cuore 1.0 Plus þriggja dyra
3. Daihatsu Cuore 1.0 Plus fimm dyra
4. Suzuki Alto 1.1 Club fimm dyra
5. Hyundai Atos 1.1 fimm dyra
6. Fiat Seicento 1.1 þriggja dyra
7. Citroen C2 1.1 þriggja dyra Advance
8. Daihatsu Cuore 1.0 Top þriggja dyra
9. Citroen C2 1.1 þriggja dyra Style
10. Suzuki Alto 1.1 Comfort

## Integra oftast stolið

ACURA INTEGRA COUPE 1999 VAR OFTAST STOLIÐ Í BANDARÍKJUNUM Í FYRRA.

Acura Integra Coupe 1999 hlýtur þann vafasama heiður að vera sú tegund bíla sem stolið var oftast af öllum bílum í Bandaríkjunum á síðasta ári. Ástæðan er talin öflug vél bílsins.



Einn af hverjum tvö hundruð skráðum Acura Integra 1999 var stolið í fyrra. Annar á listanum var BMW M Roadster 2002 og í þriðja sæti Acura Integra 1998. Aðrar bifreiðar á topp tíu listanum eru GMC V2500 19991, Audi S4 2002 og Mercury Marauder 2004.



Sýningarsvæðið við nýja húsið að Klettháls er stórt og vel upplýst. Þar eru 250 stæði.

## Nýtt og stærra bílaþing

BÍLAÞING HEKLU OPNAR NÝJA STARFSSTÖÐ Í NÆSTU VIKU.

Í næstu viku opnar Bílaþing Heklu nýja starfsstöð við Klettháls 11 í Reykjavík. Við nýtt hús Bílaþings eru 250 útistæði á góðu og upplýstu sýningarsvæði. Aðstaðan er öll hin glæsilegasta og fyrir þá sem leita að notuðum bíl er um að gera að skoða úrvalið. Þrátt fyrir flutningana segir Bílaþingið ekki alveg skilið við Heklusvæðið á Laugavegi. Þar verða enn þá nokkrir valdir notaðir bílar til sölu.
Í tilefni opnunarinnar verða góð tilboð á notuðum bílum og í boði er 100 prósent fjármögnun af völdum bílum.



Marga skyggingartóna af filmum er hægt að fá hjá 12 voltum en alla innan löglegra marka.

# Eykur öryggistilfinningu á vegum úti

***Sumarið er tíminn þegar bifreiðaeigendur vilja gjarnan fá sér filmur í bílrúðurnar til að vernda farþega og innréttingar bílsins gegn sól.***

„Filmur eru úr plastefni og mikill munur á hágæðafilmum og lággæðafilmum. Við notum aðeins hágæða filmur og kostirnir við þær eru að þær upplitast ekki og halda litnum betur," segir Tryggvi Einarsson, verslunarstjóri hjá 12 voltum á Malarhöfða 2 í Reykjavík.

„Bíllinn hitnar ekki eins mikið í sól ef filmur eru í rúðunum og hitinn helst í bílnum ef kalt er úti. Filmurnar halda sem sagt varmanum inni í bílnum. Filmurnar sem við seljum eru með 98 prósent eða meiri vörn fyrir útfjólubláum geislum. Sólarvörnin verndar innréttingar bílsins og þær halda sér betur. Rétt eins og þegar maður færir stofuhúsgögn til verður parkettið upplitað með tímanum. Það sama gildir um bifreiðar," segir Tryggvi, sem mælir með filmum og lítur á þær sem mikilvægt öryggisatriði. „Í öllum bílrúðunum nema framrúðunni er perlugler sem molnar í smáa bita þegar það brotnar, til dæmis í umferðaróhappi. Ef filma er í rúðunum helst rúðan saman þegar hún brotnar og verður eins og þunnt pappaspjald. Löggjöfin um filmur segir til um að ekki megi líma filmur í framrúðuna eða framhliðarrúðuna. Það eru til margir skyggingartónar í filmum og það má ekki einu sinni líma glærar filmur í rúðurnar að framan. Ef glærar filmur væru settar í framhliðarrúðurnar gæfi það ökumanni vissulega öryggistilfinningu því ef eitthvað hendir hann perlast glerið ekki yfir hann," segir Tryggvi en starfsmenn 12 volta fylgja að sjálfsögðu lögum og reglum og setja ekki filmur þar sem ekki má.

„Það er mikið af fjölskyldufólki sem fær sér mjög dökkar filmur í afturrúðurnar, barnanna vegna. Hlífar í rúðum hylja stundum ekki alla rúðuna og getur skinið á milli inn í bílinn og á börnin. Smábörn eiga erfitt með að vera með sólgleraugu en þegar öll rúðan er þakin filmu veitir það meiri sólarvörn, meira öryggi og foreldrar finna fyrir meira öryggi með þá staðreynd að ef eitthvað kemur fyrir perlast glerið úr rúðunni ekki á börnin," segir Tryggvi en filmur geta líka virkað sem þjófavörn. „Jeppafólk er oft með mikinn og dýran búnað í bílnum en með filmunum sjá þjófar ekki inn og þá eru minni líkur að tækjunum sé stolið."

*lilja@frettabladid.is*



Tryggvi er mjög hlynntur filmum í bílrúðum og telur þær vera mikið öryggisatriði.


RÆSIR HF
Skúlagötu 59, sími 540 5400 www.raesir.is

Varahluta- og verkstæðisþjónusta
Erum sérhæfð í varahluta- og verkstæðisþjónustu fyrir eftirtaldar tegundir bifreiða
Mercedes-Benz
Chrysler
Jeep
Mazda
Verkstæði Ræsis er opið frá kl. 7.30–18.00 og varahlutaverslun frá 8.00–18.00 alla virka daga. Sími 540 5400
Tímapantanir í síma 540 5432 eða á verkst@raesir.is
Himinn og haf / SÍA



BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS

TOYOTA viðgerðaraðili Almennar bílaviðgerðir
Skemmuvegi 16 (Blá gata) • 200 Kópavogur • Sími 587 1350




CHRYSLER 300C árg 2005
Ný skr.04.05, ekinn 6.500 km, innfluttur nýr, 2ja ára verksmiðjuábyrgð og þjónustub.
Vél: V6 3500 CC. - 268 hestöfl. **Meðaleyðsla innanbæjar 14.L**
Hvít leðurinnrétting, rafm. og minni í sætum, bakkskynjari, CD 6 diska magasín, MP3 player, 18'' álfelgur, regnskynjari, Xenon ljós, ESP stöðugleikakerfi o.m.fl.
Verð kr. 5.090.000.- Bílasamningur kr. 3.000.000.- Upplýsingar í síma 896-6860



BENZ C 220 CDI Elegance

Modelár 2004 – Skr.d. 09/2003 – Ekinn: 52 þús. km
Ásett verð: 4,4 milj. – **Tilboð óskast – S. 821-4626**



Nýjasta æðið!

Scooterhjól með mótor í fyrsta sinn á Íslandi!
Engin trygging nauðsynleg - flokkast sem reiðhjól.
Notist á gangstéttum.
Engin aldurstakmörk.
Munið eftir hjálmunum!
Sími: 869 0898



Njóttu frelsisins...

MAZDA TRIBUTE
Eigum til afhendingar strax nokkra bíla á afar hagstæðu verði!
Ríkulega útbúnir fjórhjóladrifnir MAZDA TRIBUTE árg. 2005 verð frá **kr. 2.550.000.-**
2ja ára verksmiðjuábyrgð
X4 ehf.
Malarhöfða 2 - 110 Reykjavík - Sími: 565 2500 - Netfang: x4@x4.is - **www.x4.is**

**Vegabréf**
Taktu með þér ljósrit af vegabréfinu þínu þegar þú ferð til útlanda, sérstaklega ef þú ert að ferðast til framandi slóða. Ef vegabréfið týnist eða því er stolið getur verið auðveldara að losna úr vandræðum með ljósrit við höndina.



# Jórvík - eitthvað fyrir alla

***Í Jórvík þarf að einbeita sér að því að láta sér leiðast, slíkt er framboðið af söfnum, gönguferðum og veitingastöðum.***

**Veitingastaðir:**
**Little Betty's Café við Stonegate** er svissnesk-jórvískt kaffihús þar sem má fá alls kyns kökur og mat sem bráðnar í munni. Það er alltaf biðröð eftir sætum á kaffihúsinu en hún gengur hratt fyrir sig. Þeir sem geta ekki beðið kaupa hins vegar eitthvað ótrúlega ljúffengt í bakaríinu og fara niður að ánni og borða það þar.



**The Blue Bicycle við Fossgate** er veitingahús sem sérhæfir sig í fiskréttum og jafnvel kröfuharðir Íslendingar undrast bragðgæðin og fallega framreiðsluna. Staðurinn dregur nafn sitt af gleðihúsi sem var í kjallaranum en veggir þar eru enn þá prýddir myndum af starfsstúlkum auk þess sem líta má bása þar sem þær stunduðu iðju sína.



**Söfn:**
Íslendingum finnst þeir kannski lítið þurfa að læra um víkinga en ýmislegt gæti samt komið þeim á óvart í glæsilegu **Víkingasafninu** í Jórvík, þar sem farið er í tímaflakk á vögnum gegnum víkingabyggðina eins og talið er að hún hafi verið og fornleifauppgröfturinn svo skoðaður í kjölfarið.

**Dómkirkjan í York** er ein glæsilegasta bygging veraldar og þar er hægt að eyða heilum degi í að skoða. Einkum er spennandi að skoða grafhýsin, þar sem til sýnis eru fornminjar allt frá tímum Rómverja og Saxa.

Meðal fjölda annarra safna má nefna safn tileinkað **Ríkharði þriðja**, sem átti einmitt sögu sína á þessum slóðum, stærsta safn um **sögu lesta og ferðalaga** á Bretlandseyjum og **Skyggnigáfusafnið** þar sem leitast er við að sanna og afsanna það yfirskilvitlega.



**Ýmislegt:**
**York** er afar draugarík borg og boðið er upp á fjölda gönguferða um **draugaslóðir** þar sem draugasögur eru raktar. Þá er hægt að bregða sér á veðreiðarnar á laugardögum og kynna sér eina helstu þjóðaríþrótt Breta. Konunglega Ascot-hlaupið, sem frægt er fyrir hattaprýði, var til dæmis haldið í York fyrr í sumar.

Svo er líka skemmtilegt að sigla eftir ánni og ganga eftir **borgarmúrnum** en hægt er að ganga eftir nánast öllum múrnum á þremur klukkutímum og alls staðar eru skemmtileg lítil kaffihús þar sem hægt er að æja ögn áður en göngunni er haldið áfram.









Dómkirkjan í York hefur staðið í rúm þúsund ár og er einstaklega falleg og mikilfengleg bygging, troðfull af sögu og leyndardómum.

# Saga Englands í einni borg

***Þeir sem eiga leið um Bretlandseyjar ættu ekki að láta gömlu Jórvík framhjá sér fara.***



Clifford's Tower stóð forðum vörð um borgina og hýsti jafnframt sakamenn en er nú eitt margra kennileita borgarinnar.

Jórvík eða York er ein þeirra borga sem hafa hvað lengsta sögu á Bretlandseyjum og nær skrásett saga borgarinnar allt aftur að þeirri tíð er Rómverjar hertóku Bretland. Georg VI Englandskóngur sagði eitt sinn að saga Jórvíkur væri saga Englands og það eru orð að sönnu. Í dag er York einstaklega falleg borg þar sem sögulegar minjar blasa við hvert sem litið er. Um leið og komið er út af lestarstöðinni má sjá múrinn sem umlykur gömlu borgina en eftir honum er hægt að ganga og fá þannig greinargóða mynd af borginni. Innan borgarmúranna eru göturnar steinlagðar, litlar og þröngar og fullt af spennandi litlum verslunum sem bjóða upp á óvenjulegan varning og kaffi- og veitingahúsum sem flest eru í mjög háum gæðaflokki. Dómkirkjan í York er einstaklega mikilfenglegt mannvirki og er hiklaust hægt að mæla með heilum degi í að skoða hana.

Árnar Ouse og Fosse renna gegnum borgina og hægt er að fara í skemmtisiglingu eftir þeim þar sem leiðsögumaður lætur fróðleiksmola fljóta með.

**Gott að versla**
Í York má finna allar helstu verslanakeðjur Bretlandseyja og gera má góð kaup á útsölum. Frá York er stutt að fara með lest til helstu borga Norður-Englands og einnig má sérstaklega mæla með dagsferð til strandbæjarins Scarborough.

Íbúar York eru einstaklega greiðviknir og alúðlegir og stoltir af borginni sinni. York er háskólabær en á sumrin gætir nokkurs ferðamannastraums og Bretar sækja borgina heim í töluverðum mæli til að kynnast sinni eigin sögu og menningu.



Götulífið í York er blómlegt enda flottar búðir og skemmtileg kaffihús á hverju horni.

**Hvernig kemst ég þangað?**
Hægt er að fljúga með Flugleiðum og Iceland Express til Lundúna. Frá Stansted-flugvelli er hægt að taka lest beint norður í land og lítið mál er að komast frá Heathrow-flugvelli til Paddington-lestarstöðvarinnar og þaðan til Jórvíkur en ferðin tekur tvo og hálfan til þrjá tíma. Einnig er hægt að fljúga til Glasgow og taka lest frá aðallestarstöðinni þar í borg. Þá er auðvitað lítið mál að taka bílaleigubíl og vera á eigin vegum. Ef ætlunin er að dvelja í York en ekki skoða nærsveitir er yfirleitt hægt að komast flestra sinna ferða gangandi.

Fjölmörg skemmtileg og tiltölulega ódýr gistiheimili eru í nágrenni miðbæjarins en verðið er reyndar breytilegt eftir árstíma. Hægt er að líta á heimasíður eins og www.york-tourism.co.uk eða www.thisisyork.co.uk.

Börnum þarf ekki að leiðast í York. Mörg safnanna, til dæmis víkingasafnið, sinna þeim sérstaklega. Þá eru gæsir og endur sem búa við árnar ákafir brauðþiggjendur og á torgunum í York má finna leiktæki eins og hringekjur og hoppikastala.

Gamla Jórvík er falleg borg, þrungin sögu og afþreyingu, og býður upp á eitthvað fyrir alla.

brynhildurb@frettabladid.is

## Upplýsingabrunnur um ferðamál

VEFURINN FERDALAG.IS ER STÚTFULLUR AF UPPLÝSINGUM SEM ÆTTU AÐ NÝTAST FERÐAMÖNNUM INNANLANDS.

Vefurinn ferdalag.is er frábær viðbót við ferðaflóruna. Upplýsingabrunnur um ferðamál er sannkallað réttnefni á vefnum. Hvort sem vantar almennar upplýsingar um staðhætti eða hvar næstu sundlaug er að finna, geymir vefurinn svör við flestum spurningum sem vakna hjá ferðamanninum.
Meðal annars er hægt að fletta upp á öllum gististöðum hvar sem er á landinu á vefnum. Á honum er einnig leitarvél sem leitar að afþreyingu, samgöngum og gistingu eftir landshlutum. Alls konar þarfar upplýsingar er einnig að finna þar, meðal annars mjög þarfar ábendingar fyrir fólk sem ferðast með tjaldvagna og hjólhýsi svo fátt eitt sé nefnt.
Umsjón vefsins er í höndum Ferðamálaráðs Íslands.

# Ekki bara fyrir ferðamenn

SJÓSTANGVEIÐI ER VINSÆL MEÐAL FERÐAMANNA. DUUS TOURS ER EITT ÞEIRRA FYRIRTÆKJA SEM BJÓÐA UPP Á SKEMMTILEGAR SJÓSTANGVEIÐIFERÐIR SEM HENTA ALLRI FJÖLSKYLDUNNI.

Duus Tours gerir út einn bát frá Ægisgarði í Reykjavík og þaðan er farið í daglegar sjóstangveiðiferðir með ferðamenn. Ferðirnar taka um þrjá til fjóra tíma og um 20 manns komast með í hverja ferð.
Páll Jónsson hjá Duus Tours segir að ferðirnar gangi vel enda sé um góða skemmtun og útivist að ræða. „Þetta hefur til dæmis verið vinsælt fyrir steggjapartí og vinnustaðaferðir. Við getum tekið stóra hópa og svo er líka alltaf pláss fyrir einstaklinga. Við siglum út á Faxaflóann og dólum þar. Það eru ágæt fiskimið hérna og við finnum alltaf fisk. Það er fjarri lagi að sjórinn sé að verða tómur og þrátt fyrir kvótakerfið er okkur heimilt að veiða í soðið," segir Páll kíminn. Hann segir að þorskur, ýsa og ufsi séu meðal þeirra tegunda sem bíti á.
Páll segir að útlendingar hafi verið duglegri en Íslendingar að nýta sér sjóstangveiðina. „Okkur þætti gaman að sjá fleiri Íslendinga um borð. Þetta virðist hins vegar vera dægrastytting sem fólk veit lítið um. Margir hafa aldrei dregið fisk úr sjó og því getur þetta verið mikil upplifun. Fiskurinn sem maður veiðir sjálfur er líka bestur á bragðið," segir Páll.
Hægt er að panta ferðir með Duus Tours með því að hafa samband í síma 898 951.



Páll Jónsson hjá Duus Tours vill sjá fleiri Íslendinga um borð.






## út í heim }



## Svo ljúft í Nice

NICE ER PERLA FRÖNSKU RÍVÍERUNNAR OG VERÐUGUR VIÐKOMUSTAÐUR ALLRA FERÐALANGA.

Borgin Nice eða Nizza á frönsku rívíerunni er kjörinn áfangastaður þeirra sem flakka um Suður-Evrópu. Einnig er auðvelt að ná tengiflugi til Nice frá París eða London, svo einhverjir staðir séu nefndir. Þessi fornfrægi leikvöllur hinna ríku og frægu býður upp á fallegar strendur, öflugt menningarlíf og hressilegt næturgaman auk þes sem gamli bærinn sjálfur er fallegur og bæjarstæðið einstakt. Akkúrat núna er auðvitað mjög heitt við Miðjarðarhafið en það er ekkert sem kalt hvítvínsglas, góður sólhattur og stórkostlegur ís geta ekki jafnað út.
Hér er ýmislegt sem hægt er að gera í þessum sögufræga franska strandbæ:

- Fáið ykkur morgunkaffi á Le Pain Quotidien í morgunsárið og fylgist með þegar blómamarkaðurinn er opnaður.
- Skoðið allar búðirnar, bæði þær sem selja frönsk hátískuföt og líka vínbúðirnar og sælkerabúðirnar og búðirnar með litla skemmtilega dótinu...
- Smakkið á furðulega góðgætinu sem fæst á ítalska grænmetisveitingastaðnum La Zucca Magica við höfnina í Nice. Það er ódýrt, og eigandi staðarins syngur fyrir ykkur.
- Farið á skemmtistaðinn Cherry's Café í gamla hverfinu, drekkið gott hvítvín sem ræktað er einhvers staðar í nágrenninu og fylgist með ríka og fallega fólkinu og hvernig það skemmtir sér á rívíerunni
- Fáið ykkur Fenocchio-ís á Rosettitorginu. Hann er heimsfrægur af gæðum og mjög óvenjulegur að auki. Rjómaís með basilbragði er til dæmis ekki til í mörgum ísbúðum.


Nissan Sunny '91, nýskoðaður með nýstillta vél. Ekinn 210 þús. Í ágætu standi. Selst á 100 þús stgr. S. 824 0505.


Nissan Prairie '88 ek. 193 þús. Í góðu ástandi. Einn eigandi. Uppl. í s. 868 3089.


MMC Colt GLX '91, ekinn 144 þús. Þarfnast smá lagfæringar. Skipti mögu-leg á mótorhjóli. Verð tilboð. Uppl. í síma 661 8902.


Til sölu Toyota Corolla '92, ekin 178 þús. Lítur vel út. Verð 160 þús. S. 821 5105.


Blazer S-10 árg. '85, 8 cyl, ssk, 38" dekk, 44 hásingar, nospin að aftan, recaro stólar. Selst ódýrt. Uppl. í s. 866 9997.


VW Golf '95, ek. 125 þús. km, 3 dyra, 5 gíra, hvítur, nýskoðaðaður '06, fínn bíll, selst á aðeins 180 þús. CD. S. 691 4441.


VW Golf '95 ek. 180 þús. Nýsk. V. 200 þús. kr. Uppl. í s. 824 7168.

Suzuki Swift árg. '92 til sölu. Sparneytinn. Skoðaður '06. Verðhugm. 120 þús. Sími 861 5617.

GMC Van, árg. '83 6,2 dísel bsk., 4x4, 35" dekk, hálf slitin. Loftpúðafj.a.f. Innréttaður með svefnaðst. Þarfnast lagf. á boddíi. Verð 150 þ. S. 893 3532.

Til sölu Volvo 740 árg. '88 aðeins ekinn 155 þús. Einn eigandi. Ný dekk, nýtt í bremsum, tilbúinn í ferðalagið. Uppl. í síma 892 4360.

### Athugið!

Til sölu Toyota Foreigner 1988 5,71 loftlæstur að aftan, breyttur fyrir 38". Verð 60 þús. Sími 897 9665.

Tilboð!!! Tilboð!!! Opel Corsa '97 ek. 123 þús. Sk. '06. V. 220 þús. Uppl. í s. 860 7780.

MMC Galant árg. '92, álfelgur, cd, spoiler, fæst á góðu verði. Uppl. í s. 863 3672 Eiður.

Góður Ford Escort station '95, sk. '06, ek. 157 þ. Fæst ódýrt. Mikið endurnýjaður. S. 698 7629.

Suzuki Vitara '92, sjálfskiptur, JLXi, ek. 180 þús. Uppl. í síma 864 3177.

Opel Omega '95 til sölu. Ekinn 118 þús. Upplýsingar í síma 659 0716.

Volvo 240 station árg. '93, nýskoðaður, ekinn ca 160 þús. Verð 250 þús. Uppl. í síma 821 9984 & 893 2284.

Hyundai Scoupe árg. '95, svartur, turbo, ekinn 110 þús. Verð 170 þús. Uppl. í síma 893 2284.

Peugout 106 color line árg. '98. ek. 108 þ., ssk., 5 dyra. Ásett verð 350 þús. Tilboð 200 þús. Snyrtilegur bíll. Uppl. í s 691 9374.

VW Polo árg. '96 1,4 ekinn 160 þús. Hvítur. Verð 110 þús. Uppl. í síma 690 0559 e. kl. 18.

Benz 230 '84, einnig Lancer GLX '90, ek. aðeins 109 þús. km, báðir nýsk. í toppstandi. Einnig óskar Zodiak. S. 660 0109.

Suzuki Swift '88 sk. '06 ný nagladekk á felgum fylgja. Verð aðeins 38 þús. S. 661 3548.

MMC Galant '92 glsi 4x4, ekinn 204 þús. Hlaðbakur, rauður, rafmagn í rúðum, cruse control, beinskiptur, cd, góður bíll. Verð 160 þús. Upplýsingar í síma 845 2092, Kristinn.

Mitsubishi Lancer GLXI, árg. '93, ek. 205 þ. km. Hvítur, verð 100 þ. kr. S. 891 6444.

Einn góður! Toyota Corolla '92 sk. '06, 2ja dyra, nýtt í bremsum, nýlegt púst, gott kram, topp bíll. Verð 90 þús. S. 659 2452.

Toyota Corolla 1,6 Si árg. '93 ekinn 180 þús. Rauður. Verð 250 þús. S. 698 8923.

Til sölu MMC Colt '92, ek. 209 þús. Verðtilboð. Uppl. í síma 661 4584.

Til sölu Toyota Corolla 1,6 '93. Sk. '06. Og Toyota Corolla '93 1,6 þarfnast lagfæringar. S. 868 3069.

### Nýskoðaður og yfirfarinn!

Hyundai Elantra 1800 árg. 1996. Mjög góður bíll. Verð 170 þús. S. 840 5761.

Suzuki Vitara árg. '94, ekinn 245 þús. Þarfnast lagfæringa fyrir skoðun, er á númerum. Verð 120 þús. Uppl. í síma 867 3789.

Toyota Camry 2.2 '95, ssk. Ek. 70 þús., milur. Tjónaður að framan, varahlutir fylgja. S. 894 3005.

Til sölu MMC Eclipse árg. '93 1800 vél, þarfnast lagfæringar. Tilboð óskast. Uppl. í síma 848 2783.

Til sölu Hyundai Accent árg. '95, ekinn 97 þús. km. Í góðu standi. Verð 150 þús. stgr. Fallegur bíll. Uppl. í s. 820 4640.

Mazda 626 GLX sjálfskiptur, árg. '89, nýuppgerð vél. Verð 55 þús. Uppl. í s. 845 3490.

Til sölu Subaru Legacy '92, fjaskafallegur, góður vinnubíll. Verð 150 þús. Uppl. í síma 663 7576.

MMC Lancer 4x4 '93, ek. 190 þús., beinsk. Þarfnast lítilsh. lagfæringar. Verð 70 þús. S. 899 5075.

Til sölu Nissan Micra '95 ekinn 130 þús. Rauður, cd MP3. Þarfnast skoðunar, er í toppstandi. Lítur vel út. Verð 150 þús. Uppl. í síma 867 4980.

### Fyrir verslunarmannahelgina

Chrysler le Baron '88, ek. 98 þús. m, álfelgur, ný dekk, ökufær en þarfnast smá lagfæringa. Verð 50 þús. eða tilboð. Uppl. í síma 863 8315.

## 250-499 þús.


Daihatsu Feroza jeppi skr. '92, ekinn aðeins 135 þús. Nýskoðaður. Dráttarkúla, 31" nýleg heilsárdekk, álfelgur. Gott eintak. Verð 290.000. S. 554 0771 eða 898 4186.


Til sölu Ford KA árg. '98. Ný sumardekk og litið notuð vetradk. Ek. 70.000km. Sk. '06. V. 425.000. Uppl. í síma 691 0509, Dísa.


Til sölu algjör gullmoli M.Benz 280 SE árg. '83, ek. 160 þús. 3 eigendur frá upphafi. 1 í Þýskal. 2 á Ísl. Ryðlaus og í toppstandi. Uppl. í s. 553 0079 & 891 6303.


Til sölu Polo árg. 2000 ek. 89.000 þ. (16.000 þ. á nýrri vél frá Heklu). V. 430-450.000. Uppl. í s. 896 4884.


Nissan Micra árg. '99 Keyrður 56 þús. km. Verð kr. 420 þús. Uppl. í s 695 8826.


Skutla sportbátur á vagni með 60hö mótor. V. 480 þús. Uppl. í s. 893 4043.


Corolla '96 ekinn 127 þús. Verð 300 þús. stgr. Gott eintak. Uppl. í síma 847 2766 & 865 3452.


Mercedes Benz E230 árg. '86, ek. 207 þ. Skoðaður '06. Rauðleitur. Sjálfsk., topplúga, álfelgur, krókur. Mikið endurnýjaður. Verð 290 þús. Uppl. í s. 690 8866.


Bjalla '74 til sölu. Uppl. í síma 699 6878.


BMW 318 IS árg. '93, beinskiptur, leður, topplúga og fl. Verð 450 þús. Uppl. í síma 698 5246.


Toyota Starlet árg. '93 aðeins ekinn 116 þús. Reyklaus, skoðaður '06. Verð 260 þús. Uppl. í síma 551 1406 & 865 4139.


Pajero árg. '92, ek. 193 þús., 7 manna, nýtt í bremsum, ný tímareim og vatnsdæla. Sk. '06. Verð 360 þús. Sími 820 4340.


Volvo 850 '95, sjálfskiptur, ekinn 250 þús. Spólvörn, sportgír, krókur. Verð 390 þús. Uppl. í s. 894 2905.


Toyota Corolla '98, ek. 119 þús., nýsk. '06, álfelgur, CD, dr.krókur. Uppl. í síma 844 4621.


Glæsilegt eintak. VW Polo Comfortline 1400 árg. '97 ek. 89 þ. Ssk., álf. Verð 490 þ. S. 567 5850 & 660 3135.


Daihatsu Gran Mov árg. '98. ek. 102 þ. km. Ssk., krókur, álfelgur, ný tímareim. Uppl. í GSM 864 0935.

Peugeot 306 Symbio. Árg. 1998, sk. '06, ekinn 63.000. Verð 490.000 kr. Uppl. í síma 467 1774 & 898 7959, e. kl. 17.00.


MMC Lancer árg. 12/'94 4x4 station. Ekinn 184 þús. Listaverð 400 þús. Fæst á 300 þús. Uppl. í síma 894 1368.




## BÍLAR TIL SÖLU

**Kauptu bíl beint frá Bandaríkjunum**
Við hjálpum þér að velja þinn bíl
Við bjóðum lægstu flutningsgjöldin sem völ er á
Við bjóðum lægsta gjaldið fyrir þjónustuna
Okkar þjónusta er örugg, auðveld, hröð og traust.
**Bílar, trukkar, traktorar, bifhjól aðrar vélar, varahlutir og bátar.**
Vikulegar sendingar til Íslands frá Bandaríkjunum
International Ventures LLC
Suffolk, Virgina USA, T-001-757-986-3800
F-001-757-986-3801 , e-mail: ivllc@ivllc.us




M. Bens 260E árg. '87, ekinn 248 þús. Sjálfsk. Mikið endurn. Verð 350 þús. S. 862 5349.


Dahatsu Terios 4x4 sjálfskiptur, ek. 103 þús. Topp eintak, nýsk. '06, 1998 módel, dráttarkrókur, CD, litaðgler, fjarlæsingar, samlæsigar, rafmagn í rúðum og speglum. Ásett verð 550 þús. Fæst á aðeins 390 þús. stgr. S. 691 4441.


VW Polo '97, ekinn 135 þús. 16v, 100 hö, topplúga, þjófavörn, 15" álfelgur. Gott verð. Uppl. í s. 696 9638.


Toyota Carina E, árg. '93, special series 2000cc. Sumar & vetrardekk, ný sprautaður að framan. Ek. 198.000, topp eintak. Verð 310 þ. Uppl. í. s. 866 5222.


Suzuki Balleno GLX árg. '97, ek. 110 þús. Rafmagn í rúðum, nýskoðaður, ný tímareim, dráttarkúla. Verð 490 þús. Uppl. í síma 820 6726.


Renault Laguna'97 2.0 RT. Ekinn 120 þús., ssk, rafmagn í rúðum. Fallegur og vel með farinn bíl á tilboði. Ásett verð er 550 þús. en fæst á 400 þús. öll skipti koma til greina t.d fellihýsi. Uppl í síma 820 4469.

Renault Clio árg. '99 ekinn 115 þús. Góður bíll. Uppl. í síma 895 2459.

Opel Corsa 07.1999 1,4 ekinn 85 þús. Tilboð. Upplýsingar í síma 662 2616.

VW Golf '96 5 dyra, ek. 114 þús., sk. '06. Uppl. í s. 692 4141 & 865 7889.

Ford Cosworth árg. '92 til sölu er Ford Scorpio Cosworth. Einn með öllu, mjög góður bíll. Uppl. í síma 820 3712.

Subaru Impreza '96. Ek. 130 þ. Topp bíll á góðu verði. Uppl. í s. 693 9108.

Toyota Corolla 1.3 xli stw '95. Ekinn 185. þús. Verð 300 þús. Ný tímareim. Uppl. í s. 660 1548.

**Topp Toyota**
Til sölu Corolla HB 1,3XL, árg. '94, ek. 173 þ. Ssk., 5 d. Nýsk. '06, CD. Fallegur og ójaskaður. V. 300 þ. S. 895 0912.

Renault Megane Scenic 8/97, sjálfskiptur, ekinn 139 þ. km. Dráttarkúla, nýskoðaður. Frábær fjölnota fjölskyldubíll. Verð 390 þ. staðgreitt. Uppl. í síma 664 8363.

Toyota Corolla árg. '94, ekinn 118 þús. Verð 350 þús. Sími 699 8899.

## 500-999 þús.


**M.Benz 500 sec**
M.Bens 500 SEC árg 84 ek.230Þ mikið yfirfarinn góður bíll nýskipting ofl. Verð 690þús Uppl.s. 895 8873


Toyota Avensis árg. '98, beinsk. Ekinn 156 þús. Verð 670 þús. Áhv. lán 390 þús. S. 892 4767 & 863 0153.


Audi A6 með leðri, bose, cruise og fl. Góður bíll á góðu verði aðeins 999 þús. Uppl. í s. 866 2299.


Renault Megane '98 (skr. 6.11.97), 1600 cc. Sjálfsk. Ek. 54.000 km. S/V dekk. Verð 530.000 kr. S. 695 2502.


Yaris árg. 10/'99, grár, ekinn 73 þús. Vel með farinn. Geislaspilari. Verð 640 þús. Uppl. í síma 899 8459.


Til sölu Mazda 323F 1800 '98, ek. 107 þús. Í fyrsta flokks standi, sk. '06. Verð 700 þús. Uppl. í s. 567 7043 & 868 6453.


Nissan Almera 2002 ekinn 70 þús. Álfelgur, filmur. Verð 950 þús. Uppl. í síma 699 3334.

## BÍLAR TIL SÖLU

**Chrysler Sebring JXI convertible.**
Árgerð 1997 , ekinn 114.000 mílur
Svartur á litinn með gráu leðri að innan.
Sjálfskiptur , 2500 cc. 6 cyl.
Cruise Control , Air Conditioning.
rafdrifin blæja , rafmagn í öllu.
Verðhugmynd 1400 þús.
Skoða skipti á ódýrari .
möguleiki á 100% láni.
Upplýsingar í síma 8220311.


Suzuki Grand Vitara 06/'98 ekinn 105 þús. Ssk, fjarstart, fjarst. samlæsingar, dráttarkr. ofl. Uppl. í síma 864 4612.


Toyota Yaris árg. 2001, 5 dyra, ek. 72 þús. Verð 810 þús. Uppl. í síma 891 6243.


MMC Carisma '99 ekinn 84 þús. Álfelgur, cd, aukahátalara, filmur. Vel með farinn. Verð 780 þús. eða tilboð. Uppl. í síma 694 3140.


VW Golf station 12/2000, ek. 91 þús. Sjálfskiptur, svartur og sérlega vel með farin. Sumar og vetrardekk. Sumartilboð 990 þús. Upplýsingar í síma 898 1660.


'91 Ford f-superduty, nýskoðaður, ekinn 209.000 km, 4x2m álpallur, diesel. V. 850.000 kr. Sími 898 7868 & 661 3178.


Honda Civic 1500 V-Tec '98 sem þarfnast smá lagfæringar. Verð 500 þús. Uppl. í síma 696 5849.


M. Benz 260 SE '88, ekinn 210 þús. km. Glæsilegur bíll í toppviðhaldi. Verð 690 þús. Ath. skipti. Uppl. í s. 865 3190.


Opel Corsa Comfort árg. '01 vel með farinn, eyðsla ca 6 l. Ek. 63 þ. Verð 790.000. Uppl. í s. 865 0430.


Toyota Avensis 1600 '98 til sölu, ek. 125 þ., sk. '06, 5 dyra, bsk., snyrtilegur bíll, samlitur. V. 790 þ. S. 861 1886.


Daihatsu Terios árg. '99 ekinn 86 þús. Verð 590 þús. Uppl. í síma 564 6646 & 695 0192.


Toyota Avensis Sol árg. '98 Sjálfskiptur, topplúga, dráttakúla, cd og m. fl. Sími 897 5911.


Peugeot 206 árg. '99, ekinn 66 þús. km. Vetrar og sumardekk á felgum. Verð 550 þús. Áhv. 200 þús. S. 659 4239.

Porsche 944 árg. '87. 18" álf., toppl., leður. Gullfallegur og góður bíll. V. 850 þ. Uppl. í s. 823 5201.


Skoda Octavia nýskr. okt. 1999, ekin rúml. 122.000, nýsk. '06. Heilsársdekk, spoiler og krókur. Verð 690.000, áhv. ca 250.000, kr. 18.000 á mán. S. 825 5720.


Til sölu Pontiac Firebird '93 350 mótor. Verð 890 þús. Skoða skipti á ódýrari. Uppl. í síma 869 9644. Góður bíll.


Toyota Avensis '98, 1600 beinskiptur. Vel með farinn og góður bíll. Reyklaus bíll, smurbók fylgir. Aðeins einn eigandi. Uppsett verð 780 þús. Tilboð 650 þús. S. 664 3234.


Til sölu Ford Focus árg. '00, 5 d. Ssk. Ek. 94 þús. Cd, sumard. Nýsk. '06. V. 880.000. Uppl. í s. 695 9974.


Til sölu MMC Lancer árg. '97 ekinn 103 þús. Dráttarkrókur. Verð 550 þús. Uppl. í síma 867 7053.


Honda CRV árg. '98, ek. 116 þús., aukadekk á felgum fylgja með. Verð 860 þús. Uppl. í s. 690 0360.


M. Benz 190 árg. '92, ek. 197 þús., sk. '06, álfelgur, leður, topplúga. Eina eintakið. Verð 590 þús. Uppl. í síma 893 1696 & 865 9599.


Renault Laguna árg. '99, ekinn 175 þús. 1 eigandi, með dráttarkúlu og tengi fyrir auka geymi. Vel með farinn. engin skipti. Verð 840 þús. S. 896 6706.

Subaru Legacy árg. 09/96, ssk. Með dráttarbeisli, nýskoðaður. Verð 550 þ. áhv. 330 þ. Sími 897 1576.

MMC Spacewagon '98 ekinn 103 þús. Mjög góður bíll. Uppl. í síma 895 2459.

Toyota Yaris Sol '99 5 dyra. Hálf sjálfsk. ek. 65 þús. Cd. Reyklaus. V. 530 þús. S. 891 8277.

Toyota Yaris Sol árg. 2000 5 dyra, rauður, ekinn 95 þús. Verð 550 þús. Uppl. í síma 660 2674.

Til sölu Daewoo station árg. '99, ek. 91 þús. Verð 500 þús. Sími 822 3043.

## 1-2 milljónir


Dodge Caravan árg. 2000 7 m. Ek. 61 þ. m. Sk. '06. Flottur fjölskyldubíll á flottu verði. Tilboð aðeins 1.150 þ. Uppl. í síma 893 0313. Bein sala, ekkert áhvílandi!


Cherokee 2004, ek. 35 þ. km. Mjög vel búinn bíll. Verð 2.690.000. Uppl. í síma 824 4790.

KIA Sportage, ár.'00 ek. 46.000 km. CD, dr.kr., auka dekk, þokulj., ljósagrind. Mjög góður bíll. V. 1.200 þús eða tilboð. S. 896 1920.


Baby Ferrari, Alfa Romeo GTV Lusso '97 ek. 92.000km í toppst. rautt leður, cd, loftkæling ofl. V. 1.290.000kr. S. 898 9097.


Dodge Van 250 '94, nýsk. '06. Uppl. í síma 562 4709 & 895 4609.


Dodge Ram '96 ssk., bensín, ferðabíll, ekinn 98 þ. mílur. Hár toppur, video o.fl. Þarfnast smávægilegra lagfæringa fyrir endurskoðun. Tilboð 1.190 þ. stgr. Fyrstur kemur fyrstur fær. Uppl. í síma 421 5651.


Peugeot 206xs 1,6 110 hö sportinnr. glersóll álf., og m. fl. Ek. 37 þ. V. 1.090 þ. S. 894 4140.


Til sölu Musso Grand Lux TDi árg. 2000, ek. 145 þús., sjálfskiptur, sóllúga, filmur og fl. Gott eintak. Verð 1.590 þús. Ath. skipti. Sími 692 3039.

VW Carawella 2001, 10 farþega, fallegur bíll, mikið endurnýjaður. Uppl. í síma 892 0476.

Nýr bíll. VW Bora Highline 05/2005 ek. 2 þ. km. Dráttarbeisli, sóllúga, álfelgur, krómpakki o.fl. V. 1.950.000 stgr.1.840.000. Áhv.1.220.000 Ath. skipti ód. S. 820 7103.

Toyota MR2 Spyder árg. 2002 ek. 32 þús. Verð 2.090 þús. Tilboð 1.780 þús. stgr. S. 697 3379.

Til sölu Benz 309 Turbo '86, ástand og útlit mjög gott. Verð 1.500 þús. S. 864 9602.

M.Benz E320 '95, ek. 150 þ. Bassabox og magnari getur fylgt. Verð 1.350 þ. S. 844 1069.

Renault Clio '04, 5 dyra, ekinn aðeins 5 þús. 200 þús. út og yfirtaka á láni. Uppl. í síma 867 7604.

Herbergi með eldunaraðstöðu, ísskáp, sérinngangur. Er laust strax. Uppl. í s. 692 5436.

Íbúð í Árbænum, leigist til áramóta. 75 þús., allt innifalið. Aðeins reykl. koma til greina. S. 690 0458.

Hús á fallegum stað í Danmörku til leigu eða í skiptum fyrir húsnæði á stór Reykjavíkursvæðinu í eitt ár. Uppl. í síma 0045 59304909.

Til leigu í 2 mán. 5 herb. skemmtileg íbúð í eldra húsi í gamla Vesturbæ. Husgögn, íssk. og uppþv. fylgja. Laus strax. S. 897 1271.

**Sumarhús á Spáni**
Til leigu íbúð með 3 svefnh. kælingu og fl. Laus vikurnar 17.-24. og 24.-31. ágúst á Caboroig við Torrevieja. Leiguv. 30 þús. (Örfá flugsæti laus.) Uppl. Siggi í s. 821 8883.

## Húsnæði óskast

**Óskum eftir aðstoð vegna kaupa á húsnæði.**
Annað nafnið er í lagi hjá bönkunum en hitt ekki, erum með ágætis tekjur.
**Uppl. í s. 865 1208 og ljosi@visir.is**

Leita eftir húsnæði til leigu aðeins í ágúst, allan mánuðinn fyrir 6-8 manneskjur. Tala ensku. Uppl. í síma +491704721601 eða e-mail aschimmelbusch@yahoo.de

Óska eftir lítilli íbúð eða herbergi á leigu frá 15. ágúst í göngufæri við Borgarholtsskóla. S. 464 1771.

Einstæða móður vantar 2ja til 3ja herbergja íbúð í Garðabæ. S. 847 6671.

Einstaklingsíbúð í miðb. Reykajvík óskast (101/105) Verðbil 55-75 þús. á mán. Sólveig 669 9215.

Óska eftir einstaklingsíbúð frá og með 1 september á góðum kjörum. Skilvísar greiðslur og algjör reglusemi. Uppl. í s. 848 2189.

Reglusamur og reyklaus 34ra ára karlmaður í fastri vinnu óskar eftir stúdíó íbúð eða herbergi til leigu. S. 567 3006 & 862 5003, Gunnar.

**Herbergi óskast**
Námsmaður við Háskólann í Reykjavík óskar eftir herbergi í Reykjavík. Uppl. í síma 421 2164.

Barnlaust par austan af Héraði óskar eftir 2 herb. eða stúdíóíbúð til leigu. Hún er nemi við HÍ - staðsetning í nágrenninu æskileg en ekki skilyrði. Skilvísi og reglusemi heitið. Uppl. í símum 865 8461 og 863 3656 eða á gilsarteigur@simnet.is.

Við erum reglusöm reyklaus hjón nýflutt frá Bandaríkjunum ásamt eins og þriggja ára dætrum okkar. Við óskum eftir að leigja 3ja-4ra herbergja íbúð helst í nágrenni HÍ eða Borgartúns sem fyrst. Vinsamlegast hafið samband við Gest í síma 856 6818 eða Lenu í síma 695 3590.

Iðnskólanemi óskar efitr íbúð til leigu í Rvk, studíó/2ja herb. Uppl. í s. 847 1143.

Óskum eftir húsnæði á stór Reykjavíkursvæðinu í skiptum fyrir hús á fallegum stað í Danmörku í eitt ár. Uppl. í síma 0045 59304909.

Erum hér systkin 2 að norðan og brávantar 3-4 herb. íbúð frá 1.ágúst. Helst nálægt HÍ. Erum reglusöm, skilvís og heiðarleg. S. 860 1278.

Óska 3ja til 4ra herb. íbúð til langtímaleigu miðsvæðis í Reykjavík. Uppl. í síma 699 8943.

Rúmgott herbergi óskast á friðsælum stað í nágreni við Laugardalinn. Eldunar-og þvottaaðstaða óþörf. S. 694 7179.

Óska eftir 2ja-3ja herbergja íbúð. Greiðslugeta 65 þús. Sími 895 2220.

Reglusamt par óskar eftir íbúð til leigu í Rvk. Meðmæli ef óskað er. Uppl. í s. 849 7386 Helgi og 693 2190 Kata.

## Fasteignir

Jörðin Austurkot Vantsleysisströnd til sölu ásamt útihúsum. Í íbúðarh. eru 2 íbúðir. S. 869 5212.

## Sumarbústaðir



Við bjóðum einbýlishús og sumarbústaði af gerðinni Scanwo, sem eru bjálkahús. Kyndingarkostnaður í þessum bjálkahúsum er mun minni, eða sem nemur allt að 30%. Vinsamlegast leitið upplysinga hjá Multi Kerfi ehf, Verbraut 3, 240 Grindavík, S:426 8010 GSM: 897 8070, 895 2446, Netfang: info@multikerfi.com, www.multikerfi.com



Bjálkahús 23 og 37 m2 + 15m2 svefnloft. Ódýr, einföld og fljótleg í uppsetningu. Uppl. Altækni s/f 869-9007 Heimasíða www.bjalkahus.com



**Opið hús á sunnudaginn frá 12:00 -17:00**
Sérlega vandaður sumarbústaður úr landi Brjánsstaða, Grímsnesi. Svefnherbergi, svefnloft, eldhús og stofa, baðherbergi og geymsla sem nota má sem gestahús. Steinflísar á gólfum og panilklæddir vegir/loft. Stór sólpallur er við húsið og geymslupláss undir gólfi. Gaseldavél og rafmagn frá sólarrafhl. 5.000 fm eignarlandi. Uppl. í síma 895 8044.



Miðborgir í landi Miðengis Grímsnesi til móts við Kerið. Til sölu sumarbústaður 75,9 fm með steyptum sökkli og plötu, 100 fm sólpalli. Tilbúið að utan og fokhelt að innan. Eignarland: fallegt og kjarri vaxið og fallegt útsýni. Tilbúinn til afhendingar. Verð 10,8 m. S. 663 4736 & 663 4836.



Sumarbústaðabíllinn minn er til sölu, hefur reynst vel og honum verið klappað. Gott lakk og í ágætis lagi. Ásett 250 þ. Góður staðgr. afsl. Mazda E 2000, árg. '92 ek. 119 þ. km. S. 898 4791.

Til sölu 52 fm íbúð á Ólafsfirði. Verð 500 þús. Uppl. í síma 898 7354.

Til sölu A bústaður til flutnings. 33 fm með 10 fm svefnlofti. Tilboð óskast. Sími 861 8005.

## Atvinnuhúsnæði

Óska eftir að kaupa ódýrt lítið iðnaðarhúsnæði eða bílskúr ca 50 fm á höfuðborgarsvæðinu. Uppl. í síma 861 4115.

## Geymsluhúsnæði




Þinn eigin geymslubílskúr. 7, 10 og 17 m2. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað www.geymsla1.is. S. 564 6500.

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Uppl. í s. 567 4046 & 892 2074.

## Bílskúr

Til leigu bílskúr á svæði 108. Gott geymsluhúsnæði. Hiti/rafmagn. Uppl. í s. 863 4121.

## Gisting

Gistiheimili Halldoru Hvidovre/Köben Ódýr og góð gisting www.gistiheimilid.dk 0045-24609552

Ódýr gisting í Kaupmannahöfn, miðsvæðis, LaVilla Uppl. s:0045 32975530 gsm:0045 28488905 www.lavilla.dk

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Fullt starf og hlutastarf**
10-11 óskar eftir duglegu starfsfólki í verslanir sínar á höfuðborgarsvæðinu. Um almenn verslunarstörf er að ræða. Umsækjendur verða að vera fæddir '87 eða fyrr. Umsækjendur verða að vera þjónustulundaðir, vinnusamir og áreiðanlegir. Bæði er leitast eftir starfsfólki í fullt starf en einnig hlutastarf. Nú er rétti tíminn að tryggja sér vinnu með skóla í vetur.
**Umsóknum skal skila á vefnum www.10-11.is.**

**Select og Shell**
Starfsfólk óskast á stöðvarnar okkar á höfuðborgarsvæðinu. Um fullt starf er að ræða sem og hlutastörf. Umsækjendur verða að vera fæddir '87 eða fyrr og vera þjónustulundaðir, vinnusamir og áreiðanlegir. Unnið er á vöktum. Nú er rétti tíminn til að tryggja sér vinnu með skóla eða aðra aukavinnu fyrir veturinn.
**Umsóknum skal skila á vefnum www.10-11.is.**

**Starfsmaður óskast í fiskbúð.**
Óska eftir starfsmanni í fiskbúð í Reykjavík. Þarf að kunna að flaka. **Upplýsingar í síma 661 2579 eftir kl. 18.00**

**Vantar starfsmann sem fyrst**
Óskum eftir að ráða starfsmann í fast starf í bakarí okkar, ekki yngri en 20 ára.
**Kökuhornið, Bæjarlind. Uppl. í síma 544 5566 & 897 0702.**

**Bílstjóri**
Flutningafyrirtæki óskar eftir að ráða duglegan og samviskusaman bílstjóra með meirapróf. Um er að ræða fjölbreytt og lifandi starf á Reykjavíkursvæðinu.
**Uppl. í s. 863 2048.**

**Framtíðarstarf og sumarafleysingar**
AÐFÖNG óska eftir starfsmönnum á lyftara og í lagerstörf. Um er að ræða framtíðarstörf og einnig í sumarafleysingar. Við bjóðum upp á góða tekjumöguleika, góða vinnuaðstöðu og mötuneyti er á staðnum. Leitað er að kraftmiklum og áreiðanlegum einstaklingum sem eru eldri en 18 ára og vilja framtíðarstarf hjá traustu og framsæknu fyrirtæki.

**Sumarstörf í boði**



Í boði eru sumarstörf við ræstingar þar sem vinnuhlutfall er 25 - 100%. Störfin eru margvísleg og unnin á öllum tímum sólarhringsins. Upplýsingar á www.iss.is eða í síma 5 800 600.
ISS ÍSLAND

**Störf í boði**



Höfum í boði störf við ræstingar á öllum tímum sólarhringsins. Einnig helgarvinna í boði.
Upplýsingar á www.iss.is eða í síma 5 800 600.
ISS ÍSLAND

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

Rizzo Pizzeria. Okkur vantar fólk til starfa strax. Uppl. á staðnum Hraunbæ 121.

**Málarar**
Óska eftir að ráða málara strax. Mikil vinna. Uppl. í síma 697 3592.

**Skrifstofustarf**
Óska eftir strafskrafti á skrifstofu hálfan daginn. Umsóknir sendist á smaar@frettabladid.is merkt "X30"

**Red chili**
Viljum bæta við okkur hressu og duglegu starfsfólki í sal. Vegna mikilla anna í vaktavinnu. Umsóknir og upplýsingar á staðnum eða í s. 660 1855. Reynsla æskileg. Laugavegur 176.

Smiðir óskast. Upplýsingar í síma 847 3330.

Starfsfólk vantar um kvöld og helgar í vetur. Þarf að geta byrjað í kringum 15. ágúst. Reyklaust og eldra en 18 ára. Blái Turninn Háleitisbraut. Svör berist til Fréttablaðsins merkt "Blái Turninn"

Björnsbakarí-vesturbæ óskar eftir duglegum einstaklingi til starfa við þrif. Vinnutími er sveigjanlegur og umsemjanlegur. Starfið gæti hentað sem aukastarf. Nánari upplýsingar gefur Steinþór í síma 663 2268 eða sendið svör á netfangið: bjornsbakari@bjornsbakari.is

**Krókur Dráttarbílar**
Óska eftir að ráða meiraprófsbílstjóra til starfa. Upplýsingar í síma 564 3801.

Óska eftir starfskrafti við uppsteypun húsa hvort sem er smiður eða vanur. Sími 893 0884.

Óskað er eftir vönum beitningarmönnum á höfuðborgarsvæðið. Upplýsingar í síma 895 8601.

Verktakafyrirtæki á höfuðborgasvæðinu óskar eftir meiraprófs bílstjórum og vönum vélamönnum. Uppl. í s: 693 2607.

Viljum ráða blikksmiði eða menn vana í blikksmiðju. Upplýsingar í símum 588 4933 & 660 2930.

Óðal við Austurvöll auglýsir eftir duglegum og reglusömum starfskröftum í vinnu á bar og í tónlistarstjórnun. Vinsamlega sendið umsókn á netfangið clubodal@clubodal.is eða hafið samband í síma 897 4486.

**BabySam**
Okkur vantar starfsfólk til vinnu með skóla frá og með ágúst. Sjá nánar upplýsingar www.babysam.is

Aukavinna á veitingastað Banthai á kvöldin, það vantar starfskraft til þess að vinna í sal, vaska. Uppl. í s. 896 3536.

**Oddur Bakari**
Oddur bakari óskar eftir afgreiðslufólki í framtíðarstörf ekki yngri en 18 ára. Upplýsingar gefur Oddur í síma 699 3677.

**Starfsmann vantar!!**
Starfsmann vantar til framtíðarstarfa við afgreiðslu í ísbúð, söluturn og myndbandaleigu. Lágmarksaldur 18 ár, hærri aldur skaðar ekki. Ath. reyklaus vinnustaður. Vinnutími frá kl. 10:00 til 18:00. Möguleiki á hálfsdagsvinnu. Umsóknareyðublöð á staðnum. Ríkið Snorrabraut 56.

**Pizza Höllin Mjódd**
Óskar eftir starfsfólki í kvöld og helgarvinnu. Ekki yngri en 17 ára. Uppl. veitir verslunarstjóri á staðnum.

Lafleur útgáfan óskar eftir dugmiklili sölumanneskju í sumar. Uppl. í s. 659 3313.

Starfsfólk óskast í fiskvinnslu í Hafnarfirði. Uppl. í síma 898 8007

Áreiðanlegur starfsmaður óskast á skyndibitastað. Góð laun í boði. S. 892 4592.

## Atvinna óskast

23ja ára snyrtifræðingur óskar eftir hlutastarfi eða fullu starfi. S. 699 3798, Ólöf.

Vantar ræstingavinnu, hjá fyrirtækjum, Þarf að geta ráðið vinnut sjálf. Frá 18-06. Uppl. í s. 899 8761.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

XXX DVD
BESTA VERÐIÐ
DVD frá kr. 1990 nýjar myndir frá USA 2950, allar VHS á 1498.
grensasvideo.is
Grensásvegi 24 s. 568 6635
Opið 15:00 - 23:30

# Réttir bílar

**óskum eftir að ráða bifreiðasmið eða mann vanan bifreiðaviðgerðum til starfa sem fyrst.**

**Upplýsingar í síma 896-3044.**

# pósthúsið

Pósthúsið er ungt og öflugt dreifingarfyrirtæki á sviði blaða-, bréfa og vörudreifingar.

Hjá Pósthúsinu starfa um eitt þúsund og þrjú hundruð manns að uppbyggingu á fjölbreyttum og skemmtilegum vettvangi.

Pósthúsið ehf. óskar eftir að ráða bílstjóra til starfa. Um er að ræða krefjandi starf þar sem þjónustulund, vinnusemi og áreiðanleiki eru mikilvægir kostir. Í boði er bæði dag- og næturvinna.

**Æfniskröfur:**

- ★ **Bílpróf**
- ★ **Meirapróf er kostur**
- ★ **Áreiðanleiki**
- ★ **Þjónustulipurð**
- ★ **Jákvæðni**
- ★ **Stundvísi**

Nánari upplýsingar veitir Hildur Þórisdóttir í síma 5858300. Umsóknir berist til Pósthússins ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabær eða á netfangið umsoknir@posthusid.is.

Pósthúsið ehf. Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ, sími +354 585 8300, fax +354 585 8309
**posthusid@posthusid.is**

# atvinna o.fl.

## Ertu að leita að góðum starfsmanni?

### Hvar ætlar þú að auglýsa?

Á sunnudögum fylgja bæði Morgunblaðinu og Fréttablaðinu sérblöð sem fjalla um atvinnumál og eru atvinnuauglýsingar helsta efni þeirra. Bæði blöðin eru svokölluð innblöð, þ.e. þau eru í miðju aðalblaðanna þannig að lesendur þeirra rekast á atvinnublöðin og ákveða þá hvort þeir skoða þau eða ekki.

**LESTUR: DÆMI ÚR NÝRRI GALLUP KÖNNUN ***

| | 20-40 ára |
|---|---|
| Sunnudagsblað Fréttablaðsins | 60,4% |
| Sunnudagsblað Morgunblaðsins | 37,0% |
| *Styrkur Fbl. umfram Mbl.* | *54,8%* |

* Upplýsingarnar í þessari auglýsingu eru fengnar úr nýafstaðinni fjölmiðlakönnun Gallup í júní sl. Ekki er tekið tillit til fríðreifingar Morgunblaðsins.

**Rúmlega helmingi fleiri Íslendingar á aldrinum 20-40 ára lesa sunnudagsblað Fréttablaðsins framyfir Morgunblaðið. Um 60% Íslendinga á sama aldri *fletta ekki* sunnudagsblaði Morgunblaðsins, sem getur varla hljómað vel fyrir fyrirtæki í leit að góðum starfsmönnum.**

**allt**
- markvissar auglýsingar -

## Vissir þú ...

… að fyrsta reiðhjólið, sem búið var til árið 1817 af Baron von Drais, hafði engin fótstig?

… að keiluspil með níu keilum eins og við þekkjum úr keiluhöllunum kom fyrst fram á sjónarsviðið í Þýskalandi á miðöldum?

… að á hverju ári koma um 50 milljón nýir bílar á götur heimsins?

… að Kínverjar notuðu silki til að búa til pappír?

… að menn hafa þrifið tennurnar frá örófi alda? Frummenn í Afríku og Ástralíu hreinsuðu tennurnar en það voru hins vegar Kínverjar sem fundu upp tannburstann eins og við þekkjum hann í dag.

… að súkkulaði getur drepið hunda? Í súkkulaði er efni sem hefur áhrif á hjartað og taugakerfið í hundum. Lítið magn af súkkulaði er nóg til að drepa lítinn hund.

… að gíraffar eru einu dýrin sem fæðast með horn?

… að krókódílar geta ekki hreyft tunguna og geta heldur ekki tuggið?

… að mesta umferðaröngþveiti allra tíma var 16. febrúar 1980 þegar bílaröðin frá Lyon til Parísar var 176 kílómetra löng?

… að bandarískir ríkisborgarar eru mestu eyðsluklærnar á ferðalögum? Þeir eyða mest allra þjóða á ferðum erlendis.

… að Kínverjar reykja allra þjóða mest ef miðað er við sölumagn? Þriðja hver sígaretta er reykt í Kína.

… að mesta áfengisneysla á hvern íbúa er á Írlandi? Þar drekkur hver maður 12,3 lítra af hreinum vínanda á ári hverju.

… að tíundi hver jarðarbúi býr á eyju?

… að Óskarsverðlaunahátíðin var haldin tvisvar árið 1930?

… að kýr eru ekki með framtennur í efri gómi?

… að helmingur jarðarbúa hefur séð að minnsta kosti eina James Bond-kvikmynd?

… að það eru til um það bil einn milljarður reiðhjóla í heiminum?

… að dósaopnarinn var fundinn upp 48 árum eftir að niðursuðudósir voru fyrst settar á markað?

… að umferðarljós voru til á undan bílnum?

…. að tómatar eru vinsælustu ávextir í heimi? Mun meira selst af tómötum en banönum og appelsínum til dæmis.

… að það eru til meira en 20 þúsund tegundir af bjór í heiminum?

… að þær risaeðlur sem voru plöntuætur átu ekki gras?

… að fyrsti kafbáturinn var hannaður árið 1578?

… að skakki turninn í Písa hefur aldrei staðið beinn? Hann var farinn að halla meðan hann var enn í byggingu.

… að fyrsta kreditkortið kom fram á sjónarsviðið árið 1951?

… að í Indónesíu eru töluð 365 ólík tungumál?

… að bílaeign er mest í Lúxemborg en minnst í Sómalíu og Tadsjikistan? Í Lúxemborg eru 1,7 bílar á hvern íbúa er einn bíll á hverja 10 þúsund íbúa.

… að fyrsta hjartaígræðslan átti sér stað í Suður-Afríku árið 1967?

## SVIPMYND



### MUMBAI STÆRSTA BORG INDLANDS

Mumbai er betur þekkt undir sínu gamla nafni Bombay og er stærsta iðnaðarborg Indlands. Borgin er að mestu leyti á sautján kílómetra langri og fjögurra kílómetra breiðri eyju.

**Íbúafjöldi** um 15 milljónir. Þéttleiki byggðar er mjög mikill en yfir 43 þúsund manns búa á hverjum ferkílómetra í borginni.

**Fólkið** sem býr í Mumbai er bæði mjög ríkt og mjög fátækt fólk. Flestir íbúanna eru hindúar en þar má einnig finna fólk af flestum öðrum trúarbrögðum.

**Aðdráttarafl** Hengigarðarnir, Indlandshliðið á Apollo Bunder og Fílahellarnir sem eru tileinkaðir hindúaguðinum Sjíva.

**Kvikmyndaiðnaður** er stór atvinnugrein í Mumbai. Þar eru framleidd ógrynnin öll af kvikmyndum og hefur borgin því fengið gælunafnið Bollywood.

**Saga Mumbai** síðustu ár er mjög samofin bresku nýlendustjórninni á Indlandi. Um miðja átjándu öld féll hún í hendur Breta, sem með Austur-Indíafélaginu gerðu hana að mikilli iðnaðarborg.

**Höfnin** í Mumbai er sú stærsta á Indlandi og fara þar um yfir fjörutíu prósent alls útflutnings.

**Gott að vita** að Bombay Sapphire gin er ekki framleitt í Mumbai.







Hjónarúm
180x200 cm
Verð frá kr.
74.100,-
án fylgihluta



Hjónarúm
160x200cm
Verð frá kr.
69.100,-
án fylgihluta







**Íslensku springdýnurnar frá Ragnari Björnssyni endast lengur.**
Fjórir stífleikar eru í boði; mjúk, medium, stíf og extra stíf, allt eftir þörfum hvers og eins. Framleiðum og hönnum rúm og springdýnur í öllum stærðum og gerðum ásamt því að sérsmíða fyrir hótel og gististaði.

BETRI STOFAN

*Rúm og springdýnur eru framleidd í öllum stærðum*



**Sælurúm**
Stærðir 80, 90, 120, 130
Lyftibúnaður fyrir höfuð og fætur ásamt nuddi
Þráðlaus fjarstýring. Springdýna
**Verð frá kr. 160.000**

RAGNAR BJÖRNSSON ehf.
Sérhæfing í framleiðslu og hönnun springdýna. | Stofnað 1943
Dalshrauni 8 | 220 Hafnarfirði | Sími: 555 03 97 | Fax: 565 17 40 | www.rbrum.is

VÍSINDAVEFUR HÁSKÓLA ÍSLANDS

# Hvað er ritstuldur?

Erlend heiti um það sem við nefnum ritstuld eru dregin af latneskum stofni sem kemur fram í sögninni plagiare sem merkir bókstaflega að stela annarra manna þræl eða hneppa frjálsan mann í þrældóm. Á ensku er talað um 'plagiarism' og á frönsku 'plagiat' en þessi orð eru ekki eingöngu höfð um „stuld“ eða misnotkun á ritverkum annarra heldur einnig um önnur hugverk. Nákvæmari þýðing væri því hugverkastuldur sem merkir í stuttu máli það að eigna sér hugverk annarra eins og þau væru eftir mann sjálfan.

Í bókinni Hugtök og heiti í bókmenntafræði stendur meðal annars þetta um ritstuld: „Bein og vísvitandi not á ritverki annars manns án þess að geta heimildar, þannig að höfundur birtir orð eða fræðilegar niðurstöður annarra sem sitt eigið verk.“ Í sömu heimild segir enn fremur: „Aftur á móti verður ekki talinn r. þótt höfundar noti sér eldri ritverk með því að setja efni þeirra í nýtt samhengi, skapa úr því nýja heildarmynd; það hafa margir höfundar gert allt fram á þennan dag.“ Dæmi um slíka notkun væri Gerpla Halldórs Laxness þar sem efnið er unnið úr Fóstbræðra sögu og mörgum öðrum Íslendingasögum, eða bókin Ulysses eftir James Joyce þar sem stuðst er á frjálslegan hátt við Ódysseifskviðu gríska skáldsins Hómers. Í bókmenntafræðinni er slíkt kallað textatengsl og þykir ekki tiltökumál.

### Er ritstuldur þjófnaður?

Fyrir enskumælandi lesanda felur orðið plagiarism ekkert endilega í sér vísun til þjófnaðar eins og íslenska orðið gerir gagnvart íslenskum lesanda. Þessi vísun íslenska orðsins er að sumu leyti óheppileg því að ritstuldur þarf ekki að þýða að stolið hafi verið frá neinum tilteknum höfundi í venjulegum skilningi. Til dæmis getur maður nýtt sér hugverk með rangindum þó að það sé eftir óþekktan höfund eða jafnvel ekki eftir neinn tiltekinn mann, samanber til dæmis þjóðlög og þjóðsögur.

Einnig getum við hugsað okkur að maður afli leyfis hjá upphaflegum höfundi hugverks til að nýta sér það sem sitt eigið verk án þess að geta höfundarins. Þó að undarlegt kunni að virðast er slíkt einnig ritstuldur samkvæmt skilgreiningunni sem tilgreind var hér á undan.

Þetta byggist á því að sá sem birtir verk annars manns sem sitt eigið er ekki eingöngu að ganga á hlut upphaflegs höfundar ef við á, heldur einnig að blekkja lesendur sína í einföldum staðreyndum um tilkomu verksins. Þetta á bæði við um almenna lesendur og þá sem leggja sérstaklega mat á verkið eins og nú er altítt, bæði í ritdómum í fjölmiðlum, við úthlutun ýmiss konar styrkja og viðurkenninga og við mat á störfum manna í heild eins og gert er til dæmis í háskólum. Þannig getur hugverkastuldur sem ekki kemst upp hæglega orðið manni til efnislegra hagsbóta rétt eins og venjulegur þjófnaður.

### Vafasamur vinnusparnaður

Sá sem stelur einhverju frá öðrum ætlar oft að nýta sér það, til dæmis í auknum afköstum og minni fyrirhöfn. Þetta á augljóslega við þegar menn stela peningum eða hlutum sem þeir hyggjast fénýta sér, en einnig þegar lausafé eins og bílum eða reiðhjólum er stolið til eigin nota. Á sama hátt kann það að horfa til vinnusparnaðar fyrir höfunda hugverka að nýta sér parta úr verkum annarra eins og um eigið verk væri að ræða. Ritstuldur eða annar hugverkastuldur er því að ýmsu leyti býsna hliðstæður venjulegum þjófnaði.

### Ritstuldur og fræðastörf

Í seinni tíð hefur ritstuldur í fræðastörfum komið mjög til umræðu, meðal annars með tilkomu tölvutækni og veraldarvefs, en einnig vegna vaxandi kröfu um heiðarleika, vönduð vinnubrögð og gagnsæi í vísindum.

Í grein bandaríska veftímaritsins History News Network kemur fram að ásakanir um ritstuld meðal fræðimanna fari sjaldan fyrir dómstóla þar sem lagaleg skilgreining á ritstuldi sé mun þrengri en þær siðareglur sem gilda um vandaða fræðimennsku. Séu ásakanir um ritstuld háskólakennara á rökum reistar geta háskólar beitt ýmsum viðurlögum svo sem að lækka laun, seinka stöðuhækkun, segja manni upp eða krefjast innköllunar og leiðréttingar á verki sem um ræðir. Þetta er þá gert vegna óvandaðra vinnubragða en ekki með vísun til þess að landslög hafi endilega verið brotin.

### Tilvitnanir

Spurningin um ritstuld í vísindum kann að leyna svolítið á sér vegna þess að vísindamönnum þykir yfirleitt eftirsóknarvert að aðrir fræðimenn vitni í verk þeirra. Hins vegar er þá auðvitað átt við fullgilda tilvitnun sem gerir lesanda kleift að hafa upp á verkinu sem um ræðir. Hitt hefur þó einnig færst í vöxt að menn noti verk annarra vísindamanna án þess að vísa til þeirra. Sá sem gerir slíkt á í hættu að hljóta ámæli af hálfu starfssystkina og vísindasamfélagsins eða fulltrúa þess, svo sem háskólayfirvalda og rannsóknaráða í hinum ýmsu löndum, eða jafnvel að missa aðgang að sjóðum sem úthluta styrkjum til rannsókna.

Eitt af því sem veldur nokkrum ruglingi í umræðunni um hugverkastuld í vísindum er það að kröfur um frágang fræðilegra verka að þessu leyti hafa verið að aukast að undanförnu og eru til dæmis allt aðrar núna en þær voru fyrir 100 árum eða svo.

### Dulbúin rit

Sömuleiðis byrgir það mönnum sýn á köflum að vísindamenn taka stundum upp á því að skrifa rit fyrir almenning og þá þykir ekki endilega við hæfi að trufla lesandann með bókfræðilegum tilvísunum. Ef höfundur kýs að sleppa þess konar kröfum eða slaka verulega á þeim ber honum að láta þess getið auk þess sem hann verður þá að sæta því að rit hans sé metið samkvæmt þessu – og kann það þó að vera býsna gott að öllu öðru leyti. Í þessu viðfangi skiptir líklega mestu að ritið sé eins og það sýnist vera þannig að lesandi geti strax séð hvorum flokknum það tilheyrir.

Heimildaskrá verður birt með svarinu á vefnum.

*Þorsteinn Vilhjálmsson, prófessor í vísindasögu og eðlisfræði við HÍ og Jón Gunnar Þorsteinsson, bókmenntafræðingur.*

Vísindavefur Háskóla Íslands fjallar um öll vísindi, hverju nafni sem nefnast. Að jafnaði birtast þar 15-20 ný svör í hverri viku. Meðal spurninga sem þar hefur verið glímt við að undanförnu eru: Eru til menningarheimar þar sem fólk er nafnlaust, hvernig er hugtakið stjórnsýsla skilgreint, hvað þýðir ISBN-talan fremst í bókum, geta stórkettir malað eins og venjulegir litlir kettir, hvaða tilgangi gegnir harði diskurinn og hvað getið þið sagt mér um Andrómeda-vetrarbrautina? Hægt er að lesa svör við þessum spurningum og fjölmörgum öðrum á slóðinni www.visindavefur.hi.is.





Grillkjötið frá Goða er heitast á grillið í sumar!

GOÐI
-alltaf góður

# ALVÖRU SU

## SÍÐUSTU DAGAR ÞÚ MÁT

# *Þrælmagnaðar álkerrur*

Fyrir fjórhjólið eða bátinn í veiðiferðina; gamla ísskápinn, þvottavélina eða eldavélina sem þarf að koma á haugana; hjólbörurnar, sláttuvélina og nýja arininn sem á að fara í sumarbústaðinn; mótorhjólið, vélsleðann – og eiginlega hvað sem er.

### *Daxara 107*
*Litla sturtukerran með stóru eiginleikana.*

**Stærð:** 1,10x0,90 m
**Verð:** 57.000 kr.
**Tilboð:** **43.900 kr.**




### *Daxara 198*
*Með sturtubúnaði og loki úr ABS-plasti.*
*Opnanleg að framan og aftan.*

**Stærð:** 190x120
**Verð:** 179.300 kr. án loks
**Tilboð:** **159.900 kr. án loks**



### *Daxara 127*
*Lítil og snaggaraleg.*
*Opnanleg að framan og aftan.*

**Stærð:** 1,25x0,97 m
**Verð:** 69.200 kr.
**Tilboð:** **59.900 kr.**




### *Daxara 158*
*Ein öflug á 13" dekkjum og með sturtubúnaði.*
*Opnanleg að framan og aftan.*

**Stærð:** 150x105
**Verð:** 108.300 kr.
**Tilboð:** **98.900 kr.**




### *Daxara 147*
*Meðfærileg og notadrjúg.*
*Opnanleg að framan og aftan.*

**Stærð:**1,5x1,05 m
**Verð:**84.900 kr.
**Tilboð:74.900 kr.**



### *Daxara 218*
*Stór og sterk með sturtubúnaði. 13 tommu hjólbarðar.*
*Opnanleg að framan og aftan.*

**Stærð:** 230x135
**Verð:** 217.900 kr.
**Tilboð:** **197.900 kr.**



### *Mótorhjólakerra CH750*
*Með eða án rampa. Möguleiki á krossviði í botni.*

**Stærð:** 300x155x70
**Verð:** 89.900 kr. (m.v. 3 rampa)
**Tilboð:** **79.900 kr.**



DAXARA
*Léttar og meðfærilegar*


UMARFJÖR!
T EKKI MISSA AF ÞESSU
Tjaldvagn Alegra
UPPSELT
Kálfur aukalega á mynd
Verð áður 668.000
Nú aðeins 549.000
Nú aðeins 399.000
Tjaldvagn Solena
UPPSELT
Þakskyggni aukalega á mynd
Verð áður 489.000
Nú aðeins 429.000
Nú aðeins 299.000
Gashella
Verð áður 13.620
Nú aðeins 4.900
Fortjaldshitari 4200w
Verð áður 17.900
Nú aðeins 11.900
Champingaz ferðaklósett
Verð áður 13.619
Nú aðeins 6.900
Champingaz gasgrill Woody
Ósamsett
Verð áður 22.900
Nú aðeins 14.900
Nú aðeins 13.900
Champingaz gasgrill Advantage
Ósamsett
Verð áður 22.900
Nú aðeins 14.900
Nú aðeins 13.900
Reiðhjól
Verð áður 16.900
Nú aðeins 12.900
Allar Veiðivörur 25% afsláttur
Hlaupahjól
Verð áður 6.900
Nú aðeins 2.500
Pallahitari
Verð áður 26.098
Nú aðeins 17.900
Eldhúsrúllur 28 í pakka
Klósettrúllur 48 í pakka
Aðeins 1.200 kr. pk.
Góðar vinnuskyrtur
2 í pakka
Aðeins 990
Devolt Norsku ullarnærfötin 25% afsláttur
Coleman loftdýna tvíbreið
Verð áður 4.900
Nú aðeins 3.900
Primus ferðagasgrill
Verð áður 5.990
Nú aðeins 3.995
Opnunartími:
virka daga 8 - 18
laugardag 10 - 16
sunnudag 12 - 16
Sjón er sögu ríkari
ELLINGSEN
GRANDAGARÐI 2 • REYKJAVÍK • SÍMI 580-8500

# Manneskjan er eins og hæna í búri

**Sigurpáll Helgi Arnþórsson** er fréttastjóri Færeyska dagblaðsins Dimmalætting. Hann er gagnrýninn á færeyskt samfélag og segir Færeyinga lítt umburðarlynda gagnvart hinu óhefðbundna. *Björn Þór Sigbjörnsson* hitti Sigurpál að máli þegar hann kom í frí til Íslands á dögunum.



FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

**SIGURPÁLL HELGI ARNÞÓRSSON** „Það er skylda mín sem fjölmiðlamaður að líta samfélagið gagnrýnum augum,“ segir Sigurpáll sem óttast að Færeyingar einangrist enn frekar frá umheiminum vegna lítils áhuga á því sem gerist utan eyjanna.

Færeyingar eru fangar sögunnar,“ segir Sigurpáll Helgi sem hefur áralöng kynni af frændum okkar í suðaustri. Ingibjörg, eiginkona hans, er færeysk en þau bjuggu saman í Danmörku þar til fyrir ári er þau fluttu til Færeyja að ósk Ingibjargar sem lengi hafði langað heim. Um leið réði Sigurpáll sig til Dimmalætting en hann hafði áður unnið á dagblaði á Jótlandi.

„Ég hef á tilfinningunni að Færeyingar hræðist bæði nútíðina og framtíðina og fyrir vikið vita þeir ekki hvað þeir eiga að gera.“ Sigurpáll líkir ástandinu í eyjunum við það sem ríkti á Íslandi fyrir tuttugu árum og ber færeyskum stjórnmálamönnum ekki vel söguna. „Þeir hugsa fyrst og fremst um sjálfa sig og að tryggja endurkjör á næsta kjörtímabili. Þeir hugsa ekki um heill þjóðarinnar til framtíðar og taka fáar langtímaákvarðanir.“

Sigurpáll segir mikilvægt að tekið verði af skarið og gerist það ekki á næstu misserum einangrist Færeyingar endanlega frá umheiminum. Hann bindur vonir við að aukið frjálsræði í fjármálalífinu leysi einhver öfl úr læðingi í samfélaginu, líkt og gerðist á Íslandi þegar hlutabréfamarkaðurinn varð virkur. Hins vegar kjósi valdaöflin í landinu óbreytt ástand og sterk staða þeirra kunni að aftra þeirri þróun.

### Frjálst og óháð blað

Tvö víðlesin dagblöð eru gefin út í Færeyjum; Dimmalætting og Sosialurin. Báðum er dreift í um níu þúsund eintökum og koma þau út síðdegis. Sá munur er þó á að í haus Sosialurins er dagsetning morgundagsins en Dimmalætting breytti út af þeirri áralöngu venju á haustdögum og ber nú dagsetningu útgáfudagsins.

Blöðin voru bæði nátengd stjórnmálaflokkum og fluttu fréttir sem voru flokkunum í hag. Sú tíð er liðin hjá Dimmalætting og Sigurpáll og samstarfsmenn hafa frjálsar hendur í skrifum sínum.“Fyrir tíu árum kom nýr ritstjóri að blaðinu og ákvað að tími væri kominn til að slíta á tengslin við Sambandsflokkinn og setja fréttirnar í öndvegi. Áður gat formaður flokksins pantað forsíðuna án þess að fá gagnrýnar spurningar og svona er þetta enn þá á Sosialurin þar sem Jafnaðarmannaflokkurinn ræður ríkjum.“ Slíkt fyrirkomulag er Íslendingum í fersku minni en blöðin hér voru jú flest hver í eigu stjórnmálaflokka og drógu taum þeirra í fréttum sínum.

Auk dagblaðanna tveggja koma Eyjatíðindi út tvisvar í viku í Færeyjum en þau flokkast til gulrar pressu. Í þeim eru fréttir af einkalífi fólks og segir Sigurpáll að ritstjóri þeirra sé oftar en ekki kærður fyrir brot á friðhelgi einkalífsins. Dagblöðin tvö haldi hins vegar sínu striki og láti Eyjatíðindum nærgöngula umfjöllun um persónuleg málefni eftir.

### Fordómar í Færeyjum

Innlendar fréttir er helsta efni Dimmalætting og segir Sigurpáll það ráðast af áhugasviði Færeyinga sem láti sig málefni umheimsins litlu varða. Hann hefur nokkrar áhyggjur af ástandinu enda geti fordómar grasserað við slíkar aðstæður. „Manneskjan er eins og hæna í búri að þessu leyti.

> **„Samkynhneigðir eiga erfitt uppdráttar í landinu og flestir þeirra flytja til Danmerkur. Þar er líka erfitt að vera útlendingur og heilu vikurnar líða á milli þess sem blökkumaður sést í Færeyjum.**

Hugsanir okkar eru bundnar við það sem við sjáum og upplifum og því minna sem við vitum um umheiminn því meiri hætta er á fordómum. Hænan er hæst ánægð í búrinu sínu því hún þekkir ekkert annað.“

Saman við þetta ástand blandist svo sterkar rætur kristinnar trúar í Færeyjum þar sem yfir 30 kristnir söfnuðir eru starfræktir. „Færeyskir bókstafstrúarmenn hafa sannfært mjög marga um að múslimar séu vondir og gera til dæmis engar athugasemdir við gjörðir Bush Bandaríkjaforseti í Írak. Í Færeyjum er líka lítið pláss fyrir fólk sem fellur ekki inn í fjöldann og umburðarlyndið er lítið. Samkynhneigðir eiga erfitt uppdráttar í landinu og flestir þeirra flytja til Danmerkur. Þar er líka erfitt að vera útlendingur og heilu vikurnar líða á milli þess sem blökkumaður sést í Færeyjum.“

Sigurpáll er gagnrýninn á færeyskt samfélag og harðorður í garð þjóðarinnar. „Það er skylda mín sem fjölmiðlamaður að líta samfélagið gagnrýnum augum,“ segir hann en tekur um leið fram að Færeyingar séu ljúfir og þægilegir í umgengni.

### Þjóðin sameinist

Íslendingar hafa lengi fylgst með umræðum um hugsanlegt sjálfstæði Færeyinga frá Dönum enda þekkja þeir slík mál á eigin skinni. Sigurpáll fylgist vitaskuld grannt með og finnst umræðan spennandi. „Stríðið hefur staðið frá 1948 þegar naumur meirihluti Færeyinga samþykkti sjálfstæði í þjóðaratkvæðagreiðslu en ekkert var gert með niðurstöðurnar. Mín skoðun er að það þurfi að fara varlega og áður en til sjálfstæðis getur komið er mikilvægt að færeyska þjóðin sameinist.“ Með þeim orðum á hann við að of skörp skil séu milli íbúa höfuðstaðarins Þórshafnar og landsbyggðar og eins milli íhaldsaflanna og þeirra sem vilji sjálfstæði hið fyrsta. „Ég er smeykur við þá leið að slíta á öll tengsl í einum vetvangi því þjóðin er ekki undir það búin. Hins vegar get ég séð fyrir mér að þetta þróist hægt og sígandi og það er mikilvægt að mikill meirihluti þjóðarinnar sé samþykkur sjálfstæði.“

Sjálfur veit Sigurpáll ekki hvort hann búi í Færeyjum ef og þegar eyjarnar hljóti sjálfstæði því segja má að hann búi þar til reynslu. „Við bjuggum í Danmörku þar sem konan mín þjáðist af heimþrá. Við ákváðum að prófa að vera í Færeyjum í tvö ár og sjáum svo til að þeim árum liðnum.“


BÓKMENNTAÞÁTTURINN

Á Talstöðinni alla laugardaga milli kl. 13 og 14.

Í þættinum ræðir Gunnar Þorri við rithöfunda, innlenda sem erlenda, þýðendur og kynnir áhugaverð skrif af ýmsu tagi.

Laugardagar kl. 13 -14

Í umsjón Gunnars Þorris Péturssonar

! Talstöðin FM 90,9


## ÁHRIFAVALDAR SIGURÐUR KÁRI KRISTJÁNSSON ÞINGMAÐUR

# *Foreldrar, vinir og lærifeður*

Það gefur augaleið að foreldrar mínir hafa verið miklir áhrifavaldar í lífi mínu. Þau ólu mig upp og gáfu mér allt það besta sem þau gátu gefið mér. Uppeldi mitt hefur mótað líf mitt allar götur síðan. Ég kem frá afar venjulegu heimili þar sem maður þurfti að leggja mikið á sig til þess að ná árangri og þannig hefur það verið allt mitt líf.

Vinir mínir, Gísli Marteinn Baldursson stjórnmálamaður, Rúnar Freyr Gíslason leikari, Pétur Marteinsson knattspyrnumaður, Viðar Þór Guðmundsson listamaður og Ólafur Örn Guðmundsson flugmaður hafa ekki síður verið miklir áhrifavaldar í lífi mínu. Við höfum verið vinir frá því í æsku, lékum okkur í sama sandkassanum, gengum saman í grunnskóla og síðan Verzlunarskólann og höfum í raun verið óaðskiljanlegir alla tíð. Enginn okkar kemur frá pólítísku heimili en í gegnum allar þær ræðukeppnir og rökræður, háskóla- og ungliðapólitík hefur þróunin orðið sú að ég hef aðhyllst hægrisinnaða hugmyndafræði.



**JÓN STEINAR GUNNLAUGSSON** Hæstarréttardómarinn.

Ekki má heldur gleyma mönnum eins og Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni, Jóni Steinari Gunnlaugssyni og fleirum sem hafa alltaf reynst mér vel, hvatt mig áfram í mínum störfum fyrir Sjálfstæðisflokkinn og á öðrum vettvangi og verið traustir og ráðagóðir. Ég gleymi því heldur aldrei að hafa fengið tækifæri til þess að vinna með Davíð Oddssyni og öðrum forystumönnum Sjálfstæðisflokksins.



Að lokum hlýt ég að nefna það að strax eftir að ég lauk stúdentsprófi hóf ég nám í lögfræði við Háskóla Íslands. Það má segja að lögfræðin sé mitt annað áhugamál ásamt stjórnmálunum. Ég held að ég geti þakkað þann áhuga að miklu leyti mínum gamla kennara Sigurði Líndal og áðurnefndum Jóni Steinari, sem ég starfaði hjá meðfram námi, og ekki síður mínum gömlu félögum á lögmannsstofunni Lex, mönnum eins og Jónasi A. Aðalsteinssyni hæstaréttarlögmanni, Guðmundi Ingva Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni og öllu því góða fólki sem ég starfaði með þar.

# MÚSIK & MYNDIR

## NÝ VERSLUN OPNAR
Í HAMRABORG 1-3

## ÓTRÚLEG OPNUNARTILBOÐ Á GEISLADISKUM OG DVD




ÍSLENSKIR GÆÐATÓNAR

FRÁBÆRAR ERLENDAR ROKKPLÖTUR Á GLÆSILEGU VERÐI




TÓNLIST FYRIR ALLA ALDURSHÓPA

GLÆSILEGT ÚRVAL AF ÍSLENSKRI TÓLIST

## HUNDRUÐ ANNARA FLYTJANDA Á FRÁBÆRU VERÐI T.D.

ROLLING STONES, BOB DYLAN, ELVIS PRESLEY, BÍTLARNIR, LED ZEPPELIN, PINK FLOYD, DAVID BOWIE, ELTON JOHN, QUEEN GUNS N´ROSES, MICHAEL JACKSON, NORAH JONES, KORN, 50 CENT, SNOOP DOOG

MÚSIK OG MYNDIR | HAMRABORG 1-3 | 200 KÓPAVOGUR | S: 555 7601 | www.MUSIC.is | music@music.is

OPNUNARTILBOÐ LAUGARDAG OG SUNNUDAG, EÐA Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST


ÆVINTÝRALEG
OPNUNARTILBOÐ
í stærstu húsgagnaverslun landsins!
HÚSGAGNAHÖLLIN
OPNUM 3
OPIÐ ALLA HELGINA


STÓRA
ÆVINTÝRIÐ
Á LITLA ÍSLANDI
HEFST Í DAG
HÚSGAGNAHÖLLIN
ÆVINTÝRALEGUR
LEIKUR
á 3 hæðum
TAKTU ÞÁTT
ICELANDAIR
VINNINGUR Á 3. HÆÐ!
Vikuferð fyrir 4 til Florida með Icelandair
ásamt hóteli og miðum í Disney World.
ICELANDAIR
VINNINGUR Á 2. HÆÐ!
Helgarferð fyrir 2 til Köben með Icelandair
ásamt hóteli og miðum í Tivoli.
HÚSGAGNAHÖLLIN
VINNINGUR Á 1. HÆÐ!
100.000 kr. inneign í Húsgagnahöllinni.

# Sveit af öðrum heimi

Bærinn Þorvaldseyri er í einni af syðstu og veðurmildustu sveitum landsins. Umhverfið er eins og í draumaheimi enda stoppa fjölmargir ferðamenn við túnfótinn til að berja sveitina augum. *Jón Sigurður Eyjólfsson* tók hús á **Ólafi Eggertssyni** bónda á Þorvaldseyri og komst að því að bærinn er eins og af annarri veröld, jafnvel fyrir þá sem komast inn fyrir túnfótinn.

Fegurðin hefur alltaf verið til staðar á Þorvaldseyri enda trónir Eyjafjallajökull yfir fjöllum og kórónar landslagið. En fyrir níutíu og níu árum þegar Ólafur Pálsson, afi nafna hans Eggertssonar, keypti jörðina þá virtist hún ekki svo gjöful enda gat Svaðbælisá farið yfir alla eyri svo jörðin var nær óhæf til ræktunar. Ólafur lét hendur standa fram úr ermum og reisti varnargarða með fram ánni og hóf virkjun við Koltungufoss árið 1928 og síðan þá hefur smjör dropið af hverju strái.

### Kýrnar fá hveiti

Á Þorvaldseyri eru einu hveitiakrarnir á landinu en þeir eru um það bil tveir hektarar og vonast Ólafur til að uppskera fjögur til fimm tonn af hveiti í haust. „Ég hef ræktað hveiti í fjögur ár,“ segir Ólafur meðan hann veður um akurinn. „Það er bara svo gaman að prófa og sjá hvað náttúran getur gefið af sér á þessum stað. Við höfum svo bakað úr þessu hveiti og það voru bara hinar bestu afurðir sem komu út úr því en aðallega fer hveitið í dýrafóður. Þannig að hveitið fer nú aðallega í kýrnar en aldrei að vita hvort maður þrói hveitiræktunina til manneldis.

Svo er ég með 30 hektara af kornökrum hér þannig að við höfum vel í þessar sextíu kýr okkar hér og getum jafnframt selt heilmikið af þessu til annara bænda.“

Kornræktun hefur verið stunduð á Þorvaldseyri frá árinu 1960 en Eggert Ólafsson, faðir Ólafs, var einn af brautryðjendum í þeim efnum á landinu.

### Suðrænt loftslag

Það virðist vera annað loftslag á Þorvaldseyri en annars staðar á Íslandi. Í það minnsta voru kýrnar þar komnar út á græn tún í endaðan apríl í ár. „Hér skýlir jökullinn okkur fyrir norðanáttinni og svo er sjaldan frost í jörðu og hún kemur oftast vel undan vetri,“ segir Ólafur til útskýringar á þessu fyrirbæri. „Ekki nóg með það heldur eru vínberin nokkuð vel á veg komin og ég er farinn að leggja mér eitt og eitt til munns þótt vínberjauppskera sé ekki fyrr en í september.“ Þessu til staðfestingar leiðir Ólafur blaðamann í lítið gróðurhús sitt og býður honum vínber.

### Rafstöð og hitaveita

Fyrir fimm árum endurgerði Ólafur rafstöðina sem afi hans hafði komið upp árið 1928. „Ég nota gömlu túrbínunar en allur rafbúnaður er nýr. Með þessu móti náum við að framleiða sextán kílóvött á klukkutíma og það dugar okkur nema á helstu álagstímum. Ég er tengdur við landskerfið þannig að þegar ég hef afgangs rafmagn get ég selt það inn á það kerfi en þegar ég hef ekki nóg kaupi ég rafmagn með sama hætti.“

Rafstöðin er í Koltungugili en þar er jafnframt unaðsreitur fjölskyldunnar á Þorvaldseyri enda afar hlýtt þar og veðursælt. Fjölskyldan hefur gróðursett fjölmargar trjáplöntur í fögru gilinu.

Árið 1989 ákvað Ólafur svo að láta á grunsemdir sínar reyna um það að heitt vatn væri að finna í iðrum jarðar á Þorvaldseyri. Hann lét bora þúsund metra holu og nú bunar úr henni heitt vatn sem iljar og þvær ábúendur jarðarinnar. „Það var alltaf vitað að heitt vatn væri hinum megin við fjallið og ég hafði einfaldlega þá trú að heita vatnið væri hérna megin líka,“ segir Ólafur, um þessa ákvörðun sem mörgum þótti djörf á sínum tíma.

### Ferðamenn við túnfótinn

Við innkeyrsluna að Þorvaldseyri er útsýnisplan og mikið um að rútur fullar af erlendum ferðamönnum stoppi þar við og líti inn dalinn sem Eyjafjallajökull kórónar með reisn. „Hérna sér maður ferðamennina virða þetta fyrir sér og jafnvel með myndavél eða kíki. Fyrir stuttu sá ég hérna einar sex rútur á planinu.“

Ólafur segir vel koma til greina að nýta sér ferðamannastrauminn til að kynna afurðir af bænum. „Það er aldrei að vita nema maður geti boðið þeim ost af kúnum hérna á brauði úr Þorvaldseyrarhveiti. Best væri þó ef ég gæti boðið þeim upp á viskí úr Þorvaldseyrarbiggi,“ segir kornbóndinn kankvís og stingur hveitistrái í munnvikið. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

**VÍNBERJARÆKTUN** Vínberin að Þorvaldseyri eru mörg hver orðin það þroskuð að þau bragðast afbragðs vel þó uppskeran eigi ekki að vera fyrr en í september.



**KOLTUNGUVIRKJUN** Koltunguvirkjun sem sér Þorvaldseyringum fyrir rafmagni er staðsett í unaðsreit fjölskyldunnar og þar hafa þau verið iðin við að gróðursetja trjáplöntum. Koltungufoss sér svo um að úða gróðurinn auk þess sem hann knýr fram raforkuna.


Polar
Sænsku lúxus hjólhýsin
Skandinavískur klassi

Ískuldi úti - ekkert vandamál,
best einangruðu hjólhýsin á markaðnum,
vatnshiti í gólfi (parket) - Alde 3000 hitun

SÝNING UM HELGINA að Súðarvogi 9
Laugardag og sunnudag kl. 10 - 18

Fákanes ehf - Sími 892 8030 - www.hjolhysi.is



Gerð 560 CTH - Verð 2.850.000
**Innifaldir aukahlutir:** Stór sóllúga, ísskápur með frysti, örbylgjuofn, ytra geymsluhólf, útvarp/fjarstýring/CD/MP3
Lengd á húsi: 5.71m - Breidd: 2.54m

Polar 730 CTH

Kr. 3.950.000

Polar 680 CTH

Kr. 3.750.000

Polar 620 CTH

Kr. 3.500.000

Polar 590 CTH

Kr. 3.100.000

Polar 560 CTH

Kr. 2.850.000

Polar 520 CTH

Kr. 2.695.000

# Nýtt líf Kvennaskólans á Blönduósi

Sýningu úr aldarsögu skólans framhaldið næstu helgar

Um síðustu helgi var haldin hátíðin „Matur og menning“ á Blönduósi. Af því tilefni var sett upp sýning í Kvennaskólanum á Blönduósi og var hún að margra mati hápunktur hátíðarinnar sem nú var haldin í þriðja skipti. Hundruð manna heimsóttu skólann og var ákveðið í ljósi hins mikla áhuga sem sýningin vakti að henni verði framhaldið. Verður sýningin opin næstu þrjár helgar, til 7. ágúst, frá kl. 14-17.

Umsjón með sýningunni hefur Aðalbjörg Ingvarsdóttir, en hún var síðasti skólastjóri skólans sem var lagður niður fyrir röskum aldarfjórðungi, árið 1978. Síðan hefur ýmis starfsemi verið í skólanum en því miður hefur húsið verið í fremur lítilli notkun undanfarin ár og hefur þessu reisulega húsi hrakað nokkuð og er farið að láta á sjá. „Húnvetningar og fyrrum nemendur skólans sem heimsóttu okkur um síðustu helgi voru margir snortnir af því að sjá skólann kominn í notkun aftur og lýstu yfir vonum sínum um að sýningin yrði opin áfram, helst til frambúðar. Vonandi bera Húnvetningar gæfu til að varðveita skólann og sögu hans og blása lífi í þetta merka hús. Við sjáum vísi að nýju lífi skólans með nýstofnuðu Textílsetri sem hér hefur aðsetur og vinnustofu Textíls ehf sem verið hefur hér í nokkur ár,“ segir Aðalbjörg.

„Skólinn á mikið safn muna en að auki höfum við fengið að láni hannyrðir frá fyrrum nemendum og afkomendum þeirra en við settum okkur það markmið að geta sýnt muni frá öllum áratugum í sögu skólans, allt frá stofnun hans 1879 og þar til hann lagðist af 99 árum síðar. Þetta tókst og það eru margir gullmolarnir sem eru til sýnis, verk sem tekið hefur tugi og jafnvel hundruð klukkutíma að vinna. Verkin endurspegla tíðarandann hverju sinni og við útbjuggum tvö nemendaherbergi í anda þriðja og sjöunda áratugarins þar sem sjá má hvernig líf og umhverfi stúlknana hefur verið á þeim tímum. Skólaspjöldin segja líka mikla sögu sem og bréf, minningabrot, greinar og fundargerðir skólanefndar sem hafa verið hengd upp á veggi skólans og veita innsýn í anda hvers tíma.

Það er með ólíkindum hve mikið hefur varðveist af gamalli handavinnu og margir voru hissa á að sjá verk eftir ömmur og langömmur sínar og hvað þau voru í góðu ásigkomulagi þrátt fyrir mikla notkun. Börnin mín voru til dæmis alveg steinhissa að sjá kjól sem amma mín, Herborg Friðriksdóttir, saumaði er hún nam við skólann veturinn 1907-1908. Þau mundu eftir mynd af móður minni sem kornabarni í þessum kjól en höfðu ekki hugmynd um að hann væri ennþá til, hvað þá að hann væri nánast sem nýr. Þetta er svokallaður undirkjóll eftir tísku þess tíma en ég sé ekki betur en hann hafi staðist tímans tönn fyllilega, allavega tók sonardóttir mín sig vel út þegar við klæddum hana í kjólinn. Það eru mikil menningarverðmæti fólgin í handverkinu sem stúlkurnar á skólanum unnu og ég vona að þessi sýning opni augu manna fyrir mikilvægi þess að varðveita þessa sögu og þetta reisulega og fallega hús.„ ■

## Ef menntun vantar snót

Sagt er að Matthías Jochumsson hafi sent Elínu Briem, forstöðukonu, tvö ljóð sem hann nefndi Skólaminni og voru ort í tilefni 25 ára afmælis skólans eins og glöggt kemur fram í Skólaminni II. Ljóðin voru ort árið 1902 en skólinn varð 25 ára árið 1904.

Við skólasetningu það ár var skólasöngurinn sunginn í fyrsta skipti, Skólaminni I, Notað var erlent lag sem nú er gleymt. Sú hefð myndaðist a.m.k. síðar að syngja aðeins fyrsta erindi ljóðsins ásamt viðlagi. Þegar skólinn nálgaðist að verða 60 ára (1939) hóf Kristján Sigurðsson kennari frá Brúsastöðum máls á því að skólinn þyrfti að eignast lag við skólasönginn. Naut hann stuðnings Ástu Sighvatsdóttur kennara við skólann, og leitað var til Sigvalda Kaldalóns um að semja lag.

Lagið samdi Sigvaldi árið 1937 og voru honum greiddar 25 krónur fyrir. Á afmælishátið skólans 17. og 18. júní 1939 sungu námsmeyjar lagið við ljóð það er Matthías orti í tilefni 25 ára afmælisins, undir stjórn Sóveigar Benediktsdóttur forstöðukonu. (skv.skólaskýrslu 1938-40). Viðlag ljóðsins er svohljóðandi:

Í sálarþroska svanna
býr sigur kynslóðanna.
Og hvað er menning manna,
ef menntun vantar snót?



**FIMM KYNSLÓÐA KJÓLL** Aðalbjörg Ingvarsdóttir heldur á Aðalbjörgu Helgu sonardóttur sinni í kjól sem langalangamma þeirrar litlu saumaði í skólanum 1907-8. Á innfelldu myndinni má sjá Sigríði langömmu í kjólnum árið 1912.


www.toyota.is




**Avensis - Upplifun**

Avensis stendur undir miklum væntingum. Bíllinn er ríkulega hlaðinn staðalbúnaði. Innri hönnun einkennist af miklu rými og þægindum fyrir ökumann og farþega. Avensis hefur sjálfvirkan regnskynjara á þurrkum, tölvustýrða loftræstingu í miðstöð, hágæða hljómflutningstæki og afar fullkominn hemlunar- og öryggisbúnað. **Komdu í reynsluakstur og láttu drauma þína rætast í veruleikanum. Næst ekur þú Avensis.**

**Verð frá 2.340.000 kr.**

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota, Nýbýlavegi 4-8, sími 570 5070



**PAMELA ANDERSON** Er alltaf óhóflega brún og nú eru farin að sjást augljós merki sólarskemmda í andliti hennar.



**BURT REYNOLDS** Var afar myndarlegur maður og væri það enn ef hann hefði ekki ákveðið að strekkja andlitið á sér aftur á hnakka.



**DOLLY PARTON** Hefur látið hafa eftir sér að sé eitthvað farið að slappast og hanga þá láti hún strax „gera við það“. Hún ætti betur að sleppa því.



**JOCELYN WILDENSTEIN** Hástéttarkona frá Bandaríkjunum sem er með hrikalega plastorexíu.



**GEORGE HAMILTON** Er einn frægasti brúnkukarl í heimi.



**JULIO IGLESIAS** Er kominn með hrikalega leðurhúð eftir margra ára tanorexíu.



**VICTORIA BECKHAM** Er drottning fashionorexíunnar. Hún kaupir föt í öllum „trendum“ og gengur helst í þeim öllum í einu.



**MICHAEL JACKSON** Er einn frægasti skemmtikrafur heims. Hann þjáist af alvarlegri plastorexíu en, eins og sumir fíklar, getur hann ekki viðurkennt það fyrir umheiminum.




# Sjúkleg útlitsárátta á

Fegurðin hefur alltaf verið eftirsóknarverð. Fólk leggur mismikið á sig til að öðlast hana en það vill bregða við að þeir sem reyna mest, uppskera minnst. *Sóley Kaldal* skoðar það nánar.

Hinn lífshættulegi sjúkdómur lystarstol, eða anorexía, er ekkert gamanmál. Hann hefur marga einstaklinga í heljargreipum sínum og engin aðferð virðist veita fullkomna lækningu. Lystarstol er nátengt öðrum sjúkdómi sem heitir body dysmorphic disorder (BDD) og mætti kalla líkamsfirringu á íslensku. Líkamsfirring getur brotist út á margan hátt í öfgum tengdum útliti. Aðaleinkenni sjúkdómsins er að manneskja sem þjáist af honum er gríðarlega ósátt við líkama sinn eða útlit vegna ímyndaðra galla. Manneskjan hefur óbilandi áhyggjur af ákveðnum útlitseiginleikum sem annað fólk tekur jafnvel ekki eftir.

Stjörnur er sérstaklega viðkvæmar fyrir útlitsröskunum. Það er vissulega skiljanlegt þar sem þær lifa og hrærast í heimi sem byggir að stórum hluta á útlitinu. Þær eru sífellt í kastljósinu og hvert einasta smáatriði í útliti þeirra er gaumgæft og gagnrýnt.

Ekki eru öll líkamsfirring jafn hættuleg og anorexía. Sum getur verið allt að því spaugileg en önnur er hreinlega sorgleg. Hér verður fjallað um fjórar raskanir sem sífellt meira hefur borið á undanfarin ár.

**Plastorexía**
Plastorexía er ekki eiginlegt nafn sjúkdómsins en blaðamaður hefur kosið að kalla röskunina því nafni. Hér er ekki verið að vísa til orðsins plast eins og það er oftast notað í íslensku heldur er orðið plast dregið af gríska orðinu plastikos sem þýðir að móta eða breyta. Sjúkdómurinn lýsir sér í því að einstaklingurinn verður háður lýtaaðgerðum. Það sem byrjar sem smá lagfæring á óæskilegum útlitseiginleika, vindur upp á sig og verður að sjúklegri áráttu. Fólk með þennan sjúkdóm heldur að það verði ánægt eftir næstu aðgerð en verður svo sífellt fyrir vonbrigðum. Það hættir að sjá raunverulega spegilmynd sína og



**LINDSAY LOHAN** Þótt undarlegt megi virðast, þolir hún ekki freknur sínar og reynir að fela þær með brúnum húðlit.



**CHARLIZE THERON** Lítur út eins og kjáni við hliðina á Renee Zellweger sem þjáist ekki af tanorexíu.

þótt tilgangur hverrar aðgerðar sé bætt útlit, er niðurstaðan allt önnur en sú. Dauðsföll tengd lýtaaðgerðum eru vissulega þekkt stærð því eins og allir vita fylgir svæfingunni einni ákveðin áhætta. Þess má einnig geta að dánartíðni einstaklinga sem fara í fitsog er með því hæsta sem gerist á spítölum.

**Dæmi um fræga einstaklinga sem þjást af þessari röskun: Michael Jackson, Pamela Anderson, Dolly Parton og Joan Rivers.**

**Tanorexía**
Tanorexíu þekkja margir. Í henni felst óhófleg ljósabekkjanotkun og sólbaðsdýrkun en þessi sjúkdómur er að verða að faraldri í hinum vestræna heimi. Sjúklingum sem þjást af tanorexíu finnst þér glærir og guggnir ef þeir komast ekki í ljós eða sólbað mörgum sinnum í viku og eru hreinlega óstöðvandi í eftirsókn sinni eftir dekkri húðlit.

Í Englandi deyja um eitt hundrað manns á ári í beinum tengslum við þennan sjúkdóm og fjölmargir valda óafturkræfum skemmdum á húð sinni. Þetta hefur gengið svo langt að nú liggur fyrir frumvarp á enska þinginu sem bannar börnum undir sextán ára að fara í ljós.

Einstaklingar með tanorexíu hafa að einhverju leyti tekið upp notkun brúnkukrema en þau eru aðeins viðbót við þann dökka húðlit sem þeir hafa þegar náð. Brúnkukrem þykja ekki jafn flott og raunveruleg brúnka, því litur þeirra dofnar á örfáum dögum og er ekki jafn djúpur og sá raunverulegi.

**Dæmi um fræga einstaklinga sem þjást af þessari röskun: George Hamilton, Victoria Beckham, Julio Iglesias og Lindsay Lohan.**

**Fashionorexía**
Áráttan sem kölluð er fashionorexía er ekki jafn lífshættuleg og þær tvær sem nefndar eru að ofan en hún getur valdið þunglyndi vegna slæmrar fjárhagsstöðu. Einstaklingum með þessa röskun líður illa ef þeir eiga ekki öll nýjustu tískufyrirbærin og eru óstöðvandi þegar kemur að fata- og fylgihlutakaupum. Þessi fíkn er því nátengd viðurkenndu fyrirbæri sem kallast kaupæði eða „shopaholism“. Einstaklingar með fashionorexíu er alltaf með putt-





**CHRISTINA AGUILERA** Er eitt skýrasta dæmið um manneskju með makeorexíu. Christina sést aldrei án þess að vera gríðarlega mikið máluð og væri sennilega óþekkjanleg án alls maskarans, augnskuggans, meiksins og kinnalitarins. Hér eru aðeins nokkrar myndir sem sýna óhóflega notkun hennar á förðunarvörum.







**JENNIFER LOPEZ** Lætur ekkert framhjá sér fara í tískunni og á því til að yfirkeyra ansi oft.



**PARIS HILTON** Með hattinn, sólgleraugun, beltið, hringinn og hárlengingarnar.



**KATIE PRICE** Var falleg og frískleg ung stúlka, með krullað og glansandi hár.



**JORDAN** Eins og Katie Price kallar sig núna. Lítur vægast sagt skelfilega út með plastorexíu, makeorexíu og tanorexíu.

# tímum æsku- og útlitsdýrkunar

ann á púlsinum í öllu sem er að gerast í tísku og láta ekki eitt einasta „trend“ eða „móð“ framhjá sér fara. Þeir verða að eiga föt eftir alla flottustu hönnuðina og verða leiðir á flíkum sínum eftir örfá skipti. Fólk með fashionorexíu er oft á toppi listanna yfir þá best klæddu en það leggur aldrei línurnar og tekur engar áhættur. Þetta fólk eltir tískuna en leiðir hana ekki, því það klæðist bara því sem frægir hönnuðir hafa matreitt fyrir það. Eins og hinn breski grínisti David Walliams orðaði það: „David Beckham tískugoð? Ég held nú ekki. Þetta er bara maður sem á fullt af nýjum fötum en það er ekkert saman-



**DAVID BECKHAM OG VICTORIA ADAMS** Heilbrigð og hamingjusöm. Lífsgleðin geislar af parinu sem var nýlega trúlofað.



**POSH OG BECKS** Með frosin bros á vörum, töluvert frægari og búin að stofna Beckham-ættarveldið. Hér eru þau augljóslega með tanorexíu og fashionorexíu og einhvern snert af plastorexíu.

sem merki á milli þess og að vera tískufrömuður.“

Tískutímariti Style, sem er fylgirit Times, smíðaði dæmi fyrir fólk um mörkin á milli fashionorexíu og hinna eðlilegu: „Þeir sem eru smart ganga í geggjaða, nýja jakkanum frá Dolce&Gabbana, þeir sem þjást af fashoinorexíu ganga í dressi númer fjórtan af Dolce&Gabbana tískusýningunni.“

**Dæmi um fræga einstaklinga sem þjást af þessari röskun: David og Victoria Beckham, Jennifer Lopez, Paris Hilton og Jessica Simpson.**

## Makeorexía

Þetta er nú á mörkum þess að geta kallast sjúkdómur en er nokkuð hvimleið árátta fyrir fórnarlömb hennar. Einkenni makeorexíu eru þau að einstaklingnum líður eins og hann sé nakinn, sé hann ekki með farðað andlit og honum finnst hann líta þeim mun betur út sem magnið er meira. Eins og gefur að skilja þá leggst makeorexía oftar á konur.

Nú er mikill munur á konum sem hafa gaman að förðunarvörum og vilja hafa sig til og þeim sem líða sálarkvalir innan um annað fólk séu þær ekki stífmálaðar.

Oft er gert grín að þessari förðunarfíkn og tískublöðin bjóða stundum upp á próf sem bera yfirskriftina „Ertu háð förðunarvörum?“. Það er þó eingöngu gert til gamans og engar lausnir veittar þeim sem eru háðir. Þar er ekkert rætt um rót vandans sem oftast er brotið sjálfsálit eða óöryggi. Konum með makeorexíu finnst þær geta falið sig bak við grímuna sem farðinn veitir og halda þannig fjarlægð sinni við umheiminn.

**Dæmi um fræga einstaklinga sem þjást af þessari röskun: Christina Aguilera, Pamela Anderson og Jordan.**

## Fleiri en ein

Oft haldast þessar útlitsraskanir í hendur og sami einstaklingurinn getur verið þjáður af mörgum röskunum í einu.


OPIÐ UM HELGINA



**Gestamóttaka á Nesjavölllum og Hellisheiði**

Orkuveitan starfrækir gestamóttöku á Nesjavöllum (Nesjavallavirkjun) og í Skíðaskálanum í Hveradölum (fyrirhuguð Hellisheiðarvirkjun).

Gestamóttaka er opin á báðum stöðum **mánudaga-laugardaga kl. 9-17 og sunnudaga kl. 13-18.**

Allar nánari upplýsingar í síma **516 6000** og á **www.or.is**

Aðgangur er ókeypis.

www.or.is

Orkuveita Reykjavíkur



## Heyrst hefur ...

... að mörg ensk lið séu á eftir Íslendingnum Hannesi Sigurðssyni sem leikur með norska liðinu Viking. Hannes hefur verið orðaður við úrvalsdeildarliðið WBA og 1. deildarliðið Stoke en þau eru ekki þau einu sem ætla sér að krækja í framherjann sterka. Hannes hefur unnið sér fast sæti í byrjunarliði Viking og lék sína fyrstu A-landsleiki á árinu.

# sport

sport@frettabladid.is

**SONUR MICHAEL LAUDRUP:** KEPPIR Á REY CUP

## *Mads getur orðið einn besti leikmaður Danmerkur*

Mads Thunø Laudrup, sonur knattspyrnumannsins Michael Laudrup sem nú þjálfar Brøndby, er staddur hér á landi að spila með FC København á Rey Cup- mótinu í knattspyrnu.

Mads er einn af efnilegustu leikmönnum Danmerkur og er einn þriggja leikmanna FC København sem leika með U-17 ára landsliði Danmerkur.



Jonny Larsen, þjálfari FC København, segir Mads og faðir hans Michael ekki líka knattspyrnumenn, en er þó á því að Mads verði framtíðarlandsliðsmaður Dana. „Mads hefur mikla hæfileika. Hann spilar á miðjunni og er virkilega góður í að taka á móti bolta og hefur mjög góðan leikskilning. Sendingar hans eru góðar og staðsetningarnar einnig. Michael var rosalega góður leikmaður á sínum tíma, sá allra besti sem ég hef séð, en Mads hefur þó alla eiginleikana sem þarf til þess að ná langt í atvinnumennsku í dag. Hann hefur hraða, tækni og er góður í vörn, betri en bræðurnir Brian og Michael voru, en þeir voru fyrst og fremst sóknarmenn þegar þeir voru ungir. Hann hefur mikla hlaupagetu og heldur einbeitingu vel. Ég hugsa að hann eigi eftir að verða atvinnumaður hjá stóru félagi í Evrópu eins og pabbi hans.“

FC København spilaði gegn Þrótti Reykjavík í sínum fyrsta leik og vann eitt núll. „Það var erfiður leikur. Þróttur spilaði ágætan fótbolta og strákarnir í liðinu voru duglegir. Ég var ekki nógu ánægður með þennan leik, en ég veit að strákarnir eiga eftir að sýna hvað í þeim býr. Þetta lið FC København er eitt besta lið Danmerkur í þessum aldurshópi.“

Erkifjendur FC København er lið Brøndby, og því kom svolítið á óvart þegar Mads skrifaði undir tveggja ára samning við FC København, þar sem faðir hans er þjálfari Brøndby. „Michael var ánægður með hvernig við vorum að haga málum í unglingaþjálfuninni og sagði því syni sínum að halda áfram hérna, því hann hefur tekið framförum hjá okkur. Ég er fullviss um að Mads verður einn af betri miðjumönnum Danmerkur eftir fimm ár og jafnvel fyrr.“

### > Við furðum okkur á ...

... slakri frammistöðu Íslandsmeistaranna Birgis Leifs Hafþórssonar og Ólafar Maríu Jónsdóttur á Íslandsmótinu í golfi en bæði eru atvinnumenn í greininni og hafa verið að taka þátt í evrópsku mótaröðinni í ár. Birgir Leifur er sex höggum á eftir efsta manni og Ólöf María þarf að vinna upp níu högg á tveimur síðustu dögunum.



### > Við sendum hlýja strauma ...

.... til 18 ára landsliðsins í körfubolta sem spilar í dag við Finna klukkan 17.15 að íslenskum tíma mikilvægan landsleik í undanúrslitum Evrópukeppninnar í Slóvakíu. Með sigri koma íslensku strákarnir 18 ára landsliðinu upp í A-deild í fyrsta sinn í sögunni.



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚLÍ

20 21 22 **23** 24 25 26

**Laugardagur**

### LEIKIR

- ☐ 14.00 **KS** fær **Víking Ólafsvík** í heimsókn á Siglufjörð í 1.deild karla.
- ☐ 14.00 **Breiðablik** tekur á móti **Völsungi** á Kópavogsvelli í 1.deild karla.

### SJÓNVARP

- ☐ 10.50 **Formúla 1** á RÚV.
- ☐ 12.10 **Mótorkross** á RÚV.
- ☐ 12.30 **Strandblak** á Sýn.
- ☐ 13.30 **Motorworld** á Sýn.
- ☐ 14.30 **Bandaríska mótaröðin í golfi** á Sýn.
- ☐ 15.00 **Íslandsmótið í golfi 2005** á Sýn.
- ☐ 16.00 **Íslandsmótið í golfi 2005** á Sýn.
- ☐ 19.00 **Spænski boltinn** á Sýn.
- ☐ 20.40 **Hnefaleikar** á Sýn.
- ☐ 22.40 **Hnefaleikar** á Sýn.

# Draumaúrslitaleikur í vændum?

**Dregið var í undanúrslit í Visa-bikarkeppni karla og kvenna í gær. Tvö bestu lið Landsbankadeildar kvenna, Valur og Breiðablik, drógust saman en hjá körlunum keppa FH og Fram annars vegar og Valur mætir Fylki í hinum leiknum.**

**FÓTBOLTI** Bæði í bikarkeppni karla og kvenna eru þrjú efstu lið Landsbankadeildanna tveggja enn með í keppninni. Það var því nokkuð ljóst að tvö af toppliðunum þremur myndu mætast innbyrðis í undanúrslitum bikarkeppninnar. Svo fór að efstu liðin í Landsbankadeild kvenna drógust saman, Breiðablik og Valur, en liðin mætast hinn 24. ágúst á Kópavogsvelli. Á sama tíma tekur KR á móti 1. deildarliði Fjölnis, sem er nú í undanúrslitum bikarsins í fyrsta sinn í sögu félagsins.

Hjá körlunum fengu toppliðin tvö hvort sinn andstæðinginn, Valur mætir Fylki og FH-ingar etja kappi við Framara. Báðir leikirnir fara fram á Laugardalsvelli, dagana 3. og 4. ágúst.

Valsmenn mæta einmitt Fylki í deildinni á miðvikudaginn kemur og mætast liðin því tvisvar á einni viku. „Það er dæmigert að lenda á móti sama liðinu í deild og bikar með skömmu mililbili,“ sagði fyrirliði Fylkis, Valur Fannar Gíslason. „En ég átti mér enga óskamótherja, það er bara gott að vera kominn svona langt í keppninni. En við munum leggja allt í leikinn enda er þetta eini titillinn sem við eigum möguleika á.“

Fyrrum félagi Vals Fannars hjá Fylki, Kjartan Sturluson, stendur nú á milli stanganna í Valsliðinu. „Jú, það er alltaf gaman að mæta gömlu félögunum og þetta verður vissulega stórleikur. En við ætlum okkur sigur þó svo að Fylkisliðið sé sterkt. Ég býst við hörkuleik en nenni varla í framlengingu, enda þarf að ná myndum úr leiknum í sjónvarpsfréttirnar klukkan tíu,“ sagði Kjartan í léttum dúr.




**DRÓGU ANDSTÆÐINGANA** Valur og Fram komu fyrst upp úr pottinum og voru því fulltrúar þeirra liða, Sigurbjörn Örn Hreiðarsson og Framarinn Þórhallur Dan Jóhannsson, fengnir til að draga hvor sinn andstæðinginn í undanúrslitum bikarkeppninnar. Fréttablaðið/Páll

Heimir Guðjónsson, fyrirliði Íslandsmeistara FH, sagði að vissulega hefðu það verið mikil vonbrigði að komast ekki áfram í forkeppni Meistaradeildar Evrópu en að sínir menn væru engu að síður jákvæðir. „Persónulega var mér sama á móti hverjum við lentum. Við ætlum okkur að sjálfsögðu í úrslitaleikinn og þá þurfum við að vinna Fram rétt eins og önnur lið. Fram undan er erfiður leikur í Vestmannaeyjum þar sem við mætum ÍBV í deildinni og við getum ekki leyft okkur að vera værukærir þrátt fyrir ágæta stöðu í deildinni. Ég sé því fram á skemmtilega baráttu,“ sagði Heimir.

Helena Ólafsdóttir tók nýverið við liði KR af Írisi Björk Eysteinsdóttur, sem fór í barnseignarleyfi. Hún hefur fylgst vel með KR-stúlkum í sumar og segir að þær eigi meira inni en þær hafi sýnt. „En Fjölnisstúlkur hafa verið að standa sig vel og við höfum ekki efni á að vanmeta neinn. Þær vilja sanna sig og fara lengra enda í fyrsta sinn í undanúrslitum bikarsins. Við erum þar að auki að missa leikmenn úr okkar hópi sem fara til útlanda í nám og gæti ég trúað að um sé að ræða þrjá til fjóra leikmenn,“ sagði Helena.

eirikurst@frettabladid.is



**EFST** Heiðar Davíð Bragason og Þórdís Geirsdóttir héldu forystunni eftir annan dag á Íslandsmótinu í golfi.

Íslandsmótið í golfi í Leirunni

## Halda bæði forystunni

**GOLF** Heiðar Davíð Bragason úr Kili og Þórdís Geirsdóttir úr Keili halda forystunni á Íslandsmótinu í golfi sem fer fram við frábærar aðstæður í Leirunni.

Heiðar Davíð Bragason úr Kili var 2 höggum yfir pari í dag og er því þremur höggum undir pari í heildina. Heiðar hefur nú tveggja högga forustu á Ólaf Má Sigurðsson úr GR. Jafnir í þriðja sæti, höggi á eftir Ólafi, eru síðan Sigurpáll Geir Sveinsson, Kili, sem lék best á öðrum degi og Hjalti Pálmason, Golfklúbbi Bakkakots. Íslandsmeistarinn Birgir Leifur Hafþórsson tapaði sex höggum á fyrri níu í gær en náði að laga aðeins skorið á seinni níu en er samt sex höggum á eftir efsta manni.

Í kvennaflokki hefur Þórdís Geirsdóttir úr Kili öruggt sex högga forskot á félaga sinn úr Keili, Tinnu Jóhannsdóttur. Þórdís hefur leikið fyrstu 36 holurnar á fjórum höggum yfir pari. Ragnhildur Sigurðardóttir úr GR og Nína Björk Geirsdóttir úr GKj koma næstar en Íslandsmeistarinn Ólöf María Jónsdóttir er fimmta, níu höggum á eftir Þórdísi. Síðustu tveir dagarnir verða í beinni útsendingu á Sýn. -óój

Fyrrverandi leikmaður írska landsliðsins ekki ráðinn til Notts County:

## Guðjón réð Staunton ekki til Notts

**FÓTBOLTI** Steve Staunton, sem spilað hefur meðal annars með Liverpool, Aston Villa og Coventry á ferli sínum, vildi komast að hjá Notts County sem þjálfari og leikmaður, en Guðjón Þórðarson ákvað að ráða hann ekki til starfa.

„Ég gat farið aðrar leiðir sem mér fannst skynsamlegri. Ég fékk hingað unga leikmenn sem ég þurfti ekki að greiða fyrir, og svo er ég með Mike Whitlow, fyrrverandi samherja Guðna Bergssonar hjá Bolton, en hann mun aðstoða mig við þjálfun og er þar að auki góður leikmaður.“

Guðjón segir undirbúningstímabilið hjá Notts County hafa gengið vel, en leikmenn félagsins hafa æft tvisvar á dag í nokkrar vikur.

„Það er mikið leikjaálag í neðri deildunum á Englandi, og til þess að þola það verða leikmenn að vera í góðu líkamlegu ástandi. Æfingarnar ganga vel og ég er farinn að hlakka til þess að mótið hefjist.“

Leikmannahópurinn hjá Notts County er ekki stór en Guðjón vonast til þess að hann dugi á komandi tímabili.

„Ég er með tuttugu og tvo leikmenn núna, og það gætu komið tveir leikmenn til viðbótar en það er ekkert víst. Ég ætla mér að nota þessa leikmenn sem ég er með núna á tímabilinu og þess vegna æfum við mikið núna. Ég held að leikmenni taki þessu æfingaálagi ágætlega því þeir vita að þetta er nauðsynlegt. Það er erfitt að spila fjörutíu og sex deildarleiki á tímabili og taka að auki þátt í þremur bikarkeppnum. Þess vegna er ég á því að æfingarnar þurfi að vera erfiðar á þessum tíma.“ - mh



**GUÐJÓN ÞÓRÐARSON** Íslenski knattspyrnustjórinn hjá Notts County býr lið sitt undir komandi átök. Hann ákvað að ráða ekki Steve Staunton til félagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

*1. deild karla í fótbolta:*

VÍKINGUR–ÞÓR AK. 4–0
Davíð Þór Rúnarsson 2, Andri Steinn Birgisson, Björgvin Vilhjálmsson.

KA–FJÖLNIR 6–1
Jóhann Þórhallsson 3, Pálmi Rafn Pálmason 2, Hreinn Hringsson – Pétur Georg Markan.

**STAÐA EFSTU LIÐA:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| BREIÐABLIK | 10 | 8 | 2 | 0 | 17–3 | 26 |
| **VÍKINGUR** | **11** | **6** | **4** | **1** | **25–6** | **22** |
| KA | 11 | 6 | 2 | 3 | 23–10 | 20 |
| **VÍKINGUR Ó.** | **10** | **4** | **2** | **4** | **9–19** | **14** |
| HK | 10 | 3 | 4 | 3 | 12–11 | 13 |

*Íslandsmótið í golfi:*

**EFSTU KARLAR EFTIR 2 DAGA**

| | |
|---|---|
| Heiðar Davíð Bragason, GKj (67–74) | -3 |
| **Ólafur Már Sigurðsson, GR (71–72)** | **-1** |
| Sigurpáll Geir Sveinsson, GKj (74–70) | 0 |
| **Hjalti Pálmason, GOB (69-75)** | **0** |
| Björgvin Sigurbergsson, GK (74–71) | +1 |
| **Ingi Rúnar Gíslason, GKj (70–76)** | **+2** |
| Birgir Leifur Hafþórsson, GKG (70–77) | +3 |
| **Örlygur Helgi Grímsson, GV (74–73)** | **+3** |
| Sigmundur Einar Máss., GKG (78–69) | +3 |
| **Kjartan Dór Kjartansson, GKG (73–74)** | **+3** |

**EFSTU KONUR EFTIR 2 DAGA**

| | |
|---|---|
| Þórdís Geirsdóttir, GK (74–74) | +4 |
| **Tinna Jóhannsdóttir, GK (76–78)** | **+10** |
| Ragnhildur Sigurðard., GR (78–77) | +11 |
| **Nína Björk Geirsdóttir, GKj (77–78)** | **+11** |
| Ólöf María Jónsdóttir, GK (80–77) | +13 |
| **Anna Lísa Jóhannsdó., GR (79–82)** | **+17** |



Sláðu í gegn
um verslunarmannahelgina
Frábær gítarpakki
Fallegur Fender gítar fánalegur í 3 litum Natural, Sunburst og svörtum
Pakkinn inniheldur: gítarstilli, strengi, neglur og axlaról
Glamrandi tilboð
Lærðu á kassagítarinn
FYLGIR
14.999
Trúbadorakeppni
í BT Skeifunni í dag kl. 14
Ert þú Betri Trúbbi?
Dómnefnd:
Stefán Hjörleifsson
gítarleikari NýDönsk
Kalli Palli
útvarpsmaður á Rás 2
Davíð Smári
idolstjarna
Bjarni Kr.
gítarleikari úr Flækjunni
SKRÁNING Á
BT.is
1. verðlaun
Medion Fartölva og Mbox að verðmæti kr. 250.000
SS grillar pylsur og Kók í boði
SS fremstir fyrir bragðið
BT
BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444

# SOS
## LÁTTU VITA AF ÞÉR

### SOS neyðarþjónusta
SOS er ný þjónusta frá Og Vodafone sem eykur öryggi þeirra sem eru með Og Vodafone Frelsi. Með SOS þarft þú ekki að örvænta þó að inneignin klárist því þú getur alltaf haft samband og látið vita af þér.




### SOS LÁN
þegar inneignin klárast
Með því að senda skilaboðin **SOS LÁN** í símanúmerið **1400** fæst **100 kr. lán** sem gerir þér kleift að senda allt að 10 SMS eða tala í 10 mínútur innan kerfis Og Vodafone. Við næstu hleðslu á inneign dragast 100 kr. frá hleðslunni.




### SOS HRINGDU
þegar þú þarft að láta hringja í þig
Sendu skilaboðin **SOS SÍMANÚMER** (þess sem á að hringja í þig) í **1400**. Viðkomandi fær SMS skilaboð um að þú óskir eftir símtali.

Komdu í **Og Vodafone verslun**, smelltu þér á **www.ogvodafone.is** eða hringdu í **1414** og fáðu nánari upplýsingar.

og vodafone
Heyrumst!


## STUÐ MILLI STRÍÐA | Úldnu ávextirnir

**RÓSA SIGNÝ GÍSLADÓTTIR** GERIST SPEKINGUR



MYND: HELGI SIGURÐSSON

Lífið er eins og kassi af súkkulaðimolum, maður veit aldrei hvaða mola maður fær, sagði Forrest Gump. Þetta er Disney- útgáfan af lífinu; góð fyrir börn og heimskt fólk.

Lífið er auðvitað ekkert eins og kassi af súkkulaðimolum (nema við séum að tala um einhvers konar variety pack með karrísúkkulaðiviðbjóð innan um góðu molana). Það er meira svona eins og ávaxtakarfa (mínus Birgitta og Jónsi) þar sem helmingurinn af ávöxtunum eru úldnir.

Svo framarlega sem góðu ávextirnir eru í meirihluta og maður deyr ekki úr næringarskorti þá er þetta svo sem allt í góðu. Það þarf ekki nema nokkur jarðarber til að lífga upp á tilveruna. En súkkulaðilíkingin var ekki það eina sem Forrest klikkaði á. Hvaða gloría er í því að vita aldrei hvaða mola maður fær? Fyrir svona „control freaks“ eins og mig er þetta einstaklega slæmt mál. Ég vil fá að vita hvar jarðarberin eru og hvernig ég á að nálgast þau.

Svo lendir maður stundum í því að standa frammi fyrir mörgum góðum kostum og þurfa að velja á milli þeirra. Valkvölin er sennilega það úldnasta í þessu öllu saman. Það er alveg hreint glatað að þurfa að fórna djúsí jarðarberi fyrir eitthvað annað, sérstaklega þegar maður veit aldrei hvort maður hefur valið rétt.

Fyrir mér er lífið frekar eins og 10.000 bita púsluspil sem maður hefur enga fyrirmynd að. Er þetta mynd af kisu sem lætur sólina sleikja sig eða borgarmynd úr Feneyjum? Það getur verið fáránlega flókið að tjasla púsluspilinu saman, jafnvel þótt mann gruni hvert myndefnið er. Maður þarf að prófa sig endalaust áfram og að lokum er þrautseigja og einskær heppni það eina sem virkar.

Forrest hafði samt rétt fyrir sér að súkkulaði er mikilvægt í lífinu. Mér sýnist ég vera búin að finna ástæðuna fyrir súkkulaðifíkn minni. Innst inni viljum við eintóma súkkulaðisæta hamingju, og til að fylla upp í tómið er ekkert hentugra en eitt stykki Draumur. ■

# myndasögur

## PONDUS
Eftir Frode Överli




## GELGJAN
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## PÚ OG PA
Eftir SÖB




## KJÖLTURAKKAR
Eftir Patrick McDonnell




## BARNALÁN
Eftir Kirkman/Scott



## ! Tónlistarhátíðin á Reykholti

*fer fram í níunda sinn núna um helgina og er boðið upp á fjölbreytta dagskrá á hátíðinni. Hinn þekkti franski fiðluleikari Philippe Graffin er gestur á hátíðinni í ár sem og Brindisi píanótríóið frá Englandi. Þar eru einnig íslensku flytjendurnir Auður Hafsteinsdóttir, Ásdís Brynjarsdóttir og Bryndís Halla Gylfadóttir. Í kvöld eru tónleikar í Reykholtskirkju þar sem flutt verða verk eftir Haydn, Ravel og Beethoven.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Bachsveitin í Skálholti

Um helgina verður Bachsveitin í Skálholti ein af flytjendum á þriðju helgi Sumartónleika í Skálhotskirkju. Leiðari Bachsveitarinnar að þessu sinni er Stanley Ritchie en hann er einn af helstu frumkvöðlum heims í flutningi barokktónlistar á upprunaleg hljóðfæri. Einsöngvarar verða Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir og Ágúst Ólafsson.

Fyrstu tónleikarnir í Skálholti verða í dag klukkan 15.00 þar sem flutt verða verk eftir Veracini Schütz og Zelenka og þeir næstu klukkan 17.00 þar sem leikin verða verk eftir Händel.

Á morgun verða svo tónleikar klukkan 15.00 þar sem Händel-tónleikarnir verða endurfluttir og messa klukkan 17.00 þar sem frumfluttur verður sálmurinn Mektugra, maktar drottni í útsetningu Gunnars A. Kristinssonar, staðartónskálds 2005.

Frekari upplýsingar um flytjendur og tónleikaröðina má finna slóðinni www.sumartonleikar.is.



**BACHSVEITIN** Kemur fram á tónleikum á þriðju tónleikahelgi sumartónleika í Skálholtskirkju sem fram fer núna um helgina.

## EKKI MISSA AF...



...miðaldadeginum á verslunarstaðnum **Gásum** í Hörgárbyggð norðan Akureyrar milli klukkan 13 og 17 í dag.

...opnun ljósmyndasýningarinnar **Íslendingar** í **Listagilinu** á Akureyri klukkan 15.

...tríói píanóleikarans **Sunnu Gunnlaugsdóttur** á **Jómfrúnni** klukkan 16. Aðgangur er ókeypis.

# Sólódansari í Sviss

**Hildur Elín Ólafsdóttir hefur verið ráðin sem sólódansari við ballettflokk leikhússins í Basel í Sviss. Hildur fékk þjálfun í klassískum ballett í Hollandi og hefur síðastliðin sex ár dansað í ballettperlum á borð við Svanavatnið og Þyrnirós með óperunni í Düsseldorf.**



**HILDUR ÓLAFSDÓTTIR** „Ég er ofsalega sátt við hlutskipti mitt og vona að ég geti haldið áfram að dansa sem lengst," segir Hildur, en hún er núna í sumarfríi á Íslandi.

„Ég fékk stöðuna í Basel núna í vor eftir inntökupróf. Ég sagði upp hjá óperunni í Düsseldorf því mér fannst vera kominn tími til að gera eitthvað nýtt. Eftir þessi sex ár í Düsseldorf var ég búin að dansa í öllum klassísku verkunum og vildi prófa mig áfram í nútímadansinum," segir Hildur Elín Ólafsdóttir dansari. Hún tók þátt í þrjátíu mismunandi uppfærslum með Rínaróperunni í Düsseldorf og ferðaðist með ballettflokknum á listahátíðir í Þýskalandi, Sviss, Portúgal og nú síðast Kína, þar sem hún var með sólóhlutverk.

Leikhúsið í Basel er af svipaðri stærðargráðu og Rínaróperan, en danshópurinn er minni, sem gefur fleirum tækifæri til að dansa sólóhlutverk. „Ég er mjög ánægð með að fara til Basel. Þar er aðeins öðruvísi dansstíll og mig hefur alltaf langað til að vinna með Richard Wherlock, sem er listrænn stjórnandi flokksins," segir Hildur. Wherlock er þekktur danshöfundur víða um heim og hefur meðal annars sett upp verk með Íslenska dansflokknum í Borgarleikhúsinu. „Það er meiri nútímadans hjá Wherlock en hann heldur í klassíkina líka. Hann gerir enn verk á táskóm en hann er með sinn eigin stíl," segir Hildur. Fleiri þekktir danshöfundar eiga verk á efnisskránni, þar á meðal Jiri Kylian. „Þegar ég var í Hollandi var ég undir áhrifum frá Jiri Kylian, dansstjóra NDT (Nederlands Dans Theater). Mig hefur alltaf dreymt um að vinna með honum og það lítur út fyrir að það gerist núna," segir Hildur.

Hildur byrjaði ung að árum í Ballettskóla Guðbjargar Björgvins á Seltjarnarnesi og tíu ára gömul fór hún í Listdansskóla Íslands. Hún fór sextán ára til Hollands og lauk dansnámi frá Konunglegu listaakademíunni í Haag á þremur árum. „Þetta er ofsalega mikið líkamlegt álag og andlegt álag líka, maður er alltaf að læra ný verk og þarf að vera tilbúinn að taka að sér verk með engum fyrirvara ef einhver meiðist. Maður er að vinna mikið á kvöldin og borða seint. Fólk hefur þá hugmynd að ballerínur borði ekki neitt en brennslan er það mikil að ég þarf ekki að hafa áhyggjur af því. Ég þarf á orkunni að halda," segir Hildur, en á efnisskránni fyrir næsta ár eru 104 sýningar. ■

## TÓNLEIKAR

☐ 12.00 Nýsjálenski orgelleikarinn **Nigel Potts** heldur tónleika í **Hallgrímskirkju**. Potts leikur meðal annars verk eftir þrjá af helstu organistum Parísarborgar á síðari hluta 19. aldar, Gigout, Dubois og Guillmant.

☐ 15.00 **Bachsveitin í Skálholti** heldur tónleika í **Skálholtskirkju** ásamt einsöngvurum Guðrúnu Jóhönnu Ólafsdóttur og Ágústi Ólafssyni Leiðari Bachsveitarinnar að þessu sinni er Stanley Ritchie. Flutt verður efnisskrá undir yfirskriftinni Gullöldin í Dresden en þá munu hljóma verk eftir tónskáldin Veracini, Schütz og Zelenka.

☐ 16.00 Tríó píanóleikarans **Sunnu Gunnlaugsdóttur** á **Jómfrúnni**. Auk Sunnu skipa tríóið bandaríski trommuleikarinn Scott McLemore og norski bassaleikarinn Eivind Opsvik, en hann kemur hingað til lands í boði norska sendiráðsins. Leikin verður tónlist eftitr meðlimi tríósins, í bland við eldra efni. Aðgangur er ókeypis.

☐ 17.00 **Bachsveitin í Skálholti** heldur tónleika í **Skálholtskirkju** ásamt einsöngvurum Guðrúnu Jóhönnu Ólafsdóttur og Ágústi Ólafssyni. Leiðari Bachsveitarinnar að þessu sinni er Stanley Ritchie. Flutt verða verk eftir Handel.

☐ 21.00 Sumartónleikar við Mývatn, í **Reykjahlíðarkirkju**. **Stefan Barcsay** gitarleikari frá Augsburg Þýskalandi leikur fjölbreytta tónlist eftir Villa Lobos, Tarrega, Brouwer og Sor.

## OPNANIR

☐ 14.00 **Eríkur Arnar Magnússon** opnar myndlistarsýningu á **Café Karólínu** í Listagilinu á Akureyri.

☐ 15.00 Sýningin Íslendingar opnar í **Listagilinu** á Akureyri. Um er að ræða sýningu sem byggð er á samnefndri bók með myndum eftir **Sigurgeir Sigurjónsson** og texta eftir **Unni Jökulsdóttur**. Sama sýning naut gríðarlegra vinsælda á Austurvelli í Reykjavík á síðasta ári.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

# Potts í Hallgrímskirkju

Um helgina verður nýsjálenski orgelleikarinn Nigel Potts gestur tónleikaraðarinnar Sumarkvöld við orgelið í Hallgrímskirkju. Hann leikur í dag klukkan 12 og á morgun klukkan 20.

Potts flytur afar fjölbreytt efni á tónleikunum á sunnudagskvöld og valin verk á hádegistónleikunum á laugardag, meðal annars verk eftir þrjá af helstu organistum Parísarborgar á síðari hluta 19. aldar; Gigout, Dubois og Guillmant. ■



**NIGEL POTTS** Nýsjálenski organistinn leikur á tónleikum í Hallgrímskirkju um helgina.





BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

KALLI Á ÞAKINU
e. Astrid Lindgren • Í samstarfi við Á þakinu
Lau 13/8 kl 14, Su 14/8 kl 14, Lau 20/8 kl 14, Su 21/8 kl 14

ÖRLAGAEGGIN-SÖNGLEIKUR
6. sýning 22/7, 7. sýning 24/7 og lokasýning 28/7

Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
5/7, 11/7, 12/7, 13/7 kl. 14-18 6/7, 7/7, 8/7, 14/7, 15/7, 17/7, 22/7, 28/7 kl. 14-20
10/7, 17/7 kl. 12-18 LOKAÐ 18/7 - 21/7, 23/7-27/7, 29/7-11/8





# Minningartónleikar í Kelduhverfi

Af því tilefni að tónskáldið, flautu- og píanóleikarinn Árni Björnsson fæddist fyrir 100 árum verða haldnir minningartónleikar í Skúlagarði, Kelduhverfi, á morgun sunnudag. Meðal þeirra sem koma fram á tónleikunum er Karlakórinn Hreimur undir stjórn Robert Faulkner, píanóleikarinn Aladár Rácz, Lúðrasveit Þingeyinga og Kirkjukór Garðskirkju. Einnig koma fram ættingjar Árna en dóttursynir Árna, bræðurnir Halli Cauthery, fiðluleikari og Gunnar Cauthery, leikari, koma til með að skemmta gestum ásamt föður sínum, óbóleikaranum Andrew Cauthery.

Árni Björnsson (1905-1995) var einn af frumkvöðlum íslensks tónlistarlífs. Hann fæddist og ólst upp í Lóni í Kelduhverfi. Tónlistin átti hug hans allan frá unga aldri en á unglingsárunum var Árni þegar farinn að stjórna kórum víða um héraðið. Leiðin lá síðan til Reykjavíkur þar sem hann á árunum 1930 – 1935 stundaði nám í Tónlistarskólanum í píanóleik, flautuleik, tónfræði og hljómfræði.

Árni var einn af stofnfélögum Hljómsveitar Reykjavíkur sem var undanfari Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hann vann fyrir sér með kennslu og lék á píanó við ýmis tækifæri og í danshljómsveitum. Árni stundaði framhaldsnám við Royal College of Music í Manchester á árunum 1944 – 1946 og kenndi eftir það við Tónlistarskólann í Reykjavík ásamt því að semja tónlist sem flutt verður á minningartónleikunum á morgun.

Öllum er frjálst að mæta á svæðið og heiðra minningu tónskáldsins með því að hlýða á tónleikana sem hefjast klukkan 15.00. ■



**ÁRNI BJÖRNSSON** Fjöldi valinkunnra listamanna kemur saman í Kelduhverfi á morgun, sunnudag, til að heiðra aldarminningu tónskáldsins Árna Björnssonar.



## MÓÐUR VIKUNNAR

### > MARTA SMARTA FER YFIR MÁLIN

# *Teri Hatcher & ég*

Ég man ekki hver heilaþvoði mig en síðastliðin ár hef ég verið haldin voðalegu snobbi varðandi val á sjampói. Þetta flokkast kannski ekki undir einhvern voðalegan lúxus en „alvöru“ sjampó kosta þó sitt þegar saman safnast. Ég hélt því lengi vel fram að ég yrði að eiga fín sjampó því ég væri með svo voðalega „sérstakt“ hár. Með þetta að leiðarljósi eyddi ég mörgum gullpeningum í sjampóbrúsa, hárnæringar og annað hárfíneri. Ég skipti reyndar nokkrum sinnum um týpur á þessum snobbferli en alltaf var hárið á mér í svipuðum skorðum. Sjampósnobbið tók þó á sig breytta mynd þegar ég byrjaði að búa með tilvonandi eiginmanni mínum. Nenni níski hreiðraði um sig í sál minni og skyndilega hætti ég að tíma að eyða mínum peningum í annarra þágu. Sér í lagi af því viðkomandi fann engan mun á sjampótegundum. Í hans augum var sjampó bara sjampó. Skiljanlega. Auðvitað hefði ég getað dottið í þann pakka að fela sjampóið mitt og kaupa eitthvað ódýrt handa honum. Samviska mín sagði mér að svoleiðis gerði maður ekki og maður ætti alltaf að hugsa sem best um þá sem manni þykir vænst um. Þegar maður hættir að hafa áhyggjur af hlutunum leysast þeir yfirleitt án þess að maður taki eftir því. Á dögunum fór ég að dást að hári vinkonu minnar. Það var glansandi fallegt og ilmaði eins og nýkreistur appelsínusafi. Ég fékk nánast vatn í munninn. Hún sagði mér stolt í bragði að hún notaði nú bara Fructis frá Garnier sem fengist í hvaða matvöruverslun sem er. Hún bætti því við í leiðinni að hárið á henni hefði hætt að flækjast eftir að hún byrjaði að nota það. Ég rauk að sjálfsögðu til og sé ekki eftir því. Hárið er mýkra en áður og nánast eins og á Barbídúkku. Ég er alsæl og ekki skyggði á gleði mína þegar ég komst að því að uppáhaldsleikkonan mín notar sama sjampó. Ótrúlegt en satt. Skál fyrir Teri Hatcher!










Þér er boðið!

- nýtt leiðakerfi tekið í notkun

Nýtt leiðakerfi Strætó bs. verður formlega tekið í notkun í dag kl. 13:00 á Hlemmi.

Stjórnarformaður Strætó bs., Björk Vilhelmsdóttir, býður gesti velkomna og flytur ávarp, Ásgeir Eiríksson framkvæmdastjóri kynnir nýtt leiðakerfi og Ármann Kr. Ólafsson stjórnarmaður fer yfir mikilvægi samræmds leiðakerfis fyrir allt höfuðborgarsvæðið. Þá verður nýja leiðakerfið formlega tekið í notkun af borgarstjóra og bæjarstjórum aðildarsveitarfélaga Strætó bs.

Skemmtun fyrir alla

Skólahljómsveit Mosfellsbæjar spilar, Strætókórinn syngur vel valin lög og Helgi Björnsson söngvari tekur lagið. Í framhaldi af formlegri dagskrá verður listaverkið „Klyfjahesturinn“ eftir Sigurjón Ólafsson afhjúpað á nýju torgi Hlemms. Að því loknu verða ýmsar skemmtilegar uppákomur á Hlemmi. Spilabandið Runólfur slær á létta strengi, götuleikhús lífgar upp á stemninguna, andlitsmálun verður í boði og börnin fá óvænta glaðning.

Frítt verður í strætó helgina 23.-24. júlí. Notaðu tækifærið og kynntu þér málið. Sjá nánar á strætó.is.

Sjö sveitarfélög standa að Strætó bs.
Álftanes, Garðabær, Hafnarfjörður, Kópavogur, Mosfellsbær, Reykjavík og Seltjarnarnes.




ARGUS / AP almannatengsl




FALLEGUR BOÐUNGUR frá Top Shop.



**SNILLDARLEGAR** hnébuxur úr Karen Millen Kringlunni.



**MAGNAÐAR** stuttbuxur frá Burberry.



**Í ANDA FORFEÐRANNA** Top Shop Smáralind.



**GLYS** þessi passar vel við nánast allt. Fæst í Top Shop.



**DÖMULEG** Þessi er frá Karen Millen.



**ÓMÓTSTÆÐILEGIR** Karen Millen veit hvað konur vilja.



# Þjóðernissinnar, allir til orrustu!



**ÆÐISLEGUR JAKKI** sem hannaður er af Cavalli.

Það kveður við nýjan tón í hausttískunni í ár. Þjóðernistískan sem hefur verið svo áberandi að undanförnu er farin að teygja anga sína aftur í tímann. Ekki er laust við áhrif frá sjóræningjatímanum en um leið er þeim áhrifum blandað við gömul stríðshetjuföt. Hér erum við að tala um vesti og jakka með þungum gylltum tölum, spælum á herðum og veglegum vösum. Þessar flíkur eru vel sniðnar og í þrengra lagi. Við þetta þykir afar flott að klæðast skyrtum. Annað hvort þröngum með síðum ermum og blúndulegum sjóræningakraga. Á hinn bóginn koma þjóðernislegu hippaskyrturnar sterkar inn og er flott að nota þær undir jakkana og vestin. Við þessa múnderíngu koma hnébuxur afar sterkar inn. Annað hvort þröngar niður að hnésbótum eða hólkvíðar með rykkingum um hné eins og sjóræningjarnir voru svo hrifnir af. Buxur með föllum að framan flokkast undir nýjungar. Madonna klæddist einmitt slíkum buxum á Live 8-tónleikunum um daginn. Svo má nota síð pils við vestin og jakkana eða hnésíð í dökkum tónum. Litasinfónía þessa tískustraums er náskyld haustinu þar sem allir brúnir tónar eru gjaldgengir ásamt hvítu, beige-lituðu og gylltu. Þetta er því hinn sanni hausttónn sem kemur ferskur inn eftir alla litagleði sumarsins. Þegar þú ert komin í hnébuxur, skyrtu og vesti er sjúklega dömulegt að vera í fallegum sokkum, helst með gatamynstri, og penum háhæluðum skóm. En þegar kuldaboli mætir á svæðið koma gróf leðurstígvél að góðum notum. Þessi sjóræningja-her-þjóðernistíska kallast ýmist „Soho Boho“ eða „Admirality“ á útlensku en enn hefur rétta heitið ekki fundist á íslensku. Við þessa tísku er skvísulegt að vera með nógu mikið af skarti, síðum perlufestum, armböndum og eyrnalokkum. Þegar skart er valið er málið að hafa það í gylltum tón. Stórar töskur toppa heildarútlitið. Munið svo bara að hægt er að blanda einfaldari flíkum með ef þið þorið ekki að fara alla leið.

martamaria@frettabladid.is



**ÆÐISLEGAR TÖLUR** Top Shop

**BJÚTÍFÚL** Belti úr Top Shop



**DÁSAMLEGIR** Top Shop Smáralind



**SJÓRÆNINGJALEG** Karen Millen Kringlunni.



**HLÝTT** Loðvesti úr Zöru Smáralind.



**JUST CAVALLI** veit um hvað tíska snýst.



**HNÉBUXUR** úr Karen Millen, hægt er að fá vesti í stíl.

**SMEKKURINN** ARNÞRÚÐUR DÖGG SIGURÐARDÓTTIR FRÚ „FREELANCE"

# Er að bjóða í geðveik Yoko Ono gleraugu á ebay



Arnþrúður Dögg starfar „freelance" við auglýsingar og kvikmyndir. Hún hefur ætíð verið mikil fatakona og er algerlega óhrædd við að blanda saman allskonar fötum óháð ráðandi tískustraumum. Litaglaðari konur er heldur varla hægt að finna norðan Alpafjalla.

**Spáir þú mikið í tískuna?** Já og nei, ég skoða náttúrlega tískublöð og fylgist með götutískunni en þegar kemur að mínum eigin klæðaburði er ég voða mikið í því að drullumalla nógu miklu saman. Tískuslysin eiga það oft til að verða smart ef maður er bara nógu djarfur. Svo finnst mér skemmtilegt að blanda nógu miklum litum saman við þetta allt saman.

**Uppáhaldshönnuðir?** Roberto Cavalli er svalasti hönnuður í öllum alheiminum.

**Fallegustu litirnir?** Ég er voða hrifin af skærum litum, appelsínugulum, bleikum og öllum litum sem innihalda líf og fjör. Svo er ég mikið í gulli.

**Hverju ertu mest svag fyrir?** Ég er með sólgleraugnahneigð dauðans. Ég á um 15 sólgleraugu en ég er mjög líklega að fara að eignast ein gleraugu í viðbót. Það fer eftir því hvernig mér gengur að bjóða í þau á ebay. Þetta er svona Yoko Ono-gleraugu sem eru alveg að gera sig.

**Hvaða flík keyptir þú þér síðast?** Gullkjól á ebay sem er í egypskum stíl. Hann er eiginlega geimur, heilt stykki sem er einungis með göt fyrir haus og hendur. Hann flöktir í vindi.

**Hvað finnst þér mest sjarmerandi í tískunni?** Fáklæddar konur.

**Hvað ætlar þú að kaupa þér fyrir haustið?** Ég er eiginlega búin að kaupa mér skvísustæls úlpujakka sem verður ómissandi í haustretinu. Ég keypti úlpujakkann í Sirkusportinu.

**Uppáhaldsverslun?** Trilogia.

**Hvað eyðir þú miklum peningum í föt á mánuði?** Það er misjafnt, yfirleitt kemst ég upp með frekar lítið. Ég er frú ebay og þar er hægt að finna ýmislegt fyrir lítið.

**Hvaða flíkar gætir þú ekki verið án?** Víða buxna með síðu klofi sem ég fékk í nýju búðinni í Bankastræti, Nakta apanum, sem opnaði í síðustu viku.

**Uppáhaldsflík?** Silkikjóll sem ég keypti í litlu kínabúðinni á Laugavegi, (man ekki hvað hún heitir). Kjóllinn er með þrykktu mynstri og er svo fallegur að ég get haft hann uppi á vegg.

**Hvert myndir þú fara í verslunarferð?** Ef ég fengi að velja myndi ég fara til Marokkó.

**Ljótasta flík sem þú hefur keypt þér?** Það voru mjög undarlegar buxur sem voru mjög háar upp í mittið, mjög víðar og með afbökuðu sniði. Þessar buxur notaði ég á einhverju „Gipsy style" kvöldi. Þær voru mjög skoplegar en ég keypti þær í Kolaportinu. Nú er ég hins vegar búin að selja þær svo ég vona að þær lifi góðu lífi.

## Sólarvörn fyrir viðkvæma

Stutt er síðan fjallað var um að ýmsar tegundir sólarvarna væru jafnvel hættulegri en áhrifin frá sólarljósi. Environmental Health Perspectives birti vísindagrein um rannsókn á sex sólarvarnarefnum. Í þeirri rannsókn kom í ljós að þrjú af efnunum: Octyl Methoxycinnamate, Oxybenzone og 4-Methylbenzylidine Camphor (4-MBC), höfðu hormónatruflandi áhrif og gætu því verið skaðleg heilsu fólks.



Heilsumerkið Sante hefur nú í sölu sólarvörn sem er eingöngu unnin úr lífrænum jurtum. Hún veitir náttúrulega vörn gegn UVA og UVB-geislum með náttúrulegu steinefnunum Titandioxid og Zinkoxid. Hún hentar fólki með viðkvæma húð einstaklega vel og einnig þeim sem vilja hugsa jafn vel um það sem þeir setja utan á líkaman og ofan í hann.



## Náttúrulegur hárlitur

Í háralitum eru mörg afar sterk efni sem ekki er æskilegt að komist í snertingu við líkamann og nokkur skortur hefur verið á heilsusamlegum háralitum. Nú er kominn á markaðinn frábær hár- og snyrtivörulína frá Logona sem er eingöngu framleidd úr lífrænt ræktuðum jurtum og inniheldur engin óæskileg efni. Í hárlitunarlínunni frá Logona eru margir litir í boði, liturinn er einfaldur í notkun og þekur gráu hárin vel. Hárliturinn hlaut tvenn verðlaun á Bio-fach-sýningunni 2005 í flokki snyrtivara en Bio Fach er fagráðstefna fyrir framleiðendur náttúru- og heilsuvara. Annars vegar var liturinn valinn vara ársins og hins vegar voru veitt verðlaun vegna þróunarvinnu Logona. Vörurnar eru prófaðar af húðsjúkdómafræðingum sem hafa gefið þeim góð meðmæli.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA




**Skráning stendur yfir í Ísaksskóla**

**Skóli Ísaks Jónssonar er lítill og persónulegur skóli sem hefur sérhæft sig í kennslu 5 til 8 ára barna frá árinu 1926.**

**Eins árs forskot í lestri og íslensku**
Markmið skólans er að lestrarkunnátta í lok 6 ára bekkjar sé sambærilegt við það sem aðrir skólar ná í lok 7 ára bekkjar.

**Enska í öllum bekkjum**
Enn betri undirbúningur undir frekara nám.

**Áhersla á heilbrigða lífshætti**
Skólinn leggur mikið upp úr því að nemendur temji sér holla lífshætti og jákvætt lífsviðhorf. Lífsleikniþjálfun er snar þáttur í skólastarfinu.

**Vinnufriður í skólastofum**
Við leggjum áherslu á að kenna nemendum markviss og öguð vinnubrögð.

**Skáning og nánari upplýsingar í símum 553 2590 og 893 1440. Einnig má senda fyrirspurnir á isaksskoli@isaksskoli.is.**

Skóli Ísaks Jónssonar
Sjálfseignarstofnun










# Fyndin og einlæg Emilíana

[ TÓNLIST ]

UMFJÖLLUN


Tónleikar Emilíönu Torrini á Nasa fimmtudagskvöldið 21. júlí

Emilíana er komin heim. Eftir að plata hennar, Fisherman's Woman, fór sigurför um Evrópu og hlaut einróma lof gagnrýnenda kom hún loks til landa sinna. Platan er frábær, á því lék enginn vafi, en hvort Emilíönu tækist að skila henni „live" var það sem allir biðu eftir. Spennan var rafmögnuð enda engin upphitunarsveit. Emilíana ætlaði bara að stíga á sviðið klukkan hálf tíu og byrja að spila.

Herbragðið heppnaðist meistaralega. Enginn bið eftir því að þurfa að stilla hljóðfærunum upp á svið. Emilíana birtist á sviðinu. Salurinn tók vel á móti henni enda búinn að bíða spenntur í hálft ár eftir að fá að berja hana augum. Í fyrstu var eins og hún vissi ekki alveg hvort hún væri á heimavelli og hún ákvað að byrja bara að syngja. Viðtökurnar við upphafslaginu sannfærðu hana greinilega um að hún hefði engu að kvíða.

Í kjölfarið komu svo lögin af Fisherman's Woman, sem hefur slegið í gegn hér á landi. Sunnyroad, Lifesaver og Honeymoon Child yljuðu gestum um hjartaræturnar og henni var innilega fagnað eftir hvert lag. Flutningurinn á lögunum var umfram allt einfaldur en jafnframt einlægur.

Tónlist Emilíönu er ljúf og viðkvæm sem lætur hlustandanum líða vel. Inni á milli laga fengu áheyrendur skemmtilegar sögur um tilurð laganna, gamlar ástir í Þingholtsskóla og flippað sumar í London. Gestir NASA gátu ekki annað en verið samferða Emilíönu á þessu ferðalagi hennar um fortíðina.

Tónleikar Emilíönu voru frábærlega heppnaðir. Hún steig hvergi feilspor og plata hennar virkar á sviði. Svo virðist hins vegar sem sumt fólk geri sér ekki grein fyrir því að það sé statt á tónleikum þar sem tónlistin er svo lágstemmd að allt skvaldur heyrist. Þegar um klukkutími var liðinn var eins og einhverjum gestanna lægi svo mikið á hjarta að það gæti hreinlega ekki beðið. Í eitt skiptið neyddist Emilíana til þess að sussa á fólkið og það er óþolandi að einhverjir geti allt að því eyðilagt annars frábæra tónleika.

**Freyr Gígja Gunnarsson**

**NIÐURSTAÐA:** Tónlist Emilíönu er ljúf en viðkvæm og fer með hlustandann í ferðalag um hugarheim hennar.














**POTTÞÉTT 38** Safnplatan Pottþétt 38 kemur út á þriðjudag.

# Pottþétt 38 kemur út

Safnplatan Pottþétt 38 kemur út næstkomandi þriðjudag. Á plötunni, sem er tvöföld, er að finna flest af vinsælustu lögum sumarsins ásamt nokkrum glænýjum íslenskum lögum.

Á meðal þeirra 39 laga sem eru á plötunni, eru Don't Phunk With My Heart með Black Eyed Peas, In My Dreams með Wig Wam, Í fylgsnum hjartans með Hildi Völu, Þú færð bros með Sálinni hans Jóns míns og Alla tíð með Írafári. ■

# 100% sumarást

Platan 100% sumarást er á leið í búðir. Þetta er safnplata sem inniheldur sextán íslensk lög um ástina og lífið. Öll lögin eru tiltölulega ný af nálinni en þau voru gefin út eftir árið 2000.

Platan kemur bæði út í íslenskuðum umbúðum sem og í umbúðum fyrir erlenda kaupendur. Á meðal laga á plötunni eru Frelsið með Ný dönsk í óráfmagnaðri útgáfu, Þessa einu nótt með Védísi Hervör, Play Me með Þórunni Antoníu, Hægt og hljótt í flutningi Valgeirs Guðjónssonar og Regínu Óskar og Tonight My Love með Guðrúnu Gunnarsdóttur. ■



**SUMARÁST** Platan 100% sumarást hefur að geyma 16 íslensk lög um ástina og lífið.



**NYLON** Stúlknasveitin Nylon mun syngja á Select við Vesturlandsveg föstudaginn 29. júlí.

# Nylon-vinabönd til sölu

Stúlknasveitin Nylon hefur í samstarfi við Fanta framleitt vinabönd til stuðnings krabbameinssjúkum börnum á Íslandi. Armböndin eru appelsínugul á litinn og munu aðeins fást í völdum verslunum Shell og Select í ágúst og september. Hvert band kostar 500 krónur.

„Okkur stelpurnar langar að láta gott af okkur leiða. Börn og unglingar hafa verið ofsalega duglegg að koma og hlusta á okkur og það má segja að við séum með þessu að koma til móts við raddir þeirra sem heyrist minna í," segir Steinunn Camilla úr Nylon.

Í tilefni af útgáfu bandanna býður Select viðskiptavinum sínum upp á sumarveislu á stöðvum sínum um allt land þar sem stúlkurnar í Nylon munu syngja sín vinsælustu lög. Fyrsta veislan verður á Select við Vesturlandsveg föstudaginn 29. júlí. ■












## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„A man curses because he doesn't have the words to say what's on his mind.“**

**Svar:** Baines í kvikmyndinni Malcom X frá árinu 1992.

# dagskrá

## Í TÆKINU | MATT LEIKUR Í STUCK ON YOU KL. 22.15 Á STÖÐ 2 Í KVÖLD.

# *Átti auðvelt með að fá hlutverk*



Matthew Paige Damon, eða Matt Damon, fæddist 8. október árið 1970 í Cambridge í Massachusetts í Bandaríkjunum.
Matt tók þátt í fullt af leikritauppfærslum þegar hann lærði í Cambridge Rindge & Latin skólanum. Ást hans á leiklist var strax áberandi og léku hann og æskuvinur hans, Ben Affleck, aukahlutverk í myndum sem teknar voru í Cambridge.
Þegar Matt var sextán ára hélt hann til New York til að prófa sig áfram í leiklistinni. Með hjálp umboðsskrifstofu fékk hann hlutverk í myndinni Mystic Pizza en sagði reyndar bara eina línu.
Matt fékk lítil hlutverk í Rising Son og School Ties en ákvað samt að setjast á skólabekk í Harvard og læra bókmenntafræði. Hann hætti í skólanum þegar hann átti aðeins tólf einingar eftir til að gerast leikari í Los Angeles.
Matt beið ekki lengi eftir hlutverki og fékk hlutverk í Geronimo: An American Legend, The Good Old Boys, Courage Under Fire og Rainmaker árið 1997. Þá var Hollywood farin að fíla þennan nýja og efnilega leikara.
Á meðan Matt var að leika í myndum röltu hann og Ben Affleck á milli myndvera til að selja handrit að mynd um snilling í erfiðleikum. Miramax keypti handritið eftir miklar samningaviðræður og varð myndin Good Will Hunting vinsælasta mynd ársins 1997. Ben og Matt tóku heim Óskarinn fyrir vikið.
Síðan þá hefur lítið geta skyggt á frægðarsól Matts og hefur hann slegið í gegn í myndunum um Jason Bourne í The Bourne Identity og The Bourne Supremacy sem og í Ocean's Eleven og Twelve.
Matt hefur verið orðaður við ýmsar meðleikkonur sínar eins og Penelope Cruz en er á lausu sem stendur.

**Þrjár bestu myndir Matts:** **Saving Private Ryan** 1998 **The Talented Mr. Ripley** – 1999 **The Bourne Supremacy** – 2004



▶ **18.00** *Matur*

MATUR UM VÍÐA VERÖLD



▶ **22.15** *Bíó*

STUCK ON YOU



▶ **20.45** *Kvikmyndir*

SJÁÐU



▶ **20:50** *Lífsstíll*

ÞAK YFIR HÖFUÐIÐ



▶ **15.00** *Íþróttir*

ÍSLANDSMÓTIÐ Í GOLFI

## SJÓNVARPIÐ

**8.00** Morgunstundin okkar **8.01** Gurra grís **8.06** Kóalabræður **8.17** Pósturinn Páll (9:13) **8.35** Hopp og hí Sessamí (15:26) **9.00** Fræknir ferðalangar (47:52) **9.20** Tómas og Tim (4:10) **9.25** Arthur **9.50** Gormur **10.25** Kastljósið **10.50** Formúla 1. Bein útsending frá tímatöku fyrir kappaksturinn í Þýskalandi.

**12.10** Mótórkross (1:4) **12.40** Hlé **17.50** Táknmálsfréttir
▶ **18.00** Matur um víða veröld

**18.54** **Lottó**
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.40** **Fjölskylda mín (9:13)**
**20.15** **Falskar nótur** (Desafinado) Spænsk bíómynd frá 2001 um þrjá óperusöngvara sem koma saman í brúðkaupi tíu árum eftir að slitnaði upp úr samstarfi þeirra með látum. Leikstjóri er Manuel Gómez Pereira og meðal leikenda eru Joe Mantegna, Danny Aiello, George Hamilton, Anna Galiena, Claudia Gerini og Ariadna Gil.
**22.15** **Ævintýri í Miðlöndunum** (Once Upon a Time in the Midlands) Bresk bíómynd frá 2002. Smábófi sem sér barnsmóður sína og fyrrverandi kærustu hafna bónorði í sjónvarpi frammi fyrir alþjóð snýr aftur til heimabæjar síns til að reyna að koma sér aftur í mjúkinn hjá henni. Meðal leikenda eru Robert Carlyle, Vanessa Feltz, Ricky Tomlinson, Kathy Burke og Rhys Ifans.

**0.10** Hundeltur **1.45** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## STÖÐ 2

**7.00** Barnatími Stöðvar 2 (Snjóbörnin, Töfravagninn, The Jellies, Músti, Pingu, Skúli og Skafti, Póstkort frá Felix, Barney 4 – 5, Kærleiksbirnirnir, Kærleiksbirnirnir, Engie Benjy 3, Sullukollar, Hjólagengið, BeyBlade 2, Treasure Planet)

**12.00** Bold and the Beautiful **13.45** Joey **14.15** Það var lagið **15.20** Kevin Hill (16:22) **16.05** Strong Medicine 3 (12:22) **16.55** Oprah Winfrey **17.40** 60 Minutes I 2004

**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**18.54** **Lottó**
**19.00** **Íþróttir og veður**
**19.15** **Whose Line Is it Anyway? 3**
**19.40** **Sálin og sinfónían** Tónleikar sveitarinnar í Háskólabíói í nóvember 2003.
**20.45** **The John F. Kennedy Jr Story** (Forsetasonurinn) Sjónvarpsmynd um forsetasoninn John F. Kennedy yngri sem lést í flugslysi undan strönd Massachusetts sumarið 1999.
▶ **22.15** **Stuck On You** (Óaðskiljanlegir) Bob og Walt Tenor gera allt saman enda eiga þeir ekki um annað að velja. Bræðurnir eru samvaxnir en láta það ekki stoppa sig og eru góðir í öllu sem þeir taka sér fyrir hendur. Aðalhlutverk: Matt Damon, Greg Kinnear, Eva Mendes. Leikstjóri: Peter Farrelly, Bobby Farrelly. 2003. Leyfð öllum aldurshópum.

**0.10** Dead Men Don't Wear Plaid (Bönnuð börnum) **1.35** Strange Planet (Bönnuð börnum) **3.10** In His Life: The John Lennon Stoy **4.35** Fréttir Stöðvar 2 **5.20** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS

**14.00** David Letterman **15.00** Real World: San Diego **15.30** Real World: San Diego **16.00** Kvöldþátturinn **16.50** Supersport **17.00** Íslenski listinn **17.30** Friends

**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**19.00** **Tru Calling (4:20)** Tru Davis er læknanemi sem ræður sig í vinnu í líkhúsi.
**19.45** **Sjáðu** Fegurðardrottningin Unnur Birna sýnir okkur allt það heitasta í kvikmyndaheiminum.
**20.00** **Joan Of Arcadia (3:23)** Táningsstelpan Joan er nýflutttil smábæjarins Arcadia þegar skrítnar uppákomur fara að henda hana.
▶ **20.45** **Sjáðu**
**21.00** **Rescue Me (2:13)** Þættir um hóp slökkviliðsmanna í New York borg þar sem alltaf ereitthvað í gangi. Ef það eru ekki vandamál í vinnunni þá er það einkalífið sem er að angra þá.
**22.00** **Travis – Live in Hamburg** (Tónleikar með Travis)(Travis – Live in Hamburg)Tónleikar skosku hljómsveitarinnar Travis sem haldnir voru í þýsku borginni Hamburg.

**23.35** Caribbean Uncovered **0.20** Paradise Hotel (3:28) **1.05** David Letterman

## SKJÁREINN

**13.30** The Awful Truth (e) **14.00** Still Standing **14.30** Less than Perfect **15.00** According to Jim **15.30** The Swan **16.15** Tremors **17.00** The Contender (e) **18.00** MTV Cribs (e)

**18.30** **Wildboyz – NÝTT! (e)**
**19.00** **Þak yfir höfuðið**
**20.00** **Burn it** Þeir Andy, Carl og Jon búa í Manchester, vita ekki í hvorn fótinn þeir eiga að stíga þegar kemur að ástamálunum og komast að því að kærusturnar eru tilbúnar að beita ýmsum brögðum til að fá sínu framgengt.
**20.30** **The Crouches** Með Crouch hjónunum Roly og Natalie tókust ástir á unglingsárum og á 18 árum hefur sambandið alið af sér tvo krefjandi táninga og stormasama sambúð við föður Rolys og móður Natalie.
▶ **20.50** **Þak yfir höfuðið**
**21.00** **Rough Night in Jericho** Vestri frá 1967 um fyrrverandi löggæslumann sem hjálpar konu að koma vandræðalýðnum í bænum á bak við lás og slá. Í aðalhluverki er Dean Martin.
**22.45** **CSI: Miami (e)**

**23.35** One Tree Hill – lokaþáttur (e) **0.20** Law & Order (e) **1.10** Tvöfaldur Jay Leno (e) **2.45** Óstöðvandi tónlist

## SÝN besta sætið

**11.30** 2005 AVP Pro Beach Volleyball

**12.30** Motorworld **13.00** Fifth Gear **13.30** Inside the US PGA Tour **14.00** Íslandsmótið í golfi 2005 ▶ **15.00** Bein útsending frá þriðja keppnisdegi á Íslandsmótinu í höggleik.

**19.00** **Spænski boltinn** (Barcelona – Villareal) Útsending frá leik Barcelona og Villarreal síðasta vor. Börsungar höfðutryggt sér meistaratitilinn helgina áður og því var mikið um dýrðir íKatalóníu. Diego Forlan og félagar hans í Villarreal báru enga virðingufyrir meisturunum og mættu ákveðnir til leiks.
**20.40** **Hnefaleikar** (Kostya Tszyu – Ricky Hatton)Útsending frá hnefaleikakeppni í Manchester á Englandi í síðasta mánuði. Á meðal þeirra sem mættust voru Kostya Tszyu og Ricky Hatton en í húfi varheimsmeistaratitill IBF-sambandsins í veltivigt (junior).
**22.40** **Hnefaleikar** (Mike Tyson – Kevin McBride) Útsending frá hnefaleikakeppni í Washington í síðasta mánuði. Á meðal þeirra sem mættust voru Mike Tyson, fyrrverandi heimsmeistari í þungavigt, og Kevin McBride.

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** The Reunion **8.00** Driven **10.00** Top Gun **12.00** Prince William **14.00** Driven **16.00** Top Gun **18.00** Prince William **20.00** The Reunion **22.00** Texas Rangers (Stranglega bönnuð börnum) **0.00** Undercover Brother (e) (Bönnuð börnum) **2.00** Love and a Bullet (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** Texas Rangers (Stranglega bönnuð börnum)

## OMEGA

**7.30** Benny Hinn **8.00** T.D. Jakes **8.30** Maríusystur **9.00** Gunnar Þorsteinss. **9.30** Blandað efni **10.00** Joyce Meyer **10.30** Ron Phillips **11.00** Um trúna og tilveruna **11.30** Maríusystur **12.00** Fíladelfía **13.00** Joyce Meyer **13.30** Believers Christian Fellowship **14.30** Acts Full Gospel **15.00** Ísrael í dag **16.00** Joyce Meyer **16.30** Blandað efni **17.00** Ewald Frank **17.30** Mack Lyon **18.00** Acts Full Gospel **18.30** Joyce Meyer **19.00** CBN fréttastofan **20.00** Friðrik Schram **20.30** Gunnar Þorsteinsson **21.00** Ron Phillips **21.30** Miðnæturhróp **22.00** Joyce Meyer **22.30** Blandað efni **23.00** CBN fréttastofan **0.00** Nætursjónvarp

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** Love is in the Heir **12.30** Gastineau Girls **13.00** The Entertainer **14.00** Uncut **15.00** E! Entertainment Specials **18.00** Hotspot Hollywood Roosevelt Hotel **18.30** My Crazy Life **19.00** 50 Steamiest Southern Stars **21.00** Wild On **22.00** Scream Play **23.00** Dr. 90210 **0.00** Love is in the Heir **0.30** Gastineau Girls **1.00** The E! True Hollywood Story

## AKSJÓN

**7.15** Korter **14.00** Samkoma í Fíladelfíu **18.15** Korter

## POPP TÍVÍ

Tónlist allan daginn - alla daga




HVER FER FRÍTT Á ÞJÓÐHÁTÍÐ?

Farðu inn á www.heineken.is og skráðu þig á póstlistann!

HEPPINN NOTANDI VINNUR TVO MIÐA Á ÞJÓÐHÁTÍÐ Í EYJUM MEÐ ÖLLU TILHEYRANDI

www.heineken.is

## VIÐ MÆLUM MEÐ...

Travis – Live in Hamburg Sirkus **kl. 22.00**

***Travis kom til Íslands árið 2002.***

### *Íslandsvinir á tónleikum*

Hér eru á ferð tónleikar skosku Íslandsvinanna í Travis sem haldnir voru í Hamborg í Þýskalandi fyrir stuttu. Travis gaf út sína fyrstu plötu árið 1997 og hefur síðan þá gefið út hverja plötuna á fætur annarri sem hefur slegið í gegn. Hljómsveitin á vinsæl lög eins og Why Does It Always Rain on Me?, Sing, Re-Offender og Flowers in the Window og verður örugglega góð skemmtun á tónleikum kvöldsins.



Fran Hellay, söngvari Travis.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**9.00** Bílaþáttur – U: Leó M. Jónsson **10.03** Laugardagsmorgunn – Umsjón: Eiríkur Jónsson

**12.10** Hádegisútvarp – U: Kristján Hjálmarsson og Þórarinn Þórarinsson. **13.00** Bókmennaþáttur – U: Gunnar Þorri. **14.00** Úr skríni **15.03** Glópagull og gisnir skógar e.

**16.00** Margrætt með Ragnheiði Gyðu Jónsdóttur e. **17.03** Frjálsar hendur Illuga e. **18.00** Hitt og þetta úr Allt&sumt e. **19.00** Bílaþáttur e. **20.00** Laugardagsmorgunn e.

**22.00** Hádegisútvarpið e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.05** Samfélagið í nærmynd **8.05** Músík að morgni dags **9.03** Út um víðan völl **10.15** Lagt upp í ferð **11.00** Í vikulokin

**12.20** Hádegisfréttir **13.00** Laugardagsþátturinn **14.00** Teygjan **14.30** Draumastaðir **15.20** Með laugardagskaffinu **16.10** Hugsjónir og pólitík

**17.05** Fnykur **18.00** Kvöldfréttir **18.28** Bíó-tónar **19.00** Íslenskir einsöngvarar **19.30** Stefnumót **20.10** Heimsókn **21.05** Í skugga meistaranna **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Út vil ek

**23.10** Danslög

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.05** Morguntónar **9.03** Helgarútgáfan

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Helgarútgáfan **16.08** Með grátt í vöngum

**18.00** Kvöldfréttir **18.28** Tónlist að hætti hússins **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** PZ-senan **22.10** Næturgalinn

**2.03** Næturtónar **6.05** Morguntónar

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**9.03** ÓLAFUR HANNIBALSSON **10.03** RÓSA INGÓLFSDÓTTIR **11.03** ARNÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR

**12.25** Meinhornið (endurfl. frá laug.) **12.40** MEINHORNIÐ **13.05** JÖRUNDUR GUÐMUNDSSON **14.03** KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR

**15.03** ÓSKAR BERGSSON **16.03** VIÐSKIPTAÞÁTTURINN **17.05** GÚSTAF NÍELSSON **18.00** Meinhornið (endurfl) **19.40** Endurflutningur frá liðnum degi.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**

Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**

Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**

Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**

**12.15** Motorcycling: Grand Prix Great Britain **13.00** Cycling: Tour de France **16.00** Football: UEFA European Under-19 Championship Northern Ireland **20.00** Cycling: Tour de France **21.00** Swimming: World Championship Montreal Canada **22.15** News: Eurosportnews Report **22.30** Swimming: World Championship Montreal Canada

**BBC PRIME**

**12.00** Pride and Prejudice **13.45** Holiday Snaps **14.00** The Good Life **14.30** Dad's Army **15.00** Top of the Pops **15.40** Top of the Pops 2 Specials **15.55** The Weakest Link Special **16.40** Would Like to Meet **17.40** Casualty **18.30** How to Be a Prince **19.30** Timothy Leary **20.30** Two Pints of Lager and a Packet of Crisps **21.00** Lenny Henry in Pieces **21.30** Top of the Pops **22.10** Top of the Pops 2 Specials **22.30** Wild West **23.00** Supernatural Science **0.00** Meet the Ancestors **1.00** The Mark Steel Lectures

**NATIONAL GEOGRAPHIC**

**12.00** Marine Machines: Diggers **13.00** Uss Ronald Reagan **14.00** Air Crash Investigation: Cutting Corners **15.00** Seconds from Disaster: Flood at Stava Dam **16.00** Kalahari: the Flooded Desert **17.00** Battlefront: Gilbert Islands **17.30** Battlefront: Monte Cassino **18.00** Ten Days to Victory **20.00** The Heroes of Telemark **22.30** State of Fear **0.30** Secrets from the Grave

**ANIMAL PLANET**

**12.00** Jungle Orphans **13.00** Tusks and Tattoos **14.00** Growing Up... **15.00** Crocodile Hunter **16.00** Austin Stevens – Most Dangerous **17.00** Shark Tracker **18.00** The Natural World **19.00** Up Close and Dangerous **21.00** Menacing Waters **22.00** Shark Tracker **23.00** Jungle Orphans **0.00** Tusks and Tattoos **1.00** Growing Up...

**DISCOVERY**

**12.00** American Chopper **14.00** Science of Lance Armstrong **15.00** The Caravan Show **15.30** Lake Escapes **16.00** Giant of the Skies **17.00** Dangerman **18.00** Extreme Engineering **19.00** American Chopper **20.00** Rides **21.00** Scrapheap Challenge **22.00** Trauma **23.00** The Boy Who Gave Birth to His Twin **0.00** FBI Files

**MTV**

**12.30** Spongebob Weekend Music Mix **13.00** SpongeBob SquarePants **14.00** TRL **15.00** Dismissed **15.30** Just See MTV **16.30** Advance Warning **17.00** European Top 20 **18.00** The Fabulous Life Of **18.30** Cribs **19.00** Viva La Bam **19.30** Pimp My Ride **20.00** Top 10 at Ten **21.00** Trippin' **21.30** Jackass **22.00** So 90's **23.00** Just See MTV **1.00** Chill Out Zone

**VH1**

**17.00** Behind the Music **18.00** Fabulous Life Of... **19.00** The World's Most Fantabulous Homes **20.00** I Want a Famous Face **21.00** Viva la Disco **23.30** Flipside **0.00** Chill Out **1.00** VH1 Hits

**CLUB**

**12.10** Power Food **12.40** City Hospital **13.35** Sizzle **14.00** Entertaining With James **14.25** The Race **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** City Hospital **17.40** Race to the Altar **18.40** The Roseanne Show **19.30** Matchmaker **20.00** What Men Want **21.00** Hotter Sex **22.00** Sextacy **23.00** Single Girls **0.00** Africa on a Plate **0.25** Loyd on Location **0.55** Use Your Loaf **1.25** Power Food

**CARTOON NETWORK**

**12.20** The Cramp Twins **12.45** Johnny Bravo **13.10** Ed, Edd n Eddy **13.35** The Powerpuff Girls **14.00** Viva Las Bravo **16.05** Courage the Cowardly Dog **16.30** Foster's Home for Imaginary Friends **16.55** Ed, Edd n Eddy **17.20** Dexter's Laboratory **17.45** Codename: Kids Next Door **18.10** The Powerpuff Girls **18.35** The Grim Adventures of Billy & Mandy

**JETIX**

**12.20** Digimon II **12.45** Super Robot Monkey Team Hyperforce Go! **13.10** Iznogoud **13.35** Life With Louie **14.00** Three Friends and Jerry II **14.15** Jacob two-two **14.40** Ubos **15.05** Goosebumps

**MGM**

**12.20** Romantic Comedy **14.00** Louis Armstrong – Chicago Style **15.15** Semi-Tough **17.00** The Mechanic **18.40** The Thomas Crown Affair **20.20** The 70's **22.20** The Men's Club **0.00** Article 99 **1.40** Mad Dog Coll **3.20** Electra Glide in Blue

**TCM**

**19.00** White Heat **20.50** The Hunger **22.25** The Brothers Karamazov **0.45** Murder at the Gallop **2.05** The Americanization of Emily

**HALLMARK**

**12.45** Forbidden Territory: Stanley's Search for Livingstone **14.30** Go Toward the Light **16.00** Back to the Secret Garden **17.45** Lives of the Saints **19.15** Word Of Honor **21.00** Lonesome Dove: The Series **21.45** Black Fox: The Price of Peace **23.30** Lonesome Dove: The Series **0.30** Word Of Honor **2.15** Lives of the Saints

**BBC FOOD**

**12.00** The Tanner Brothers **12.30** Diet Trials **13.00** A Cook On the Wild Side **13.30** Far Flung Floyd **14.00** Can't Cook Won't Cook **14.30** Floyd's Fjord Fiesta **15.30** Saturday Kitchen **16.00** Soul Food **16.30** Capital Floyd **17.00** Delia Smith's Summer Collection **17.30** Nigel Slater's Real Food **18.00** Rocco's Dolce Vita **18.30** The Italian Kitchen **19.00** Chalet Slaves **20.00** Food Source **20.30** Gondola On the Murray **21.00** The Naked Chef **21.30** Saturday Kitchen

**DR1**

**12.00** Shin Chan **12.10** Braceface **12.30** SommerSummarum **13.30** Scooby Doo **14.00** Boogie Listen **14.55** Dawson's Creek **15.40** F¢r s¢ndagen **15.50** Held og Lotto **16.00** Freddie og Leo **16.30** TV Avisen med vejret **17.05** Når orangutangen skaber sig **17.35** AftenTour 2005 **18.00** Fest ved fjorden **18.40** Agent 007 – du lever kun to gange **20.35** Kriminalkommissær Barnaby **22.10** Mord i Phoenix **23.55** Boogie Listen

**SV1**

**12.15** Simning: VM Montreal **13.35** Ridsport: EM hoppning **14.00** Allsång på Skansen **15.00** Mat/Niklas **15.30** Sommartorpet **16.00** Sofiero – ett kungligt sommarslott **16.30** Disneydags **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Karl för sin kilt **18.55** Bilder från Europa **19.00** Minnenas television **19.45** Forsytesagan **20.40** Simning: VM Montreal **21.55** Rapport **22.00** Veckans sommarkonsert: Africa Live 2005 **23.45** Sändning från SVT24




like.no.other™

Sony Center Kringlunni
588-7669 / 588-SONY
www.sonycenter.is

Sony Center

*Miðað við 12 vaxtalausar jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.



## HRÓSIÐ

*...fær Emilíana Torrini, sem fékk afhenta gullplötu í fyrradag fyrir nýjustu plötu sína, Fisherman's Woman. Emilíana er vel að gullplötunni komin enda er platan með eindæmum skemmtileg.*

## INNI

**Seinfeld.** Ó, já, hver er ekki himinlifandi yfir því að Seinfeld og félagar séu mætt aftur á skjáinn? George er jafn óborganlegur og áður, Kramer jafn klikkaður, Elaine jafn fyndin á sinni yndislega hátt og Jerry, hann bregst aldrei. Yndislegir þættir.





**Köflóttir jakkar.** Þeir eru heitari en nokkru sinni áður. Þetta er partur af ömmu-afa tískunni sem er svo heit þessa dagana. Því stærri reitir og klikkaðri litir, þeim mun betra. Þessi á myndinni er úr síðustu herralínu Soniu Rykiel.

**Langar festar.** Perlufestar hafa sjaldan verið jafn heitar og sjaldan verið til í jafn ólíkum gerðum. Það er eiginlega allt sem virkar í dag þegar kemur að perlufestum en helst eiga þær að vera langar. Núna eru festar sem líta út eins og þær séu gerðar úr brjóstsykrum afar vinsælar. Svo eru tréfestarnar og hinar klassísku festar úr perlum alltaf töff.



## ÚTI

**Dökkt naglalakk.** Af hverju að velja dökkt naglalakk í staðinn fyrir ljóst þegar dagarnir eru jafn bjartir og raunin er? Sumarið er tíminn fyrir bjarta og fallega sumarliti en ekki dökka vetrarliti. Geymdu þá í tvo, þrjá mánuði, þá verður tíðin komin.





**Að spara sólarvörnina** Til er fólk sem dvelur lengi í sólinni án nokkurrar sólarvarnar og gjörsamlega steikir húðina. Af hverju að eyðileggja húðina fyrir aldur fram? Er verið að safna hrukkum? Eða jafnvel verið að plana það að fá húðkrabbamein? Nei, sólarvörn er algjörlega málið, hugsum vel um líkamann okkar. Við eigum nú bara einn.

**Fléttur.** Það er ótrúlegt hvernig sumir hlutir geta verið bæði flottir og ekki svo flottir á sama tíma. Núna eru fléttur í alls konar myndum ótrúlega heitar og vinsælar. Hins vegar má ekki ofgera þessu og gamli stíllinn þar sem allt hárið var fléttað í margar litlar fléttur og jafnvel bætt gervihári við er algjörlega úti. Nei, takk!



| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | ■ | 4 |
| 5 | | | ■ | 6 | |
| 7 | | ■ | 8 | | |
| | ■ | 9 | | | |
| 10 | 11 | ■ | 12 | | |
| 13 | | 14 | ■ | 15 | |
| 16 | | | 17 | ■ | |
| | ■ | 18 | | | |

**Lárétt:** **1** hrap, **5** pota, **6** sex, **7** sólguð, **8** tíma, **9** skatt, **10** hlotnast, **12** vörumerki, **13** títt, **15** á nótu, **16** biblíunafn, **18** rándýri.

**Lóðrétt**: **1** fer rétt að öllu, **2** maka, **3** tónn, **4** óhemju, **6** skyssa, **8** slönguteg-und, **11** sómi, **14** traust, **17** sting.

**Lausn.**

**Lárétt:** **1** fall, **5** ota, **6** vi, **7** ra, **8** bil, **9** toll, **10** fæ, **12** ali, **13** ört, **15** an, **16** sara, **18** úlfi.

**Lóðrétt:** **1** formföst, **2** ata, **3** la, **4** villingi, **6** villa, **8** boa, **11** æra, **14** trú, **17** al.

## [ VEISTU SVARIÐ ]

Svör við spurningum á bls. 8

1. Pompea Napoli
2. Páll Pálsson
3. Brjóstakrabbamein

» FASTUR
birta
» PUNKTUR



**RITSTJÓRAHJÓNIN** Halla Bára Gestsdóttir og Gunnar Sverrisson ritstýra þessu nýja blaði í sameiningu en áður ritstýrðu þau Lifun, fylgiriti Morgunblaðsins.

### HALLA BÁRA OG GUNNAR: BLAÐ UM HEIMILI, LÍFSSTÍL OG HÖNNUN

# Glænýtt glanstímarit

Glænýtt glanstímarit um heimili og lífsstíl kemur á markað í haust. Ritstjórar eru hjónin Halla Bára Gestsdóttir og Gunnar Sverrisson sem áður ritstýrðu Lifun, fylgiblaði Morgunblaðsins. Einhverjar vangaveltur hafa verið uppi um að blaðið verði tengt sjónvarpsþættinum sem Vala Matt sér um á sjónvarpsstöðinni Sirkus en því neita ritstjórarnir þó.

„Þetta verður alveg sjálfstætt blað og tengist ekki beint sjónvarpsþættinum. Kannski verða einhver óbein tengsl á milli þáttarins og blaðsins. Það getur verið að við notum hugmyndir sem koma í þættinum eða að hún noti hugmyndir frá okkur en þetta eru tvær sjálfstæðar einingar og tvær sjálfstæðar ritstjórnir,“ segir Halla Bára.

Að sögn Höllu Báru verður blaðið ekki eins og Lifun því þetta blað er með aðeins öðru sniði og af annarri stærð. „Lifun var fylgirit en þetta blað verður sjálfstætt tímarit. Núna förum við út í aðeins aðra hluti og víðtækari efnistök og höfum mjög frjálsar hendur. Hins vegar fjallar þetta blað auðvitað um það sama og Lifun – heimili, lífsstíl og hönnun í víðum skilningi,“ segir hún en getur ekki sagt til um hvort Lifun lifi áfram með Morgunblaðinu.

„Við hjónin vinnum blaðið frá a til ö. Gunnar tekur myndirnar en við sjáum í sameiningu um hönnun, umbrot og ritstjórn. Auk þess vinnur að sjálfsögðu fleira gott fólk með okkur efni fyrir blaðið,“ segir Halla Bára. Fyrsta tölublað nýja blaðsins kemur út fyrri partinn í september og svo mánaðarlega eftir það. ■

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Á tónleikum **Emiliönu Torrini** á NASA var margt um manninn enda söngkonan að heiðra landann eftir langt hlé. Það kom fáum á óvart að idolstjarnan **Hildur Vala** skyldi vera mætt á svæðið enda sló hún í gegn með lagi Emilíönu. Þarna mátti einnig sjá **Sigga Hall** yfirkokk Íslands og **Dagur B. Eggertsson** lét sig ekki vanta. Þá kom **Markús Máni Mikealsson** strax að loknum fræknum sigri Vals gegn KR og fyrrum félagi hans úr íslenska landsliðinu í handbolta, **Ragnar Óskarsson** var einnig á svæðinu.



Strákarnir í hljómsveitinni **Trabant** eru staddir í London til að spila á tónleikum. Í gærkvöldi komu þeir fram í Camden Monarch í Camden en á miðvikudaginn í næstu viku skemmta þeir gestum á hinum virta listaklúbbi Notting Hill Arts Club í Notting Hill ásamt hljómsveitunum **Lyca Sleep** og **The Rank Deluxe**. Annars hefur vakið athygli að drengirnir í Trabant láta sér ekki nægja Innipúkann um verslunarmannahelgina þetta árið og ætla að bregða sér til Vestmannaeyja til að anda að sér frísku sjávarloftinu á Þjóðhátíð.



**Sindri Eldon**, tónlistarmaður og sonur **Bjarkar Guðmundsdóttur** virðist vera yfir sig hamingjusamur þessa dagana. Það sást til kappans á Ægisíðunni nýlega þar sem hann leiddi ansi huggulega stúlku og í framhaldinu velta margir fyrir sér hvort hin eina og sanna tengdadóttir Bjarkar sé fundin.



Humar
1.290,-kr.kg
Ótrúlegt verð á fínum humri.
Fiskbúðin Vör
– Fiskikóngurinn –
Höfðabakka 1 - sími 587 50 70
Opið laugardaga
10.00 - 14.30

# Tískusirkus á boli

Forsíðugrein tímaritsins Sirkus RVK hefur fengið gríðarlega góð viðbrögð. Í greininni er fjallað um tískuviðburðinn Iceland Fashion Week, sem haldinn var af Kolbrúnu Aðalsteinsdóttur. Í greininni er viðtal við tískudívuna Diane Pernet, sem boðið var hingað til lands, en hún starfaði lengi sem fatahönnuður og einbeitir sér nú að heimasíðunni www.ashadedviewonfashion.com. Hún var algerlega gáttuð á sýningunni og sagðist í viðtalinu í Sirkus aldrei hafa lent í öðru eins. Hönnuðurnir Harpa Einarsdóttir og Sunna Dögg Ásgeirsdóttir ætluðu að taka þátt í Iceland Fashion Week en hættu báðar við á síðustu stundu vegna ágreinings við tískusýningarhaldarann Kolbrúnu. Jón Sæmundur Auðarson ætlaði líka að vera með en hætti við af svipuðum ástæðum. Jón Sæmundur tók forsíðumyndina af Diane Pernet og fannst viðeigandi að prenta myndina á boli til að vekja athygli á málinu. Síðdegis í gær voru bolirnir komnir til sölu í Nonnabúð á Klapparstíg. ■




**FYRST MEÐ FRÉTTIRNAR** Guðríður Sturludóttir afgreiðslukona í Nonnabúð tók sig vel út í Sirkusbolnum sínum.

# SUMAR TILBOÐ!

**Allar nýjar og vinsælar geislaplötur á sumartilboði í verslunum Skífunnar**




1.999 kr.

Svona er sumarið 2005



1.999 kr.

Coldplay – x & y




1.999 kr.

Gorillaz – Demon Days




1.999 kr.

Snoop Dogg




1.999 kr.

Gargandi snilld – úr kvikmynd




1.999 kr.

KK og Maggi – Fleiri ferðalög

VÆNTANLEGAR Í NÆSTU VIKU




Pottþétt 38




The Raveonettes

S·K·Í·F·A·N

...skemmtir þér ; )

Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 • Skífan Smáralind • Skífan Kringlunni • www.skifan.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**









BAKÞANKAR
GUÐMUNDAR STEINGRÍMSSONAR

## *Klúður*

Árans klúður. Ég steingleymdi að sæka um útvarpsstjórastarfið á fimmtudaginn. Ég var búinn að skrifa þetta hjá mér og allt. Ætlaði virkilega að drita inn umsókn. Með starfsferilsskrá, prófskírteinum, myndum og allt. Ég var meira að segja búinn að taka upp sérstakt ávarp á vídeó sem ég ætlaði senda með á VHS fyrir menntamálaráðherra þar sem ég rek í nokkrum liðum hvers vegna ég er heppilegur í starfið. En svona er þetta. Ég steingleymdi þessu. Lá bara uppi í sófa í leti og lét umsóknarfrestinn renna út hægt og rólega eins og loft úr lélegum hjólbarða á úrsérgenginni Lödu sport uppí sveit að sumarlagi.

**ÞETTA** er draumadjobb. Maður fær tvo komma fimm milljarða til að kaupa inn Aðþrengdar eiginkonur og eitthvað fleira amerískt og maður þarf ekki að hafa neinar áhyggjur af því að búa til mikið af íslensku efni sem er tómt bögg auðvitað, nema kannski einn fréttaskýringaþátt á mánuði með Páli Benediktssyni, sem er lítið mál, og svo auðvitað eitthvert landsbyggðardót. Má redda því í hvelli. Bara setja míkrafóninn upp að einhverjum furðufuglum sem fólk hefur gaman að og ýta á Rec.

**OG** svo eru það fréttastofur og eitthvert menningarefni fyrir gamla fólkið, plús innslög frá Veðurstofunni með ferskum tíðindum af veðri. Fólkið þreytist aldrei á hinum æsispennandi framhaldsþáttum um níuhundruðogsjötíu millabara lægðirnar sem nálgast landið úr suðri, rigningu á stöku stað og ísjaka á Húnaflóa. Það er formúla sem virkar endalaust

**MAÐUR** hefði ekki þurft að gera baun í bala í þessu djobbi. Og það besta er að ef maður hefði nú sent inn umsókn, og hefði hreppt hnossið, þá hefði ekki skipt neinu máli þótt maður hefði klúðrað þessu hundraðfalt – hvernig sem maður hefði farið að því – vegna þess að öllu klúðri getur maður alltaf skellt á pólitíkusa, ef maður er klókur, því þeir eru með fingurinn í þessu alla daga hvort sem er. Ábyrgðin í útvarpsstjórastólnum er í rauninni samasem engin, ef maður heldur rétt á spöðunum. Þetta er bara spurning um að bíða rólegur og verða sendiherra.

**AÐ** vísu þarf að fytja eitt ávarp um áramótin, en það horfir enginn á það hvort sem er. Ég hefði reddað því með því að lesa upp einn góðan kafla úr Halldóri Laxness og allir hefðu orðið sáttir. Eða Þórbergi. Aðalatriðið er að vera nokkurn veginn edrú.

**EF** ég væri menntamálaráðherra myndi ég einfaldlega fara gömlu, góðu rómversku leiðina og skipa hestinn minn í stöðuna. Það er langhreinlegast. Ef ég ætti hest.


